

## FH OG KEFLAVÍK UNNU BÆÐI

Tryggvi Guðmundsson og Guðmundur Steinarsson voru gulls ígildi fyrir sín lið í gær.



Tæki færi  
í september

Bæklingur fylgir með  
inni í blaðinu í dag

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. september 2008 — 250. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

## Kaupping átti að taka yfir Roskilde

Viðræður stóðu yfir í um viku um yfirtöku Kaupþings og dótturfélagsins FIH í Danmörku á Roskilde Bank. Rekstrarerfiðleikar danska bankans reyndust þó miklu meiri en talið hafði verið og því tók danski seðlabankinn bankann yfir.

**VIÐSKIPTI** Eigendur og stjórnendur hins danska Roskilde bank áttu í leynilegum viðræðum við Kaupþing og FIH, dótturfélag Kaupþings í Danmörku, um yfirtöku Kaupþings á bankanum fyrir nokkrum vikum. Málið var mjög langt komið og sérfræðingar Kaupþings höfðu fundað með yfirvöldum í dönsku fjármálalífi sem voru mjög áfram um að það gengi eftir. Undir lokin kom hins vegar í ljós, að erfiðleikar Roskilde voru mun umfangsmeiri en áður var talið og dró Kaupþing sig þá út úr viðræðunum og tilkynnti seðlabanka Danmerkur það. Daginn eftir, eða 29.

ágúst síðastliðinn, tók seðlabankinn Roskilde yfir, til að forða gjaldþroti og dönsku fjármálakerfi.

Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, vildi ekkert láta hafa eftir sér um málið í gær, en samkvæmt upplýsingum Markaðarins voru samningaviðræður mjög langt komnar, þegar Kaupþing dró samningamenn sína út úr viðræðunum. Áætlun lá á borðinu um að taka bankann yfir gegn yfirtöku skulda, en efnahagsreikningur Roskilde nam riflega 500 milljörðum króna á síðasta ári og hefðu þetta því verið ein stærstu fyrir-tækjakaup í íslensku viðskiptalífi.

Stærstu lífeyrissjóðir Danmerkur komu að því tilboði ásamt Kaupþingi í félagi við fleiri þarlendrar lánastofnanir. Danske bank átti að koma að frekari fjármögnun eftir yfirtökuna.

Viðræður um yfirtökuna tóku um eina viku, en á þeim tíma var þegar farið að fjalla talsvert um rekstrarerfiðleika Roskilde bank í dönskum fjölmiðlum. Bankinn hefur farið afar illa út úr verðlækkunum á dönskum húsnæðismarkaði og var kominn með eiginfjárstöðu niður fyrir tilskilin lágmark og þurfti að afskrifa einn milljarð danskra króna á fyrri helmingi ársins. - bh



### STÖÐUG BARÁTTA

Auður Guðjónsdóttir hjúkrunarfræðingur ræðir um hræðilegt slys Hrafnhildar dóttur sinnar og tildrög þess að hún stofnaði Mænuskaðastofnun Íslands.

HELGARVIÐTAL 10



FYLGRIR Í DAG



**SKÚRAVEÐUR** Í dag verða víða suðaustan 8-13 m/s, hvassast vestan til. Skúrir sunnan- og vestanlands en bjart með köflum norðan- og austanlands. Hiti víða á bilinu 12-16 stig, hlýjast norðan til.

VEÐUR 4



**VALUR VANN TVO ÍSLANDSMEISTARATITLA Í GÆR** Valsmenn eignuðust bæði Íslandsmeistara í meistaraflokki kvenna og 4. flokki kvenna í gær. Fjórdra flokks stelpurnar fengu að vera með þegar meistaraflokkurinn fagnaði Íslandsmeistaratitlinum þriðja árið í röð og hér dást nokkrar þeirra að Íslandsbikarnum. sjá síðu 20

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Prír páfagaukar á heimilinu: Kyssir, heilsar og gerir kúnstir

**FÓLK** „Þetta er eins og að temja ljón, þessir fuglar eru með svo mikinn bitkraft og það er ekki fyrir hvorn sem er að meðhöndla þá,“ segir Halldór Hilmir Helgason sem ásamt konu sinni, Elmu Helgadóttur, á merkilegan páfagauk, Pjakk að nafni.



PIJAKKUR

Fuglinn er af Golden Macaw-tegund og dugði ekkert minna en rafsuðuvettlingur til að taka á honum. Að sögn Halldórs er Pjakkur hið besta gæludýr. „Hann kyssir, kveður, heilsar og gerir allar kúnstir,“ segir Halldór. Þau hjónin eiga auk þess tvo aðra gauka, annan af Amazon-ætt og hinn af kadúætt. - ag / sjá síðu 26

Hælisleitendur í Njarðvík:

## Tíu verða sendir úr landi

**REYKJANESBÆR** „Fyrstu vísbendingar benda til þess að allt að tíu manns hafi villt á sér heimildir og þeim verði vísað úr landi,“ segir Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður í Keflavík, um mál hælisleitendanna sem húsleit var gerð hjá í Njarðvík á fimmtudag.

Farzad Rahmanir, íranskur hælisleitandi, sat fyrir utan lögreglustöðina í Reykjanesbæ í yfir þrjátíu klukkustundir í fyrrinótt og í gær í mótmælaskyni. Hann sagðist ekki ætla að hreyfa sig fyrir en hann fengi peningana sem teknir voru af honum í húsleitinni til baka, en lögreglan keyrði hann heim í gærkvöld. Jóhann segir málið ekki lengur í sínum höndum, heldur Útlendingastofnunar. „Þessi mál eru flókin viðureignar, og stundum verður saklaust fólk fyrir óþarfa ónæði,“ segir Jóhann R. Benediktsson. - kg

Fellibylurinn Ike óð yfir Texas og Louisiana í gær og stefndi hraðbyri á Arkansas:

## Óttast mikið eignatjón í Texas


**BANDARÍKIN** „Íbúar hér í Houston eru öllu vanir þegar kemur að ofsavæðri. En margir eru niðurbrotnir af hræðslu við að mikið eignatjón hafi orðið,“ segir Guðmundur Sigbórsson, sem búsettur er í Houston í Texas. Fellibylurinn Ike reið yfir Texas og Louisiana í gær og olli miklum usla. Þrjú

dauðsföll má rekja til ofsavæðursins, auk mikils eignatjóns. Fjögur þúsund manns búa nú við rafmagnsleysi í Houston og nágrenni og telja yfirvöld að allt að tvær til þrjár vikur geti tekið að koma rafmagni á að nýju.

Nokkuð dró úr vindhraða fellibylsins á leið hans yfir Texas. Olli

hann þó töluverðu tjóni. Talið er að strandborgin Galveston hafi orðið verst úti þegar mikill sjór gekk á land, og er hún nánast öll á floti.

Ike hélt norður eftir Texas í gær og talið var að hann myndi ná til Arkansas seint í gærkvöld eða nótt. - kg / sjá síðu 4



Fréttablaðið er með 46% meiri lestur en 24 stundir og 116% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft... alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Könnun Capacent í maí-júlí 2008.

**Amerískir dagar**  
HAGKAUP  
Ein færð betra verð

**MINNA AF SYKRI MEIRA AF ÁVÖXTUM**



**SPURNING DAGSINS**



Ragnar, ertu ekkert hræddur um að það verði dæmt á þig laglína?

„Nei, en það væri laglegt.“

Ragnar Hermannsson, sjúkráðgjafi og þjálfari kvennalíðs Stjórnunar í handknattleik, hefur lokið við gerð sinnar fyrstu plötu, Kall úti bæ.

Talsvert fjallað um tengsl Íslands við gjaldþrot XL Leisure í breskum fjölmiðlum:

# KPMG átaldi fegrað bókhald



**GJALDÞROT XL LEISURE GROUP** Talsvert er fjallað um tengsl ferðaskrifstofunnar við Ísland í breskum fjölmiðlum.

**VÍÐSKIPTI** Endurskoðendur bresku ferðaskrifstofunnar XL Leisure Group sögðu af sér fyrir tveimur árum þar sem þeir töldu að stjórn félagsins hefði horft framhjá hugsanlegum bókhaldsbrotum. Þetta kom fram í vefútgáfu Lundúnablaðsins Sunday Times í gærkvöld, en talsvert hefur verið fjallað um gjaldþrot bresku ferðaskrifstofunnar síðustu daga í breskum fjölmiðlum og tengsl Íslands við hana.

KPMG lét af störfum sem endurskoðendur XL árið 2006 og gaf þá skýringu í bréfi til stjórnar félagsins, að stjórnin hefði ekki tekið nægilega alvarlega þær

greiðslur til birgja og annarra flugfélaga hafi meðal annars verið tafðar milli ársfjórðunga í því skyni að láta móðurfélagið Avion líta betur út á íslenskum hlutabréfamarkaði.

Financial Times segir að undir lok fyrri mánaðar hafi stjórnendur XL verið orðið ljóst að gjaldþrot yrði ekki umflúið. Barclays banki og Straumur hefðu fjármagnað daglegan rekstur ferðaskrifstofunnar í riflega þrjú ár, en í kjölfar þrenginga á alþjóðlegum lánamörkuðum hefði Barclays tekið að kalla eftir greiðslum gjaldfallinna lána og ekki viljað tryggja endurfjármögnun. - bih

athugasemdir sem gerðar hefðu verið við uppgjör og reikninga félagsins. Kemur þar fram að

Léleg lýsing hamlaði sýn:

# Kona fyrir bíl á gangbraut

**LÖGREGLUMÁL** Ekið var á gangandi vegfaranda til móts við bátaskýlið á Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði um hálfþuleytið í fyrrakvöld.

Að sögn varðstjóra var kona á leið yfir götuna á gangbraut þegar keyrt var á hana. Hún var færð á slyssadeild og kom í ljós að hún er fótbrutin. Léleg lýsing er á svæðinu og er talið að ökuumaðurinn hafi ekki séð konuna.

Þá missti ökuumaður stjórn á bíl sínum á Gullinbrú um fjögurleytið í fyrrinótt, með þeim afleiðingum að bíllinn lenti á ljósastaur. Þrjár voru færðar á slyssadeild og er ökuumaðurinn talinn nokkuð slasaður. - kg



**BALDUR GUÐNASON** Ágreiningur er um starfslokasamning fyrrverandi forstjóra Eimskips.

## Fyrrverandi forstjóri: Krefst 140 milljóna af Eimskip

**DÓMSMÁL** Baldur Örn Guðnason, fyrrverandi forstjóri Eimskips, hefur stefnt félaginu og krefst 140 milljóna króna vegna 22 mánaða eftirstöðva af starfslokasamningi. Þetta kom fram í fréttum ríkissjónvarpsins í gær.

Ekki náðist í Baldur í gærkvöld en í fréttum ríkissjónvarpsins kom fram að þegar hann óskaði eftir því í nóvember í fyrra að láta af störfum fullyrkti hann í bréfi til stjórnar félagsins að ágóði af rekstri félagsins hefði verið notaður til að „hylma yfir virðisrýrnun í flugrekstrinum“. Þarna vísar hann til þess að flugfélagið Avion hafði áður keypt Eimskip. Baldur hefur aðeins fengið tvo mánuði greidda af starfslokasamningnum frá því að hann hætti í febrúar á þessu ári. - gar

**HOLLUSTA**

### Góður þorramatur

Rannsókn Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga á þorramat gaf til kynna að verkun á honum væri mjög góð. Aðeins eitt sýni af 79 reyndist ekki fullnægjandi. Að því er segir í skýrslu um rannsóknina er þetta mun betri niðurstaða en í fyrri eftirlitsverkefnum á örvrum í þorramat.

# Sex ára fastur í lyftu eftir tíma í dansskóla

Dansneminn Viktor Halldórsson stóð sig eins og hetja þegar hann festist einn í lyftu í Borgartúni í um hálf tíma í gær. Framkvæmdastjóri dansskólans segir málið skýrast eftir helgi. Viktor var illa leikinn af hundi fyrir tveimur árum.

**FÓLK** „Hann stóð sig eins og hetja“, segir Anna Berglind Júlísdóttir, móðir sex ára drengs sem festist í lyftu í hálf tíma í gær.

Viktor Karl Halldórsson hefur lært samkvæmisdansa frá því hann var þrjú ára. Eins og venjulega á laugardögum ók móðir Viktors honum frá heimili fjölskyldunnar í Þorlákshöfn til að fara í tíma í dansskóla Jóns Péturs og Kóru á fjórðu hæð í Borgartúni 6 í Reykjavík. Með í för var þrjú ára systir Viktors sem einmitt í gær var að fara í sinn fyrsta dans tíma. Það var því í mörg horn að líta hjá Önnu.

„Hann fór á undan inn í lyftuna og ég var að svipast um eftir stelpunni þegar dýrnar lokuðust. Eg ýtti á hnappinn en það var of seint og lyftan fór af stað,“ segir Anna.

Þegar niður á fyrstu hæð var komið opnaðist lyftan ekki. „Hann var orðinn hræddur og sparkaði í lyftuhurðina svo hún stoppaði nokkrum sentímétrum ofar en hún átti að gera og dýrnar opnuðust ekki,“ útskýrir Anna.

Stefán Guðlaugsson, framkvæmdastjóri dansskólans, segist strax hafa hringt í neyðarsíma Héðins-Schindler sem flytji lyftuna inn. „Maður sem var á bakvakt var kominn eftir tíu eða fimmtán mínútur. Síðan liðu aðrar tíu eða fimmtán mínútur þangað til honum tókst að opna lyftuna og hleypa stráknum út,“ lýsir Stefán atburðarásinni.

Litli drengurinn var að sögn Stefáns og Önnu alveg furðu rólegur í prisundinni. „Hann snökti bara dálítið en við mamma hans gátum spjallað við hann í gegn um



**LYFTAN** Bak við þessar luktur dýr hvirðist Viktor Karl í um hálf tíma og var frelsinu feginn þegar viðgerðarmanni tókst að opna fyrir honum.

„Það sást varla í drenginn fyrir blóði.“

**ANNA BERGLIND JÚLÍSDÓTTIR** MÓÐIR VIKTORS

rifu á dyrnum. Þegar hann slapp loksins út þáði hann ekki heitt kakó sem ég veit að honum finnst gott heldur vildi ólmur komast í réttirnar eins og áður hafði verið ákveðið,“ segir Stefán sem telur hugsanlegt að högg drengsins á lyftuhurðina hafi valdið því að hún stöðvaðist. „Það er afar mikilvægt að svona hlutir séu í lagi. Ég geri ráð fyrir að þetta skýrist eftir helgi.“

Anna segir Viktor áður hafa komist í hann krappan. „Þegar hann var á fjögurra ára réðst á



**VIKTOR KARL HALLDÓRSSON**

hann hundur þegar hann var í heimsókn hjá frænku sinni í Fljótshlíðinni. Hundurinn bara trylltist í boltaleik, skellti stráknum og beit hann í eyra, höfuð og öxl. Það sást varla í drenginn fyrir blóði,“ rifjar Anna upp sem þvertækur fyrir að atviknið í gær bindi enda á dansferil Viktors litla. „Við mætum í dansskólann næsta laugardag. Og förum saman upp með lyftunni.“ gar@frettabladid.is

Óróaseggir í Breiðholti:

## Réðust á lögregluþjóna

**LÖGREGLUMÁL** Til átaka kom í Breiðholti um fjögurleytið í fyrrinótt þegar tveir menn réðust að lögreglumönnum sem hugðust handtaka öku mann vegna gruns um ölvunarakstur.

Að sögn varðstjóra lögreglunnar var bíllinn stöðvaður á mótum Suðurfells og Rjúpnafells. Þegar lögreglumenn hugðust handtaka öku manninn brugðust farþegarnir tveir í bílnum, sem voru „blindfullir“, ókvæða við og réðust á lögregluþjónana í þeim tilgangi að frelsa hinn grunaða. Talsverð atök brutust út og gripu lögreglumenn til þess ráðs að nota varnarúða á mennina.

Enginn slasaðist í átökunum en annar óróaseggjanna var handtekinn. Hann verður kærður fyrir líkamsárás. - kg

Þyrlan sótti gangnamann:

## Með opið ökklabrot á afrétt

**SLYS** Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti í gær karlmann sem slasaðist í göngum í Skagafirði.

Maðurinn var ásamt hópi gangnamanna á Staðarafrétt í námunda við Miðdal þegar slysið varð. Hann virðist hafa runnið til í skriðu með þeim afleiðingum að hann hlaut opið ökklabrot. Þjörgunarsveitarmenn fluttu lækni á vettvang sem hlúði að manninum þar til þyrlan kom á staðinn. Var maðurinn fluttur á sjúkrahús í Reykjavík þar sem gert var að sárum hans. - þo

**SLYS**

### Velti fjórhjólí í Sölvahrauni

Ungur maður velti fjórhjólí sínu í Sölvahrauni á Landmannaleið um miðjan dag í gær. Var maðurinn fluttur með sjúkrabil til Reykjavíkur með háls- og bakmeiðslí.

Kona í Reykjanesbæ hefur ekki átt sjö dagana sæla vegna innheimtumanna:

# Lenti í margra vikna umsátri vegna skulda annarrar konu

**INNHEIMTA** Kona í Reykjanesbæ hefur orðið fyrir ítrekuðu ónæði um tveggja mánaða skeið vegna bílaskulda annarrar konu. Starfsmenn vörslusviptingar hafa ítrekað hringt í hana til að rukka hana um ógreidda bílaskuld. Lesið hefur verið inn á símatalhólf hennar og stefnuvottur ætlaði að stinga stefnu inn um dyralúguna hjá henni.

„Einhverra hluta vegna var alltaf haft samband við mig, þótt ég margreyndi að leiðrétta misskilninginn,“ segir konan. Hún vill ekki láta nafns síns getið af tillitssemi við skuldarann. Þær heita báðar tveimur nöfnum, sem eru hin sömu, en ekki í sömu röð. „Í fyrstu fékk ég skilaboð frá



**REYKJANESBÆR** Konan sem fékk ítrekuð skilaboð og hringingar um að taka ætti bíl sem hún ætti býr í Reykjanesbæ.

þeim um að þeir ætluðu að gera upptækan hjá mér bíl og báðu mig að hafa samband,“ segir konan. „Ég gerði það. Þeir voru þá með rétt heimilisfang og höfðu

sett miða inn hjá viðkomandi konu. En svo hringdu þeir alltaf aftur og aftur, þótt ég segði þeim ítrekað að ég væri ekki rétta menneskjan. Það var eins og þeir tryðu mér ekki.“

Um daginn hringdi svo stefnuvottur í konuna og spurði hvort hann mætti ekki setja stefnu inn um lúguna hjá henni. Konan gat komið í veg fyrir það. Í vikunni fékk hún svo skilaboð í símatalhólf. Þá kváðust vörslusviptingarmenn vera staddir fyrir utan hjá henni og ætluðu að taka bíl. Þá var konunni nóg boðið. Hún hringdi í vörslusviptingu og hætti ekki fyrr en þeir strikuðu út símanúmer hennar sem skuldarar.

- jss

**FLUGFÉLAG ÍSLANDS** flugfelag.is

# Skráðu þig í Netklúbbinn

Félagar í Netklúbbnum fá fyrstir upplýsingar um tilboð og nýjungar í tölvupósti.

Alltaf ódýrast á netinu [www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is)



# MÖGNUM

Allt að  
**100%**  
fjármögnun í myntkörfu  
á bestu mögulegum  
kjörum.



# ALLIR NÝIR TOYOTA BÍLAR Á FRÁBÆERU TILBOÐI

## Toyota - tilboðsstemning um helgina

Það verður mögnuð tilboðsstemning á Haustiýningu Toyota.

**Tilboðshorn með ótrúlegum sértilboðum**  
**Bestu mögulegu fjármögnunarleidir í boði**

Taktu haustið með tilboði og aktu burt í nýjum Toyota.

Opið **sunnudag** kl. 13 – 16 hjá Toyota Kópavogi.

**Athugið!** Nú er á ný hægt að beygja af Reykjavíkurvegi inná Nýbýlaveg þegar ekið er frá Hafnarfirði.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi  
Nýbýlavegi 4  
Kópavogur  
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbær  
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
Selfoss  
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi  
Miðási 2  
Egilsstaðir  
Sími: 470-5070



GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	90,42 90,86
Sterlingspund	160,10 160,88
Evra	127,52 128,24
Dönsk króna	17,107 17,207
Norsk króna	15,713 15,805
Svænsk króna	13,399 13,477
Japanskt jen	0,8418 0,8468

SDR	139,32	140,16
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
168,4152		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Geir H. Haarde ræddi efnahagsástandið og ágang Rússa á fundi í Valhöll:

# Búast má við mótvindi áfram

**STJÓRN MÁL** „Stærsta verkefni okkar nú um stundir er að ná verðbólgunni niður og að því marki verðum við öll að keppa,“ sagði Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, á opnum fundi í Valhöll í gær.

Geir sagði ekki rétt að tala um kreppuástand hér á landi og benti á að nýjar tölur Hagstofunnar um hagvöxt sýndu að samdráttur í efnahagslífinu væri minni en spáð hefði verið. „Verðbólgan er aðalvandamálið hjá okkur núna og hún er sá skaðvaldur sem fjölskyldurnar í landinu finna fyrir í hverjum mánuði þegar afborganir berast og í hverri viku þegar fyllt er á bílinn

eða verslað inn fyrir heimilið,“ sagði Geir. Hann sagði mikilvægt fyrir alla að keppa að því að ná verðbólgunni niður og búast mætti við mótvindi í efnahagslífinu áfram.

Þá gerði Geir hernaðaráttök Rússa að umtalsefni. Sagði hann ljóst að enn stafaði Evrópu ógn af Rússum og þörf væri á samstarfi Evrópuþjóða um varnarmál þrátt fyrir efasemdaraddir margra. Hann sagði að íslensk stjórnvöld myndu fylgjast grannt með umsvifum Rússa á Norður-Atlantshafi á næstu misserum og gera videigandi ráðstafanir ef stigmögnun yrði á hernaðaruppbyggingu þeirra. - þo



GEIR H. HAARDE Geir sagði alþjóðlegar skilgreiningar á kreppu ekki eiga við um ástandið nú. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Of mikið nítrít í saltkjötssýnum

**HOLLUSTUMÁL** Rannsókn á salti, nítríti og nítrati í kjötvörum hefur leitt í ljós að í 30 prósentum af saltkjöti er nítrítmagni umfram leyfileg mörk.

Nítrít er efni sem verður til er nítrat, öðru nafni saltþéttur, er sett í saltþækil með kjöti. Nítröt varðveita lit, hindra þrónun og koma í veg fyrir vöxt baktería og auka þannig geymsluþol.

Í sambærilegri könnun Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga fyrir fjórum árum reyndust 60 prósent af saltkjöti með nítrít yfir mörkum.

- gar



RÆTT UM REI Ekki er minnst á REI í stjórnsýsluúttekt.

## Stjórnsýsluúttekt á OR: Undrast að REI sé hvergi getið

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjaryfirvöld á Akranesi hafa óskað eftir því að Hallur Símonarson, innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar, mæti á fund bæjarstjórnar Akraness á þriðjudag og útskýri stjórnsýsluúttekt sem gerð var á Orkuveitu Reykjavíkur.

Akranes á fimm prósent í OR og einn fulltrúi á aðalstjórn fyrirtækisins.

Akurnesingarnir voru ósáttir við þá ákvörðun meirihluta stjórnarinnar að fela endurskoðendum Reykjavíkurborgar að gera úttektina á OR. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Akurnesingum finnast einkennilegt að ekki sé vikið einu orði að málefnum REI í úttektinni. - gar

## SUÐUR-AFRÍKA

### Krefjast afsagnar Mbeki

Þrýst er á Thabo Mbeki, forseta Suður-Afríku, að segja af sér í kjölfar þess að dómari hefur vísað frá spill-ingarmáli sem höfðað var gegn Jacob Zuma, helsta keppinaut Mbeki.

## STANGVEIÐI

### Metveiði í Skógá

Í gær voru 1.140 laxar komnir á land í Skógá undir Eyjafjöllum. Aðstandendur árinna segja að það séu mörg hundruð löxum fleiri en áður hafi veiðst á einu sumri. Á votnagveidi.is er þetta sagt til marks um velgengi áa sem byggja á hafbeitarlaxi.

# Ike olli miklu tjóni í Texas

Fellibylurinn Ike reið yfir Texas og Louisiana í gær. Hann olli miklu tjóni og má rekja þrjú dauðsföll til ofsaverðursins. Fjórar milljónir búa við rafmagnsleysi. Viðvaranir gefnar út í fimm öðrum fylkjum.

**BANDARÍKIN** Fellibylurinn Ike hélt áfram leið sinni yfir Texas og Louisiana í gær og olli miklu tjóni. Þegar Fréttablaðið fór í prentun var vitað um þrjú dauðsföll sem rekja mátti til fellibylsins. Fjórar milljónir manna í borginni Houston og nágrenni búa nú við rafmagnsleysi, og telja yfirvöld að tekið gæti tvær til þrjár vikur að koma rafmagn á að nýju.

Nokkuð dró úr vindhraða Ikes á leið hans yfir Texas. Hann olli þó töluverðu eignatjóni, sérstaklega á strandlengjunni þar sem mikinn sjó gekk á land. Einnig fylgdi mikil úrkoma fellibylnum og er strandborgin Galveston, sem varð fyrir miklu mannfalli vegna fellibyls árið 1900, nánast öll á floti. Einnig varð töluvert tjón í Houston, þar sem rafslitnuðu, tré rifnuðu upp með rötum og þök fuku af húsum. CNN greindi frá því að nánast allar rúðurnar í hæstu byggingu borgarinnar, hinni 75 hæða háu JPMorgan Chase-byggingu, hefðu brotnað í fellibylnum. George W. Bush Bandaríkjaforseti lýsti yfir neyðarástandi í 29 sýslum í Texas í gær.

Samkvæmt CNN má rekja þrjú dauðsföll til fellibylsins. Tíu ára drengur lést er tré féll á hann í Houston, níttán ára maður druknaði úti fyrir Corpus Christi og eldri maður lést þegar flytja átti hann frá heimili sínu í Brazoria-sýslu.

Öll vinna stöðvaðist í þrettán olíuvinnslustöðvum í Texas og alls var skráfað fyrir fimmtung af olíuvinnslu Bandaríkjamanna vegna veðursins. Bush forseti hefur heitið því að ekki muni koma til verulegra verðhækkana á olíu í kjölfar fellibylsins.

Ike var talinn annars stigs fellibylur þegar hann skall á ströndum Texas í fyrrinótt, en var talinn



OFSAVEÐUR Nánast allar rúðurnar í hinni 75 hæða háu JPMorgan Chase-byggingu í miðborg Houston brotnuðu í öveðrinu sem fylgi fellibylnum Ike. Hér virðir björgunarsterfismaður fyrir sér eyðilegginguna. GETTY IMAGES/AFP

## ÍBÚAR HOUSTON ERU ÖLLU VANIR

„Íbúar hér í Houston eru öllu vanir þegar kemur að ofsaverði. En margir eru niðurbrotnir af hræðslu við að mikið eignatjón hafi orðið,“ segir Guðmundur Sigþórsson, sem vinnur við smásölu í Houston. Guðmundur hefur búið í borginni í tvo áratugi ásamt eiginkonu sinni, Eileen, sem er fædd og uppalin í borginni.

Heimili Guðmundar og Eileen er í norðvesturhluta borgarinnar, um hundrað kílómetrum frá strandborginni Galveston, sem er talin hafa farið verst út úr fellibylnum Ike. „Við eigum

vini og fjölskyldu sem búa í Galveston. Þegar Eileen heyrði af fellibylnum skípaði hún þeim öllum að koma til okkar og vera hér þar til verstu veðrin hefðu gengið yfir. Hérna er því fullt hús af fólki og gæludýrum eins og er. Þau verða hér í hið minnsta fram á mánudag,“ segir Guðmundur. Hann segir fellibylinn hafa gert minni usla en margir óttuðust í fyrstu. „Mörgum er því létt þrátt fyrir hörmungarnar.“ „Fyrir mér er þetta bara eins og hver annar stormur. Ég er von þessu,“ bætir Eileen við.



VATNSELGUR Mikið úrkoma var í Houston og nágrenni í gær, eins og sést á þessari mynd. GETTY IMAGES/AFP

fyrsta stigs fellibylur um miðjan dag í gær. Hann hélt norður eftir Texas í gær og talið var að hann

myndi ná til Arkansas í gærkvöldi. Gefnar hafa verið út viðvaranir um mikla úrkomu í Arkansas,

Oklahoma, Missouri, Indiana og Michigan.

kjartan@frettabladid.is

• Er raflögnin orðin gömul eða úr sér gengin?  
• Hefur þú áhyggjur af öryggi fjölskyldunnar?

## ÓKEYPIS SKOÐUN!

Við hjá Rafsól skoðum eldri raflagnir og gerum kostnaðaráætlanir á þeim úrbótum sem þurfa þykir, húseigendum að kostnaðarlausu.

**Fyrirbyggjum slys - aukum öryggi!**

Upplýsingar í síma:  
**553 5600**  
rafsol@rafsol.is

**RAFSÓL**

Skúlagata 30 • 101 Reykjavík • Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

Rafsól er löggiltur rafverktaki og starfar í Reykjavík og nágrenni

## VEÐURSPÁ

**Elisabet Margeisdóttir**  
Veðurfréttamaður

**HEIMURINN**

Kaupmannahöfn	15°
Billund	15°
Ósló	16°
Stokkhólmur	14°
Gautaborg	15°
London	18°
Paris	18°
Frankfurt	18°
Friedrichshafen	12°
Berlín	17°
Alicante	26°
Mallorca	28°
Basel	13°
Eindhoven	17°
Las Palmas	24°
New York	30°
Orlando	33°
San Francisco	23°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig er í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.

**MILT Í VEÐRI**  
Það verður væta á landinu sunnan- og vestanverðu næstu daga en þurrt að kalla og bjart fyrir norðan og austan. Milt veður víðast hvar og líklega hið finasta útvistarveður. Á miðvikudag má þó búast við vonskuveðri þegar kröpp lægð nágast landið.

**Á MORGUN**  
Viða 5-10 m/s.

**ÞRIÐJUDAGUR**  
8-13 m/s vestan til, annars hægar.



**CIVIC**


**HONDA**  
The Power of Dreams

# SIGRAÐU BILIÐ

Á MILLI VERÐS, BÚNAÐAR  
OG SNILLDARHÖNNUNAR



Tölur um eldsneytiseyðslu og CO<sub>2</sub> útblástur eru byggðar á mælingum samkvæmt EU stöðli.



Honda Civic  
1.8i, Sport,  
140 hÖ, 6 gíra  
hlaðinn búnaði

**kr. 2.799.000**



www.honda.is

Nýr Honda Civic er snilldarlausn fyrir alla sem raunverulega vilja meira fyrir minna, setja kröfur um hugvitsamlegar lausnir, framúrstefnulega hönnun, sportlega aksturseginnleika og sparneytni – fyrir ótrúlega gott verð. Honda-áreiðanleikinn og Honda-gæðin eru löngu viðurkennd og nýr Honda Civic bætir um betur og gerir alla samkeppni gamaldags. Öryggi þitt og farþeganna er samt sett ofar öllu með því öruggasta sem völ er á í staðalbúnaði.

**Komdu og upplifðu nýja sigra í samspili verðs og búnaðar – reynsluaktu nýjum Honda Civic.**



Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100



## KJÖRKASSINN



Á að auka eftirlit með hælisleitendum á Íslandi?

Já 90,6%  
Nei 9,4%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Gætir þú hugsað þér að starfa sem lögregluáður?

Segðu þína skoðun á Vísir.is.

Vísir


## Líknarfélagið Risið hættir rekstri heimilis fyrir vímuefnasjúklinga á Snorrabraut: Borgin yfirtekur áfangaheimilið Risið

**FÉLAGSMÁL** Reykjavíkurborg yfirtekur rekstur áfangaheimilis Líknarfélagssins Rissins á Snorrabraut.

Risið hefur um árabil að hluta verið rekið með styrk frá Reykjavíkurborg. Velferðarsvið borgarinnar mun nú hins vegar taka að sér reksturinn og ráða sérstakan umsjónarmann auk þess sem veitt verður önnur fagleg þjónusta með öðru sniði en nú er. Í Risinu dveljast þeir sem berjast við áfengis- og vímuefnasýki og eru að aflagast samfélaginu. Þar er aðstoða til að vista nítján manns í einu en plássunum verður fækkað niður í þrettán með breytingum á húsnæðinu.

Að því er fram kom á fundi velferðarráðs, þar sem yfirtaka rekstursins var samþykkt, nema greiðslur borgarinnar til Rissins á ársgrunni tæpum 8,2 milljónum króna á þessu ári. Rekstrarkostnaðurinn er hins vegar áætlaður nærri 11,2 milljónir á ári eftir yfirtökuna. Sjálfir munu vistmenn greiða 43.795 krónur á mánuði fyrir húsaleigu, morgunmat og kvöldmat.

„Skilyrði fyrir búsetu á áfanga- staðnum er að hafa hætt áfengis- og vímuefnaneyslu,“ segir um skilmála heimilisins í tillögnum sem velferðarsvið hefur samþykkt.



RISIÐ Líknarfélagið Risið rak áður áfangaheimili í Stakkholti en hefur verið á Snorrabraut frá 1999.

Eldur á höfuðborgarsvæðinu:

## Eldur kom upp í tveim húsum

**SLÖKKVILIÐ** Slökkvilið var kallað út á tvo staði á höfuðborgarsvæðinu í fyrrinótt.

Eldur kom upp í forstofu íbúðar á neðri hæð húss við Garðaveg í Hafnarfirði um klukkan fjögur. Slökkvilið sendi þrjú bíla á staðinn. Tveir íbúar voru í húsinu, og gekk slökkvistarf vel. Reykskemmdir urðu talsverðar en engum varð meint af.

Þá kviknaði í potti á eldavélarhelli í húsi við Giljaland í Fossvogi um miðnætti. Tvær konur voru fluttar á slysadeild með vott af reykeiðun, og voru reykskemmdir miklar.



VAXMYND EFTIR VIÐGERÐ Adolf Hitler hefur aftur verið komið fyrir í eftirlíkingu af neðanjarðarbygginu þar sem hann svipti sig lífi.

Vaxmynd send í viðgerð:

## Hitler kominn til Berlínar á ný

**BERLÍN, AP** Umdeild vaxmynd af Adolf Hitler er nú aftur komin á vaxmyndasafn Madame Tussaud í Berlín.

Safnið í Berlín var opnað í sumar og vakti vaxmyndin af foringjanum vakt sterk viðbrögð. Svo sterk reyndar að einn safngestanna tók sig til og og hjó höfuðið af styttnu.

Vaxmyndin var send í viðgerð sem tók nokkrar vikur. Nú hefur henni verið skilað heilli aftur í safnið. Vaxmyndinni er stillt upp í eftirlíkingu af byrgi Hitlers þar sem hann svipti sig lífi árið 1945. Hefur öryggisgæslan verið hert og geta gestir safnsins ekki lengur gengið inn í byrgið.

Höfuð foringjans ætti því að vera öruggt í bili.

## Útlendingum fjölgar í fangageymslum

Útlendingar eru einn af hverjum fjórum mönnum sem gista fangaklefa lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Flestir eru þeir inni vegna þjófnaðar og margir vegna ölvunar við akstur. Íslendingar eru oftast vistaðir vegna ölvunar.

**LÖGREGLUMÁL** Stöðugt fleiri útlendingar gista fangageymslur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Erlendir ríkisborgarar voru innan við einn af hverjum tíu sem komu við í fangageymslum í ársbyrjun 2007 en í júlí í sumar var einn af hverjum fjórum af þeim sem voru vistaðir í fangageymslum með erlent ríkisfang.

Þegar tölur yfir þá sem eru handteknir og látnir gista í fangageymslum eru skoðaðar kemur í ljós að útlendingum hefur fjölgað verulega sem hlutfall af heildarfjölda þeirra sem gista fangageymslur. Í ársbyrjun í fyrra var hlutfallið lítið, eða aðeins 6,2 prósent, en fór alveg upp í tæp 20 prósent í fyrrahaust.

Á þessu ári hefur hlutfallið verið lægst rúm 13 prósent og farið nokkrum sinnum vel yfir 20 prósent. Í sumar náði það hæstu hæðum, eða 25 prósentum, og í ágúst var það 23 prósent.

Árni Þór Sigmundsson aðstoðaryfirlöggregluþjónn segist ekki vita hvers vegna útlendingum hefur fjölgað hlutfallslega í fangageymslum lögreglunnar. Hann kann litlar skýringar á því hverjir gisti fangageymslur. Útlendingum hafi fjölgað í landinu síðustu ár og sú þróun geti endurspeglast í fangaklefum. Ekki megi gleyma því að sami maður geti komið oft við sögu og það geti skekk samamburðinn. Þá hafi útlendingum fjölgað á Íslandi og þá liggi í hlutarins eðli að þeir verði hærra hlutfall af þeim sem gista í fangaklefum.



ÚTLENDINGUM FJÖLGAR VERULEGA Útlendingum sem gista fangageymslur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað verulega frá því í ársbyrjun 2007.

Rannveig Þórisdóttir, félagsfræðingur hjá lögreglunni, segir að ofurölvun sé oft ástæða fyrir veru fólks í fangageymslu. Ef viðkomandi sé áfengisdauður eða geti af öðrum ástæðum ekki tjáð sig og hafi ekki skilríki þá verði hann að gista fangageymslu frekar en að vera sendur heim. Rannveig segir að þjófnuðum hafi fjölgað í sumar og þjófnáðarmál hafi verið ein helsta ástæðan fyrir veru útlendinga í fangaklefa það sem af er þessu ári. Útlendingar séu líka í

fangaklefum vegna ölvunar við akstur og ölvunar á almannafæri í þessari röð en Íslendingar séu í fangaklefum vegna ölvunar við akstur, á almannafæri og þjófnáðar. Íslendingar óski líka miklu frekar eftir því að fá að gista í fangaklefa en útlendingar.

„Maður verður alltaf að passa sig á því með erlendu ríkisborgarana að þetta eru lágar tölur. Það þarf ekki nema einn hóp til að skekkja myndina,“ segir hún.

ghs@frettabladid.is

Framboð í Öryggisráð SP:

## Undirbúningur gengur vel

**STJÓRNMÁL** „Við erum bjartsýn, en jarðbundin,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra um

framboð Íslands til setu í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna sem fram fer í október. Ísland, Austurríki og Tyrkland keppast um tvö sæti í ráðinu.

„Þetta er lokaspertturinn núna og við drögum ekkert af okkur. En við áttum okkur á því að þetta getur farið á hvern veginn sem er.“

Ingibjörg Sólrún segir að ekki hafi dregið úr stuðningi við framboð Íslendinga, nema síður sé.



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR



VEITVANGUR SLYSSINS Slökkviliðsmenn og björgunarlið unnu að björgun við erfiðar aðstæður.

Járnbrautarlestir skulu saman:

## Átján létu lífið

**LOS ANGELES, AP** Að minnsta kosti 18 manns létust og 135 slösuðust þegar tvær lestir skulu saman í Los Angeles á föstudagskvöld.

Björgunarsveitir unnu að því í allan gærðag að bjarga fólki úr lestunum og ólíklegt þykir að einhver finnist á lífi úr þessu.

Verið er að rannsaka tildrög slyssins en lestirnar tvær, farþegalest annars vegar og flutningalest hins vegar, voru einhverra hluta vegna á sama spori. Slysið er mannskæðasta lestarslys í Bandaríkjunum í fimmtán ár.

Sprengjuárás í Nýju-Delí:

## Að minnsta kosti 18 látnir

**INDLAND** Að minnsta kosti 18 létust og 80 slösuðust þegar fimm sprengjur sprangu í Nýju-Delí í gær. Sprengjurnar sprangu með stuttu millibili á fjölmennum götumörkuðum í borginni.

Að því er fram kemur á fréttavef BBC fundust tvær sprengjur til viðbótar sem sérfræðingar aftengdu.

Sprengjuárásir hafa verið tíðar á Indlandi undanfarið og eru herskáir islamistar taldir standa á bak við þær. Meira en 400 manns hafa látið lífi sínu í sprengjuárás- um í indverskum borgum síðan í október 2005.

Faðir tveggja myrtra barna í Svíþjóð biðlar til stjórnenda skráarskiptavefsíðu:

## Neita að fjarlægja myndir af myrtum börnum af netinu

**SVÍÞJÓÐ** Skráarskiptavefsíðan Pirate Bay liggur nú undir miklu ámaeli í Svíþjóð fyrir að neita að fjarlægja ljósmyndir af tveimur myrtum börnum af vefnum. Faðir barnanna hefur eindregið biðlað til stjórnenda síðunnar að fjarlægja myndirnar, en þeir segjast ekki vera í aðstöðu til að dæma um hvað sé æskilegt að birtist á veraldarvefnum og hvað ekki. Forsaga málsins er sú að í mars voru tvö börn, tveggja og fjögurra ára, barin til dauða með hamri í smábænum Arboga í Svíþjóð, vestur af Stokkhólmi. Móðir barnanna hlaut einnig alvarlega áverka í árasinni. Foreldrar barnanna höfðu slitið samvistir, en fyrrverandi unnusta föðurins var handtekin í Þýskalandi skömmu síðar, grunuð um verknaðinn. Réttarhöld yfir henni standa nú yfir.

Gögnum úr rannsókni lögreglu, þar á meðal tédum ljósmyndum sem teknar voru af börnunum myrtum, var leikið á netið og birtust á skráarskiptavefnum Pirate Bay. Faðir barnanna, Niklas Jangestig, segist í samtali við dagblaðið Tidningarnas Telegrambyrá hafa beðið stjórnendur síðunnar um að fjarlægja



SORG Morðið á börnunum tveimur vakti mikinn óhug í Svíþjóð og víðar. Hér sjást nágrannar kveikja á kertum til minningar um látnu börnin.

NORDICPHOTOS/AFP

Ljósmyndirnar, en fengið til baka í tölvupósti svarið:

„Þetta er bölváð tuð. Nei, nei og aftur nei!“

„Það er hvorki í okkar verkahring að dæma um hvað sé siðlaust og hvað ekki, né heldur hvað aðrir vilja setja á netið,“ sagði Peter Sunde, talsmaður Pirate Bay, í samtali við sjónvarpsstöðina TV4 í Svíþjóð.

- kg





PIPAR • SJA • B1676

# Takk fyrir komuna!

Við þökkum þeim fjölmörgu sem lögðu leið sína í stöðvar Landsvirkjunar í sumar, kynntu sér raforkuframleiðslu og sáu skemmtilegar sýningar í Blöndustöð, Búrfellsstöð, Kröflustöð, Laxárstöð, Ljósafossstöð við Sog og Gestastofu Fljótaldalsstöðvar í Végarði.

Hlökkum til að sjá þig aftur næsta sumar.

Nánari upplýsingar á [www.landsvirkjun.is](http://www.landsvirkjun.is) og í síma 515 9000.



**Landsvirkjun**  
Handhafi Íslensku gæðaverðlaunanna 2007



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kosningabaráttan vestra:

## Vogun McCains

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Vogun vinnur, vogun tapar. Hið óvænta val John McCain, forsetaframbjóðanda repúblikana, á Söruh Palin sem varaforsætæfni virðist af gengi þeirra í skoðanakönnunum vestra undanfarna viku að dæma vera vogun sem borgaði sig. En það eru enn sjö vikur til kjördags og margt getur gerzt á minni tíma í stjórnmálum.

Vegna hinnar takmörkuðu stjórnmálareynslu Palin – hún hefur verið ríkisstjóri Alaska í tvö ár og fékk fyrst vegabréf í fyrri – hafa stjórnendur kosningabaráttu repúblikana slegið skjaldborg um hana gagnvart fjölmiðlum. Í fyrsta viðtalinu frá því hún hlaut útnefningu, sem birt var á ABC-sjónvarpsstöðinni á fimmtudagskvöld, kom berlega í ljós að þessi tregða til að hleypa fjölmiðlum að varaforsætæfninu er ekki ástæðulaus. Þótt hún hafi vafalaust fengið eins góða skyndiskólun í utanríkis- og öryggismálum og hægt var dagana fyrir viðtalið reyndist hún ekki skilja eina spurninguna. Sú snerist um „Bush-kennunguna“, en með henni er átt við að Bandaríkin áskilji sér rétt til að beita valdi sínu til að „útbreidda lýðræði“ og til að gera „fyrirbyggjandi árás“ á lönd sem Bandaríkin telja sér eða heimsbyggðinni standa ógn af.

Í viðtalinu var hún reyndar líka spurð hvort hún hefði hitt erlendan þjóðhöfðingja. Kvaðst hún engan hafa hitt. Hið rétta er þó að hún hitti Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, á ráðstefnu í Alaska síðastliðið haust. Ætli hún hafi hugsað með sér að það myndi aðeins veita illkvittnum brandarakörlum færi á ódyru gríni á sinn kostnað ef hún hefði nefnt að eini erlendi tignarmaðurinn sem hún hefði gerzt svo fræg að hitta væri frá litla Íslandi?

Palin getur þó ekki kvartað yfir þeirri fjölmiðlaathygli sem hún hefur notið síðustu daga, svo sem þegar sýnt var frá því þar sem hún kvaddi son sinn er herdeild hans hélt af stað til Íraks. Hin 44 ára Palin hefur tvímælalaust hleypt nýjum krafti í kosningabaráttu hins 72 ára McCains, og demókratar hafa reynt eiga erfitt með að bregðast við „Palin-áhrifunum“ með skilvirkum hætti.

Barack Obama hafði ekki alveg heppnina með sér þegar hann reyndi enn á ný að tengja mótframbjóðanda sinn við hinn óvinsæla fráfarandi forseta með því að segja að McCain „segi að hann vilji innleiða breytingar í Washington, en hann er í raun alveg eins og George W. Bush. Þú getur sett varalit á grís, en hann verður samt áfram grís“. Sérstaklega fjölmiðlar hliðhollir repúblikönunum gerðu sér mat úr því að Obama skyldi grípa til þessarar líkingar (sem reyndar er algengt að stjórnmálamenn vestra geri, John McCain þar með talinn) og sögðu Obama hafa með þessum varalits-ummælum reynt að gera lítið úr Söruh Palin. Orð hennar í flokksþingsræðu sinni um að munurinn á „hokki-mömmu“ og pitbull-hundi væri varalitur urðu fleyg. Varalitur varð þannig aðalræðuefni liðinnar viku í kosningabaráttunni.

Ráðgjafar Obamas þurfa hins vegar varla að hafa miklar áhyggjur af langtímaáhrifum svona málefna nauðrar umræðu. Miklar líkur eru á því að ljómenn sem fylgt hefur Palin frá því henni skaut svo óvænt upp á stjórnuhimin stjórnmálanna vestra muni fljótt dvína þegar líður á kosningabaráttuna og hún þarf að sanna sig í þeim harða slag. Í síðasta lagi þegar Palin mætir reynslujaxlinum Joe Biden, varaforsætæfni demókrata, í sjónvarpskappræðum 2. október næstkomandi mun reyna fyrir alvöru á hve mikla áhættu McCain tók með varaforsætæfnisvali sínu.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

FRÉTTASTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is  
ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðvörðunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

## VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR



**Skeljungur**

– með þér alla leið



FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Halldósson trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is  
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrú ritstjóra pbb@frettabladid.is VÍÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson bih@markadurinn.is og Óli Kr. Ármannsson olikr@markadurinn.is HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson amb@frettabladid.is og Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is  
ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlýgsdóttir emilia@frettabladid.is og Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is ÍPÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson henry@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Holl er hugarró

Það er gaman að heyra af stjórnmálamönnum segja frá áhugamálum sínum, sérstaklega ef þau eru heilsusamleg, framandi og áhugaverð. Björn Bjarnason segir frá qi gong-ástundun sinni á vefsíðu sinni. Qi gong byggist á ævafornum lífsorkuæfingum sem efla hugaraf, hjálpa mönnum við einbeitingu og auka andlegt úthald. Þar segir hann



frá manni sem hefur endurheimt heilsu sína með ástundun qi gong og getur sá að sögn Björns verið klukkustund í svokallaðri trjástöðu sem er grunnstaða qi gong. Það er meira en Björn segist hafa gert en þó segist hann þess viss „að kyrrstaða með agaðri, djúpri öndun getur haft ótrúleg áhrif“.

#### Var ekki Geir

Vegna gagnrýni sem forsætisráðherra hefur þurft að þola vegna aðgerðaleyfis í efnahagsmálum er rétt að taka það fram að sá er Björn segir frá er ekki Geir H. Haarde.



#### Teknókrati, ekki leiðtogi

Geir talaði þó um efnahagsástandið í gær á opnum fundi í Valhöll. Af þeim fregnum sem heyrst hafa af þeim fundi virðist ekkert bóla á leiðtoga sem herðir upp huga fólks og fær það til að fyllast trú og vilja á það geti staðið þá áskorun sem staðið er frammi fyrir. Í stað leiðtoga fengu fundarmenn framan í sig teknókrata og bolleaggingar hans um hvort hægt væri að skilgreina verkefnið sem kreppe eður ei.

lse@frettabladid.is

## Getur lítil þjóð velt þungu hlassi?



Eftir Höllu Tómasdóttur

Umræða um Evrópusambandsaðild, kosti hennar og galla fer hátt þessi misserin. Nokkuð breið samstaða virðist vera á meðal aðila atvinnulífsins um nauðsyn aðildarumræðna. Þessi samstaða byggist fyrst og fremst á þeirri staðreynd að atvinnurekendur og launþegar standa ráðþrota gagnvart sínum rekstri með óstöðuga og veika mynt og vaxtakjör sem enginn löglegur rekstur þolir til lengdar. Fyrirtæki og einstaklingar vilja sjá framtíðarlausn í efnahagsmálum og horfa með hýru auga til upptöku evru. Ekki eru allir sammála um hvort aðild að ESB sé nauðsynleg ef taka á upp evru á Íslandi, en telja má líklegt að svo sé. Andstæðingar Evrópusambandsaðildar benda evrusinum á fjölda ókosta sem fylgja aðild s.s. lítilmegni smárrar þjóðar, skrifræðið og hversu mikið við gætum þurft að gefa frá okkur, svo sem yfirráðum yfir fiskimiðum og peningamálastjórn.

Ég fagna umræðu um kosti og galla aðildar, en furða mig á stundum á því hversu sjálfhverf og neikvæð umræðan hefur tilhneigingu til að vera.

#### Víðara sjónarhorn

Aðildarumræðan sýnist mér snúast annars vegar um hvað Ísland gæti þurft að gefa frá sér (eða leggja fram) vegna

aðildar og hins vegar um hvað Ísland gæti fengið (eða grætt) með aðild. Þetta er í sjálfum sér fullkomlega eðlileg nálgun en óeitanlega nokkuð sjálfhverf. Á meðan við státum okkur á tyllidögum af því að vera ein ríkasta og framsæknasta þjóð í heimi þá virðumst við hvunn-dags telja að ábyrgðir okkar og skyldur takmarkist við að skapa okkur sjálfum gott lífsviður-væri. Spyrja má hvort ekki sé kominn tími til þess að við nálgumst Evrópuumræðuna frá víðara sjónarhorni og veltum því fyrir okkur hvaða stöðu við viljum taka í alþjóðlegu samhengi og framvindu heimsins. Færa má fyrir því sannfærandi rök að sterk Evrópa sé forsenda þess að friður og jafnvægi verði ofaná í breytti heimsmýnd þar sem vægi Ameríku fer minnkandi og vægi Asíu vaxandi.

#### Að kasta inn handklæðinu

Ég get ekki annað en lýst undrun minni á því að margir virðast einfaldlega



gefa sér að aðildarumræður muni leiða til þess að við þurfum að gefa frá okkur allt sem máli skiptir, svo sem fiskimiðin og aðra þjóðarhagsmuni. Þetta finnst mér líkast því að leggja af stað inn á völlinn vitandi það að leikurinn sé tapaður. Slíkt viðhorf skilar líklega samsvarandi árangri eins og fyrirliði handboltalandsliðsins reyndi að útskýra fyrir þjóðinni nýlega. Mér er ómögulegt að skilja hvers vegna við látum ekki reyna á aðildarumræður með það að markmiði að ná því fram sem skiptir okkur sköpum. Í mínum huga er ljóst að samningsstaðan okkar fer ekki batnandi þegar fram líða stundir og því til nokkurs að vinna að ganga til viðræðna á meðan enn er „eftirspurn“ eftir okkur sem aðila að sambandinu.

#### Agí og ábyrgð

Vissulega myndi aðild að sambandinu og upptaka evru krefjast mikils aga af okkur. Það er agí sem við þurfum greinilega á að halda, því annars virðumst við ætla að haga okkur líkt og alkin og fá okkur hvern „áfréttarann“ á fætur öðrum frekar en að takast á við undirliggjandi vandamál. Aðild að ESB myndi líka krefjast þess að við öxlum ábyrgð í alþjóðlegu samhengi og deilum af auð okkar, mannlegum sem veraldlegum. En hver verður auður okkar ef við höldum áfram að upplifa hér efnahagsveiflur og óstöðugt gengi? Munu fyrirtækin halda starfsemi sinni hér? Munu erlend fyrirtæki og fjárfestar horfa í okkar átt? Munu ferðamenn kjósa að koma hingað í auknum mæli? Munu einstaklingar kjósa að búa hér, snúa aftur hingað að loknu námi, starfa hér?

Ég veit ekki svörin við þessum spurningum, en ég tel tímabært og nauðsynlegt að stíga upp úr skotgröfunum, spyrja spurninga og leita lausna.

Höfundur er starfandi stjórnarfor-maður Auðar Capital og situr í framkvæmdastjórn Viðskiptaráðs Íslands.

„...fyrst á visir.is“



**visir.is**


...ég sá það á visir.is





# Síðast en ekki síst

Hagstætt lóðaverð – Fjölskylduvænt umhverfi – Stutt í þjónustu og verslun



Hafnarfjarðarbær auglýsir lausar til umsóknar síðustu lóðirnar á einum fallegasta stað Höfuðborgarsvæðisins.

## Um svæðið og úthlutunina

Lýsing svæðis	<p>Vellir 7 eru um 30ha að stærð og liggur upp að hlíðinni sunnan og vestan í Ásfjalli. Svæðið er í hlíð sem hallar mót suðri og liggur í skjóli fyrir norðan- og austanáttum. Einbýlishús verða staðsett efst í hlíðinni, þar fyrir neðan verða par- og raðhús og fjölbýlishús verða staðsett næst Ásvallabrautinni sem er aðkoman í hverfið. Í hverfinu verður 4-6 deilda leikskóli og hjúkrunarheimili.</p> <p>Á Völlum er nú risin 3200 manna byggð og er reiknað með að íbúafjöldi verði um 12.000 þegar svæðið verður fullbyggt. Á svæðinu er m. a. leik- og grunnskóli (Hraunvallaskóli) og glæsileg íþróttastaða að Ásvöllum í Íþróttamiðstöð Hauka og í nýopnaðri sundmiðstöð, Ásvallalaug.</p>
Úthlutun	Lóðunum verður eingöngu úthlutað til einstaklinga. Við úthlutun er haft til hliðsjónar hvort umsækjandi hafi áður sótt um lóð í bæjarfélaginu og ekki fengið (skv. 9. gr. úthlutunarreglna Hafnarfjarðarbæjar).
Lóðalán	<b>Lóðaverð er afar hagstætt. Hafnarfjarðarbær veitir einstaklingum, sem þess óska, verðtryggt lán til átta ára fyrir 85% af lóðarverðinu. Nánari upplýsingar um lánakjör eru á <a href="http://www.hafnarfjordur.is">www.hafnarfjordur.is</a>.</b>
Umsóknir og fylgigögn	<p>Skipulagsgögn og byggingaskilmálar, ásamt umsóknareyðublöðum og úthlutunarreglum, fást afhent í Þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, og á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar, <a href="http://www.hafnarfjordur.is">www.hafnarfjordur.is</a>.</p> <p><b>ATH! Í umsókn skal tekið fram hvaða lóð er sótt um. Eldri umsóknir þarf að endurnýja.</b></p> <p>Umsóknum einstaklinga þarf að fylgja staðfesting banka eða lánastofnunar á greiðsluhæfni umsækjenda af 35 milljónum króna. Hver umsókn kostar 1000 kr. sem greiðast þegar umsókn er skilað. Ef greitt er í heimabanka þarf kvittun að fylgja með gögnum.</p>



Örstutt í ósnortna náttúru og útivistarsvæði  
Öflugt skólasamfélag  
Frábær aðstaða til íþróttaiðkunar  
Staðsett mót suðri – skjól fyrir norðanátt

Umsóknum skal skilað í síðasta lagi 6. október 2008  
í Þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar,  
Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði

**Kynntu þér Velli 7 á  
[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is).**



# Tákn fyrir móðurást

**Auður Guðjónsdóttir** hjúkrunarfræðingur er móðir mænuskaddaðrar konu og hefur beitt sér um árabíl fyrir því að framfarir verði á sviði mænuskadarannsóknna. **Anna Margrét Björnsson** hitti mæðgurnar Auði og Hrafnhildi og fékk að heyra um baráttu þeirra og tildrög þess að stofnunin varð til.

**Þ**ann 19. september verður landssöfnun til styrktar Mænuskada- stofnunar Íslands en hún var stofnuð í desember á síðasta ári. Auður Guðjónsdóttir hjúkrunarfræðingur hafði frumkvæðið að stofnuninni en dóttir hennar Hrafnhildur lenti í mjög alvarlegu bílslysi fyrir níttján árum og hlaut mænuskaða. „Hrafnhildur, sem er í miðri af þremur systur, var nýorðin sextán ára gömul og var á leið til vinnu ásamt Hörpu vinkonu sinni. Þær lentu í harkalegum árekstri við strætisvagn með þeim afleiðingum að vinkona hennar dó en Hrafnhildur slasaðist svo alvarlega að henni var ekki hugað líf. Hún fékk fjölvæðing og hlaut meðal annars mænuskaða og var haldið sofandi í öndunarvél í sex vikur. Þegar hún vaknaði aftur var hún lömuð, mállaus og heyrnarlaus. Þetta var hræðilega erfiður tími og það liðu tvö ár þangað til að við áttuðum okkur á því að þetta var ekki bara vondur draumur. Það var dálítið eins og klukkan hefði stöðvast þegar þetta gerðist.“

Auður sat yfir dóttur sinni nótt sem dag og talaði í hana lífið eins og hún kemst að orði. „Smátt og smátt náði Hrafnhildur betri heilsu, en þegar það gerðist þá vildi hún ekki lifa við ástand sitt. Hún vildi bara deyja. Það var svo margt annað sem var að henni líka, ekki bara mænuskaðinn, til dæmis var hún heyrnarlaus og mállaus í marga mánuði og enn í dag getur hún hvorki heyrt né talað eins og hún gerði áður. Ég bara gat ekki horft upp á barnið mitt svona yfiringilega vansælt eftir þennan mikla hetjuskap sem hún hafði sýnt og allt sem hún hafði gengið í gegnum. Hún var ekki sátt við ástand sitt þannig að ég lofaði henni að ég myndi leita að endamörkum veraldar að hjálp handa henni. Einhver hlaut að vera þarna úti einhvers staðar sem gat gert eitthvað fyrir hana. Ég lagðist út í miklar bréfaskriftir, því þetta var fyrir tíma tölvu- póstanna, og skrifaði læknum um allan heim.“

Einn dag fékk ég bréf frá Las Vegas frá mænuserfræðingi sem átti von á kínverskum sérfræðingi á ráðstefnu þar í borg og bauð mér að koma og hitta hann. Þá fóru hjólin að snúast og Hrafnhildur fór til Kína í skoðun þar sem Dr. Zhang mat ástand hennar og það var ákveðið að hann kæmi til Íslands og skæri Hrafnhildi. Hann kom hingað tvisvar fyrir tilstilli Vigdísar Finnbogadóttur, sem fékk leyfi frá kínverska forsetanum til þess, og skar hana upp. „Viss árangur varð eftir aðgerðina því Hrafnhildur fékk aðeins meiri kraft í fæturna og getur í dag gengið með göngugrind með spelkur fyrir neðan hné. Auður segir að fæstir geri sér grein fyrir öllum öðrum fylgikvillum mænuskaða. „Fólk sér bara annað fólk í hjóla- stól og hugsar um að það geti ekki gengið. En mænuskaði er þannig að það fer allt úr sambandi í lík- amanum fyrir neðan skaðann. Blaðran, ristill, innflyi, kynfæri og stundum missir fólk jafnvel hæfileikann til að anda sjálft með lungnum. Öll tilfinning og skyn hverfur. Ef fólk meidir sig finnur það ekki fyrir því. Hrafnhildur hefur til dæmis brotnað fjórum snum vegna þess að hún er með svo mikla beinþynningu sem einnig fylgir mænuskaða. Hún fær geysilegar þvagfærasykingar sem fólk fær líka í kjölfarið, og þarf að vera á sýklalyfjum endalaust. Einnig fær fólk legusár, og til dæmis hefur Hrafnhildur brunnið í bílnum sínum þegar hitakerfið í sætinu bilaði. Hún fann ekki neitt og brunasárið kostaði margra tíma aðgerð og margra vikna magalegu. Svo er það félagslega skerðing. Hrafnhildur hugsar um sig



AUÐUR GUÐJÓNSDÓTTIR ÁSAMT HRAFNHILDI DÓTTUR SINNI Á HEIMILI ÞEIRRA Á SELTJARNARNESI. „Ég sem móðir get ekki sætt mig við skeytingarleysi og mun aldrei gera það.“



Ég bara gat ekki horft upp á barnið mitt svona yfiringilega vansælt eftir þennan mikla hetjuskap sem hún hafði sýnt. Hún var ekki sátt við ástand sitt svo að ég lofaði henni að ég myndi leita að endamörkum veraldar að hjálp fyrir hana.

## → STADREYNDIR UM MÆNUSKAÐA

Um 44-47 prósent mænuskaða eru afleiðingar umferðarslysa.

■ Mænuskaði hlýst einnig vegna íþróttar, styrjalda, glæpa, sjúk- dóma og vinnuslysa.

■ Ungir karlmenn eru um 80 prósent þeirra sem hljóta mænuskaða vegna slysa.

■ Meðalaldur þeirra sem skaddast á mænu vegna slysa er um 20 ár.

sjálf en býr herna heima hjá mér. En alltaf þegar hún ætlar að flytja burt þá kemur eitthvað upp á, beinbrot eða annað. Stundum hef ég á tilfinningunni að hún eigi ekki að fara frá mér.“

Hrafnhildur hefur lokið stúdent- sprofi en Auður segir líf hennar einkennast af endalausri baráttu við sár, sýkingar og veikindi. Aðspurð hvort Auður sjái það fyrir sér að Hrafnhildur muni einhvern tímann ná frekari bata hristir hún höfuðið. „Nei. Ég sé það ekki gerast. En vonin deyr aldrei.“

### Breyta þarf meðferð við mænuskaða

„Þegar ég var að leita að hjálp fyrir Hrafnhildi lærði ég það að það væri til afskaplega mikil þekking í veröldinni sem var van- nýtt.“ segir Auður en hún mætti almennu skeytingar- og skipu- lagsleysi á þessu sviði. „Ég end- aði með því að hafa samband við forstjóra Alþjóðaheilbrigðis- stofnunarinnar, Gro Harlem Brundtland, í gegnum íslenska utanríkisráðuneytið og fór þess á leit að ég mætti fá leyfi til að safna saman upplýsingum um hvað væri að gerast á mænuskaðasviði undir þeirra merkjum. Eftir því sem ég kynntist betur alþjóðlegu mænuskaðasviði fann ég að þröngsýni og peningaskortur hindraði framfarir á sviðinu. Myndin Hvert örstutt spor sem fjallar um afleiðingar mænuskaða hefur einnig verið sýnd um allan heim og hefur verið sýnd á fjölmörgum tungumálum.“ Í desember á síðasta ári stofnaði

Auður Mænuskadastofnun Íslands en markmið hennar er að gera Ísland að leiðandi aflu í mænuskadarannsóknnum.

„Ég hef kynnt hugsjón mína fyrir utanríkisráðherra, heilbrigðis- ráðherra og forseta og þeir hafa verið mjög jákvæðir fyrir því tala máli mænuskadans á alþjóðavett- vangi.“ Auður segir að henni finnist mænuskaða oft ekki veitt nægileg athygli. „Það eru ekki jafnmargir sem fá mænuskaða eins og fólk sem fær krabbamein eða eyðni. Þegar ég var að ganga mín fyrstu skref á Landspítalan- um fyrir fjörutíu árum voru krabbameinslækningar að hefj- ast og það voru mjög skiptar skoð- anir um það hvort það ætti að dæla þessu eitri í fólk. Það var alveg hræðilegt að horfa upp á sjúklinga kasta upp endalaust í svitabaði og þá dóu allir. En það var ekki gefist upp. Það voru nokkrar ástæður fyrir því, bæði til þess að færri myndu deyja og líka vegna þess að lyfjafyrirtæk- in myndu hagnast á því. Í dag læknum við yfir 50 prósent af öllu krabbameini. En það er enginn hvati fyrir mænuskaðann, þrátt fyrir að hann sé einn alvarlegasti skaði sem einstaklingur getur hlotið. Það er mikill hluti ungs fólks sem lendir í þessu, oftast í umferðarslysum.“

Auður segir að viðhorfið þegar fólk lamast oftast vera það að það eigi að sætta sig við ástandið og að ekkert sé hægt að gera fyrir það. „Þegar ég var að vinna sem gangastúlka á sjúkrahúsinu í Keflavík sextán ára gömul var þar lamaður maður, Ágúst að

## Markmið Mænuskadastofnunar

- Vekja athygli á mænuskaða á alþjóðavettvangi.
  - Veita styrki til lækna, vísindamanna og annarra sem vinna að framförum á sviðinu.
  - Veita viðurkenningar fyrir fram- sýni og framúrskarandi störf.
  - Vinna að því að mótuð verði lækningastefna fyrir fólk sem skaddast á mænu.
- Nánari upplýsingar má finna á [www.isci.is](http://www.isci.is)

nafni, sem var kallaður lamaði íþróttamaðurinn, en hann hafði verið stangarstökkvari og lenti í slysi og lamaðist. Þá var alltaf viðkvæðið „það er svo mikið að gerast í þessum rannsóknum úti í heimi“. Ágúst er dáinn núna og ekkert hefur gerst. Það eru níttján ár síðan Hrafnhildur mín lamað- ist og lítill breyting hefur orðið á meðferð. Hvar er lækningin?“ Auður vill að meðferð við mænuskaða sé breytt og litið sé á hann sem bráðatilfelli.

### Íslenska þjóðin gæti markað djúp spor í tímans rás

Mænuskadastofnun Íslands er stöðugt að byggja upp og endur- nýja alþjóðlegan gagnabanka á netinu sem geymir helstu upplýs- ingar um nýjungar í meðferð við mænuskaða á öllum helstu tungu- málum heims og markmið stofn- unarinnar er að vinna með öllum tiltækum ráðum að því að fram- farir í meðferð á mænuskaða verði að veruleika og lækning finnist. „Mænuskadastofnun Íslands var sett á laggirnar í gegn- um miklar þjáningar sem ég upplifði með barninu mínu. Það er sál á bak við þetta verkefni. Ég er ekki eina konan á Íslandi sem bar- ist hefur fyrir sjúku barni sínu. Mér finnst því stofnunin vera tákn fyrir móðurást allra íslenskra


kvenna sem hafa brotið niður vegg sjúkum börnum sínum til framdráttar. Ég sem móðir get ekki sætt mig við skeytingarleysi og mun aldrei gera það.“

Aðspurð hvort hún hafi aldrei bugast svarar Auður: „Af og til hugsa ég „af hverju er ég að þessu?“ Stundum hefur mér gengið hrikalega illa, en þá berst mér alltaf hjálp einhvers staðar frá sem er alveg merkilegt. Ég fékk frábæran liðsauka til að setja þessa stofnun á laggirnar en stofnendur eru við Hrafnhildur, heilbrigðisráðuneytið, Stodir, Seltjarnarnesbær og Exista. Ég er með frábært fólk í stjórn sem hefur víðtæka reynslu í viðskiptum. Ég hef leitað bæði til þjóðar og þings og mænuskadastofnun er því eign íslensku þjóðarinnar.“

Auður segir að ekkert af þessu hefði mögulega gengið upp ef hún hefði ekki fengið stuðning frá íslensku þjóðinni. „Nú stöndum við í þessari landssöfnun þann 19. september og ég bind miklar vonir við hana og ég bið íslensku þjóðina um að hjálpa mér til þess að hugsjón mín verði að veruleika. Ég trúi því að íslenska þjóðin geti gert mannkyninu mikinn greiða með því að taka á þessum málum því að sviðið þarfnast virkilega hjálpar. Ástæðan fyrir því að við getum haldið þetta söfnunaráttak er að Stodir styrkja okkur og borga allan útsendingar- og aug- lýsingakostnað sem er alveg stór- kostlegt og kann ég þeim miklar þakkir fyrir það að við förum skuldlaus í landssöfnunina. Mér finnst að Íslendingar séu kjörin þjóð til þess að taka á þessu eina einstaka alþjóðlega heilbrigðis- máli og veita því brautargengi. Íslendingar gætu stigið skref sem gæti markað djúp spor í tímans rás. Margar þjóðir beita vopna- valdi sér til framdráttar, en ef við gætum beitt valdi Íslands til góðs væri það frábært. Ef við hjálpum læknavísindunum hjálpum við öllu mannkyninu.“



# Hvað ætlar þú að gera í vetur?



## Almenn námskeið

### Íslenska sem annað tungumál

ÍSA102 fyrir byrjendur, ÍSA202 fyrir þá sem hafa svolitla þekkingu og ÍSA302 fyrir lengra komna.

Lengd: 60 kst. Upplýsingar á fa@tskoli.is

### Icelandic for foreign students

Icelandic language courses for foreign students: ÍSA102 for absolute beginners, ÍSA202 for those with a little knowledge in Icelandic and ÍSA302 for more advanced students.

Price IKR 11.500 (Price includes a textbook).

Registration is available on e-mail fa@tskoli.is or telephone 514 9000.

### Tölvunámskeið í fjarnámi

Námskeiðið er í samstarfi við NEMANDA-fjarnámsskóla og hefur fengið einstaklega góðar mottökur bæði hjá byrjendum og þeim sem eru lengra komnir.

Lengd: 8 vikur

### Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla

Farið verður yfir grunnatriði myndatöku, myndavéla, samspil ljósops, hraða, ISO og áhrif þess á myndir. Einnig í áhrif linsa á rýmið.

Lengd: 18 kst.

### Er þrívíddarvinnsla eitthvað fyrir þig?

Markmið þessa námskeiðs er að kynna fyrir þátttakendum möguleika þrívíddarforrita í mynd- og videovinnslu og að benda á nokkrar einfaldar leiðir til þess að búa til skemmtilegar hreyfimyndir.

Lengd: 22 kst.

### GPS staðsetningartæki og rötun

Almennt námskeið fyrir byrjendur og þá sem vilja upprifjun í notkun á staðsetningartækjum.

Lengd: 8 kst.

### Undirbúningsnámskeið fyrir skemmtibátapróf

Kennd verða bókleg atriði, sem krafist er skv. námskrá til skemmtibátaprófs, í siglingafræði, siglingareglum og stöðugleika. Bóklegt og verklegt próf veitir 24 metrar siglingaréttindi á skemmtibáta.

Lengd: 23 kst.

### Smáskipanámskeið (12 metrar)

Smáskipanám kemur í stað þess sem áður var nefnt 30rl réttindanámi (pungapróf) og miðast atvinnuskirteinin nú við lengd skipa í stað brúttórúmlæstatölu áður.

Lengd: 105 kst.

### Hásetafræðsla

Markmið með námskeiðinu er að nemendur öðlist fræðslu og þjálfun í að uppfylla sett lágmarksskilyrði til útgáfu skirteinis til varðstöðu í brú á stoðsviði, sbr. staðli STCW-A, II/4.

Lengd: Tveir dagar.

### Viltu smíða rafmagnsgítar?

Á námskeiðinu verður rafmagnsgítar smíðaður frá grunni. Nemendur geta valið að smíða Telecaster eða Stratocaster.

Lengd: 100 kst.

### Smíði og samsetningu gítarmagnara

Á námskeiðinu getur þú sett saman þinn eigin lampa - gítarmagnara undir handleiðslu kennara.

Lengd: 30 kst.

### Málmsuða

Almennt námskeið fyrir þá sem ekki hafa lært málmsuðu en eru að fást við það og langar að læra meira. Verkleg þjálfun.

Lengd: 9 kst.

### Vélgæslunámskeið

Námskeiðið er A-námskeið fyrir vélgæslumenn skv. reglugerð 246/2003 og grunnur að 375kW atvinnuréttindum vélgæslumanna á minni bátum.

### Notkun trésmíðavéla

Á námskeiðinu verða kennd rétt vinnubrögð við vélar og handverkfæri fyrir trésmíði.

Lengd: 20 kst.

### Smíði rafeindarása

Námskeiðið er ætlað krökkum á aldursbilinu 12 - 16 ára. Í námskeiðinu eru kennd helstu atriði við smíði einfaldra rafeindarása.

Lengd: 4,5 kst.

### Útskurður

Kennd eru grunnatriði við útskurð í tré, kynnt efni og áhöld. Kennd beiting útskurðarjarna og viðhald bits í þeim.

Lengd: 30 kst.

### Silfursmíði fyrir byrjendur I

Þátttakendur smíða einfalda skartgrip, hringa, hálsmen eyrnalokka og/eða nælur.

Lengd: 40 kst.

### Steinaslípun

Námskeið í sögun, mótun og slípun náttúrusteina. Þátttakendur taki með sér steina.

Lengd: 18 kst.

### Lesið í skóginn – tálgað í tré

Námskeiðið er haldið í samstarfi við Skóg-ræktarfélag Reykjavíkur, Elliðavatni. Þátttakendur kynna tálgunartækni og ferskum viðarnytjum.

Lengd: 17 kst.

### Haustskreytingar – efniviður skógarins

Námskeiðið er haldið í samstarfi við Skóg-ræktarfélag Reykjavíkur, Elliðavatni. Fylgist með á www.tskoli.is eða hafið samband við Endurmenntunarskólann.

### Grjóthleðsla

Námskeiðið er haldið í samstarfi við Skóg-ræktarfélag Reykjavíkur, Elliðavatni. Fylgist með á www.tskoli.is eða hafið samband við Endurmenntunarskólann.

### Stjórnun vinnuvéla um borð í skipum og bátum I: Baader fiskvinnsluvélar

Námskeiðið er ætlað starfandi Baader-starfsmönnum um borð í fiskiskipum og/eða þeim sem hafa vélaþekkingu og réttindi, þ.e. vélvirkjar, vélstjórar og vélgæslumenn.

Lengd: 16 kst.

### Stjórnun vinnuvéla um borð í skipum og bátum II: Kranar og vindur

Námskeiðið er haldið í samstarfi við Siglingastofnun og er áherslan á stjórnun og meðferð vinnuvéla, þ.e. krana og spila.

Lengd: 12 kst.

### Meðferð og frágangur afla um borð í veiðiskipi

Markmið námskeiðsins er að kenna meðferð og frágang afla um borð í veiðiskipum til að halda verðmæti aflans og gæðum sem mestum. Námskeiðið hentar vel fyrir alla starfsmenn um borð.

Lengd: 4 kst.

## Starfsnám - grunnnám

### Undirbúningsnámskeið fyrir sveinspróf í vélvirkjun

Sveinspróf í vélvirkjun fer fram 3. - 5. október 2008. Í undirbúningsnámskeiðinu verður farið í verklega þætti sem prófað verður í.

Lengd: 12 kst.

## Starfsnám - framhald

### Rafvirkjanám fyrir vélstjóra

Véltækniskólinn býður vélstjórum og nemendum í vélstjórn að ljúka bóklegum hluta rafvirkjanáms í fjarnámi með staðbundnum lotum.

Lengd: Tvær annir.

### Endurnýjun skipstjórnarréttinda

Ætlað skipstjórnarmönnum sem hafa ekki siglt í nokkurn tíma og vilja endurnýja skipstjórnarréttindin og kynna sér nýjungar í skipstjórn.

Lengd: 36 kst.

### Endurnýjun vélstjórnarréttinda

Ætlað vélstjórnarmönnum sem hafa ekki siglt í nokkurn tíma og vilja endurnýja vélstjórnarréttindin og kynna sér nýjungar í vélstjórn.

Inntökuskilyrði: Að þátttakandi hafi lokið 3. stigi vélstjórnar og hafi vélstjórnarréttindi.

Lengd: 38 kst.

### ARPA-ratsjárnámskeið

Námskeiðið uppfyllir kröfur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) í töflum A-II/1 og II/2 í STCW-bálknum um þekkingu, skilning og færni í notkun ratsjár og ARPA.

Lengd: Þrjú dagar.

### ARPA-ratsjárnámskeið - endurnýjun

Námskeiðið er haldið skv. staðli STCW- A-II/1 og II/2 og reglum um endurnýjun skirteinis. Þátttakendur þurfa að hafa lokið ARPA-grunnnámskeiði.

Lengd: Tveir dagar.

### GMDSS námskeið. Alþjóða neyðar- og öryggisfarskiptakerfið

Námskeiðið er kennt skv. STCW staðli um GMDSS alþjóða neyðar- og öryggisfarskiptakerfið.

### IMDG - Meðferð á hættulegum farmi

Á námskeiðinu er fjallað um meðferð og flutning á hættulegum varningi um borð í þurrlestarskipum. Kennsla fer fram skv. alþjóðasambýkkt STCW og námskeiðið uppfyllir kröfur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO).

Lengd: Þrjú dagar.

### IMDG - endurnýjun

Námskeiðið er kennt skv. alþjóðasambýkkt STCW og uppfyllir kröfur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO). Þátttakandi þarf að hafa lokið grunnnámskeiði IMDG.

Lengd: 4 kst.

### Lestun og losun stórflutningaskipa (búlkaskipa)

Markmið námskeiðsins er að veita fræðslu og þjálfun í þáttum er lúta að öruggri lestun og losun búlkaskipa. Námskeiðið er ætlað hafnarstarfsmönnum stórflutningahafna.

Lengd: Einn dagur.

### SSO öryggisnámskeið - verndarfulltrúi skips

Verndarfulltrúi skips er tilnefndur af útgerðarfélagi til að annast verndarmál skipsins m.a. framkvæmd, endurskoðun og viðhald verndaráætlunar skips og samskipti við m.a. verndarfulltrúa útgerða og hafna. Verndarfulltrúi starfar í samræmi við ákvæði laga og reglugerða er varða siglingavernd. Námskeiðið er í samstarfi við Siglingastofnun.

### CSO öryggisnámskeið - verndarfulltrúi fyrirtækis

Undanfari: SSO verndarfulltrúanámskeiði. Námskeiðið er í samstarfi við Siglingastofnun og kennt í samræmi við IMO Model Course 3.20 frá 2003. Námskeiðið er kennt skv. alþjóðasambýkkt STCW og uppfyllir kröfur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO).

### Lyfjakistan fyrir fiskiskip

Námskeiðið gefur ekki sömu réttindi og krafist er á stærri farskipum en er nauðsynleg viðbót fyrir yfirmenn smærri skipa og fiskiskipa.

Lengd: Einn dagur.

## Nám á háskólastigi

### Diplómanám í rekstri og stjórnun

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins býður upp á starfstengt diplómanám til háskólaeininga.

#### Námsframboð er:

- Diplómanám í rekstri og stjórnun
- Margmiðlun
- Rafeindavélfræði
- Framleiðslustjórnun
- Lýsingarfræði
- Lýsingarhönnun
- Mótun: leir og tengd efni

Námið er sniðið að þörfum fólks í atvinnulífinu, kennsla fer fram í staðbundnum lotum og fjarnámi.



## HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ

Miðapantanir: [midi.is](http://midi.is) / [www.hhh.is](http://www.hhh.is) og í síma 555-2222

### Mammamma

#### Opió út í samstarfi við Hafnarfjarðarleikhúsið

Leikstjóri: Charlotta Böving  
Búningar: Þórunn María Jónsdóttir  
Leikmynd: Ólöf Nordal  
Tónlist: Ólöf Arnalds  
Lýsing: Garðar Borgþórsson  
Sýnt í september 2008



### Steinar í djúpinu

#### Lab Loki í samstarfi við Hafnarfjarðarleikhúsið

Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson  
Tónlist: Guðni Franzson  
Útliti sýningarinnar: Móeiður Helgadóttir  
Fumsýnt í nóvember 2008

Sýningin er styrkt af Menntamálaráðuneytinu og Listasjóði

### Ævintýrið um Augastein

#### Leikhópurinn á senunni í samstarfi við Hafnarfjarðarleikhúsið

Höfundur og leikari: Felix Bergsson  
Brúður og leikmynd: Helga Arnalds  
Tónlist: Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson  
Hljóðmynd: Sveinn Kjartansson  
Lýsing: Jóhann Bjarni Pálmason  
Leikstjóri: Kolbrún Halldórsdóttir  
Sýnt í desember 2008



### Húmanimal

#### Ég og vinir mínir í samstarfi við Hafnarfjarðarleikhúsið

Leikstjóri: Friðgeir Einarsson  
Danshöfundur: Margrét Bjarnadóttir  
Tónlist: Gísli Galdur Þorgeirsson  
Leikmynd og búningar: Rósa Hrund Kristjánsdóttir  
Fumsýnt í febrúar 2009

Sýningin er styrkt af Menntamálaráðuneytinu og Listasjóði

### Fjallið

eftir Jón Atla Jónsson  
Leikstjóri: Hilmar Jónsson  
Fumsýnt voríð 2009

## IÐNÓ

Miðapantanir: [midi.is](http://midi.is) / [www.idno.is](http://www.idno.is) og í síma 562 9700

### Dansaðu við mig

eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann  
í samstarfi við Andleikhúsið  
Fumsýnt í Iðnó 9. október 2008  
Leikstjóri: Asgeir Sigurvaldason



## ÍMAGÍN

Miðasala: [www.borgarleikhusid.is](http://www.borgarleikhusid.is) og í síma 568 8000

### Ég heiti Rachel Corrie

Höfundur: Rachel Corrie  
Leikgerð: Alan Rickman og Katherine Viner  
Íslenskun: Gísli Rúnar Jónsson  
Leikstjóri: Valdís Arnardóttir  
Búningar og leikmynd: Filippa Elísadóttir  
Fumsýnt í Borgarleikhúsinu 2009

Sýningin er styrkt af Menntamálaráðuneytinu og Listasjóði og sett upp í samstarfi við LR

## DRAUMASMIÐJAN

Miðapantanir: eða í síma 842-2525

### Ég á mig sjálf – forvarnarverkefni um anorexiu

Höfundur: Gunnar Gunnsteinsson og leikhópurinn  
Leikstjóri: Margrét Pétursdóttir  
Farandsýning fyrir framhaldsskóla

### Ég heiti Sigga, viltu koma í afmælið mitt?

Höfundur og leikari: Margrét Pétursdóttir  
Leikstjóri: Gunnar Gunnsteinsson  
Farandsýning í leikskóla, flutt á TMT

### Ég heiti Sigga – jólasaga

Höfundur og leikari: Margrét Pétursdóttir  
Leikstjóri: Gunnar Gunnsteinsson  
Farandsýning í leikskóla, flutt á TMT

### Myndatökan

Höfundur og leikarar: Margrét Pétursdóttir og Ólöf Sverrisdóttir  
Götuleikhús



## Draumasmiðjan frh.

### Lostinn

Leikstjóri: Margrét Pétursdóttir  
Leikmynd og búningar: Helga Rún Pálsdóttir  
Döf leikhús (leikhús heyrnarlausra)  
Ætluð frumsýning 15. maí 2009



### DRAUMAR 2009 - ALÞJÓÐLEG DÖFF LEIKLISTARHÁTIÐ

Haldin í Kassarum í Þjóðleikhúsinu 24. – 31. maí

### Risarófan

Höfundur og leikari: Jan Fjuresek  
Leikmynd og búningar: Ivica Tichá  
Farandsýning í grunn- og leikskóla



### Viðtalið

#### Í samstarfi við Hafnarfjarðarleikhúsið og Þjóðleikhúsið

Handrit: Laila Margrét Arnþórsdóttir og Margrét Pétursdóttir  
Leikstjóri: Margrét Pétursdóttir  
Leikmynd og búningar: Helga Rún Pálsdóttir  
Tónlist: Pétur Grétarsson  
Sýnt í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu, 26. maí 2008 (aðeins þessi eina sýning)  
Sýnt í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu, 26. maí 2008 (aðeins þessi eina sýning)

Miðapantanir: [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is) eða í síma 551 1200

## ÁHUGALEIKHÚS ATVINNUMANNA

Upplýsingar í síma 662 4805

### Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna

#### Eftir Steinunni Knútsdóttur í samvinnu við leikhópin

Fumsýnt í október 2008  
Útlit: Ilmur Stefánsdóttir  
Leikstjóri: Steinunn Knútsdóttir  
Ókeyps aðgangur



## Barna- og unglíngaleikhús

### FÍGÚRA – brúðleikhús Bernd Ogrodnik

Miðapantanir í síma 466 1520

### Klókur ertu Einar Áskell

Brúðuhönnun, brúðgerð og stjórni: Bernd Ogrodnik  
Leikmynd: Bernd Ogrodnik  
Leikstjóri: Kristján Ingimarsson  
Búningar: Helga Björt Möller  
Sýningastaður: Þjóðleikhúsið  
Miðapantanir: [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is) og í síma 551 1200

### Pétur og úlfurinn

Brúðuhönnun, brúðgerð og stjórni: Bernd Ogrodnik  
Leikmynd: Bernd Ogrodnik  
Leikstjóri: Bernd Ogrodnik og Þórhallur Sigurðsson  
Búningar: Helga Björt Möller  
Farandsýning

### Pönnukakan hennar Grýlu - jólasýning

Brúðuhönnun, búningar, brúðgerð, stjórni, leikmynd og leikstjóri: Bernd Ogrodnik  
Handrit: Hildur M. Jónsdóttir  
Farandsýning



## 540 GÓLF LEIKHÚS

Miðasala: [www.540floors.com](http://www.540floors.com)

### Hvað ef skemmtifræðsla /What If - Entertainment and education in theatre

Eftir Einar Má Guðmundsson, Valgeir Skagfjörð og leikhópin  
Leikstjóri: Gunnar Sigurðsson  
Tónlist: Guðmundur Ingi Þorvaldsson /Valgeir Skagfjörð  
Fumsýnt í London 24. október í Stratford Circus  
Sýningastaðir: Ísland - Hafnarfjarðarleikhúsið og Iðnó  
London - Littel Ilford Newham og Stratford Circus

## MÖGULEIKHÚSIÐ

Miðasala: s. 5622669 / [moguleikhusid@moguleikhusid.is](mailto:moguleikhusid@moguleikhusid.is)

### Alli Nalli og tunglið

Byggt á sögum Vilborgar Dagbjartsdóttur  
Leikgerð: Alda Arnardóttir og Pétur Eggerz  
Leikstjóri: Pétur Eggerz  
Leikmynd og búningar: Messíana Tómasdóttir  
Tónlist: Kristján Guðjónsson  
Farandsýning frumsýnd í mars 2009



## Möguleikhúsið frh.

### Langafi þrakkari

Eftir sögum Sigrúnar Eldjárns  
Leikgerð og leikstjórni: Pétur Eggerz  
Tónlist: Vilhjálmur Guðjónsson  
Búningar: Katrín Þorvaldsdóttir  
Farandsýning



### Landið vífra

Byggt á ljóðum Þóraríns Eldjárns  
Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir  
Tónlist: Atli Heimir Sveinsson  
Útsetningar: Guðni Franzson  
Leikmynd: Katrín Þorvaldsdóttir og Bjarni Ingvarsson  
Búningar: Katrín Þorvaldsdóttir  
Farandsýning

### Hvar er Stekkjarstaur?

Höfundur og leikstjórni: Pétur Eggerz  
Leikmynd og búningar: Helga Rún Pálsdóttir og leikhópurinn  
Farandsýning



### Sæmundur fróði

Höfundur: Pétur Eggerz  
Leikstjóri: Þórhallur Sigurðsson  
Leikmynd og búningar: Messíana Tómasdóttir  
Hljóðmynd: Guðni Franzson  
Farandsýning

### Tónleikur

Höfundur: Pétur Eggerz og Stefán Örn Arnarson  
Leikstjóri: Pétur Eggerz  
Leikmynd og búningar: Katrín Þorvaldsdóttir  
Hljóðmynd: Stefán Örn Arnarson  
Farandsýning sýnd í samvinnu við Tónlist fyrir alla

### Völuspá

Höfundur: Þórarinn Eldjárn  
Leikstjóri: Peter Holst  
Leikmynd og búningar: Anette Werenskiöld  
Tónlistarstjóri: Guðni Franzson  
Farandsýning eingöngu sýnd í Bandaríkjunum

### Aðventa

Byggt á sögu Gunnars Gunnarssonar  
Leikgerð og leikstjórni: Alda Arnardóttir  
Tónlist og hljóðmynd: Kristján Guðjónsson.  
Leikmynd og búningar: Messíana Tómasdóttir  
Farandsýning



### Íslensku jólasveinarnir

Umsjón og handrit: Pétur Eggerz  
Sýnt í Þjóðminjasafni Íslands frá 12. til 24. desember

## STOPP LEIKHÓPURINN

Upplýsingar og pantanir: [stoppleikhopurinn.is](http://stoppleikhopurinn.is) eða í síma 898-7205.

### Bólu-Hjálmur

Höfundur: Ármann Guðmundsson, Snæbjörn Ragnar Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason  
Leikmynd og búningar: Guðrún Öyahals  
Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir  
Ferðasýning fyrir grunn- og framhaldsskóla  
Fumsýnt í september 2008

### Eldfærin

Höfundur: H.C.Andersen  
Leikgerð og leikstjórni: Margrét Kaaber  
Leikmynd og búningar: Súsanna Magnúsdóttir  
Ferðasýning fyrir grunnskóla

### Hrafinkelssaga Freysgoða

Höfundur leikgerðar og leikstjórni: Valgeir Skagfjörð  
Leikmynd og búningar: Vignir Jóhannsson  
Ferðasýning fyrir grunn- og framhaldsskóla

### Jólin hennar Jóru

Höfundur: Eggert Kaaber og Katrín Þorvaldsdóttir  
Gítarleikur: Edwin Kaaber  
Leikstjóri: Sigurbör A. Heimisson  
Ferðasýning fyrir leik- og grunnskóla

### Sigga og skessan í fjallinu

Höfundur: Herdís Egilsdóttir  
Brúðgerð og aðstoð við leikmynd: Katrín Þorvaldsdóttir  
Tónlist og leikstjórni: Valgeir Skagfjörð  
Ferðasýning fyrir grunn- og framhaldsskóla

### Hans Klaufi

Höfundur: H.C.Andersen  
Brúðgerð og aðstoð við leikmynd: Katrín Þorvaldsdóttir  
Tónlist, leikstjórni og söngtextar: Valgeir Skagfjörð  
Ferðasýning fyrir leikskóla



## STRENGJALEIKHÚSIÐ

### Spor regnbogans

eftir Karólínu Eiríksdóttur og Messiönu Tómasdóttur.  
Ferðasýning í skólum (6-8 ára) frá 10. nóvember á vegum TFA

## KÓMEDÍULEIKHÚSIÐ

Miðasala og upplýsingar á [www.komedia.is](http://www.komedia.is) og í síma: 891-7025

### Auðun og Ísbjörninn

Höfundar: Elfar Logi Hannesson, Soffía Vagnsdóttir  
Leikstjóri: Soffía Vagnsdóttir  
Leikmynd, búningar: Marsibil G. Kristjánsdóttir  
Tónlist: Hrólfr Vagnsson  
Ferðasýning  
Frumstýnt í mars 2009  
Sýningarstaður: Tjörúhúsið Ísafirði og um land allt



### Dimmalimm Eftir Mugg

Höfundar: Elfar Logi Hannesson og Sigurbör A. Heimisson  
Leikstjóri: Sigurbör A. Heimisson  
Leikmynd: Kristján Gunnarsson, Marsibil G. Kristjánsdóttir, Sigurbör A. Heimisson  
Búningar: Alda Veiga Sigurðardóttir  
Brúður: Alda Veiga Sigurðardóttir, Marsibil G. Kristjánsdóttir  
Tónlist: Jónas Tómasson ofl.  
Ferðasýning  
Sýningarstaður: Tjörúhúsið Ísafirði og um land allt

### Gíslí Súrsson

Höfundar: Elfar Logi Hannesson og Jón Stefán Kristjánsson  
Leikstjóri: Jón Stefán Kristjánsson  
Leikmynd: Jón Stefán Kristjánsson  
Leikmunahönnun: Marsibil G. Kristjánsdóttir  
Búningar: Alda Veiga Sigurðardóttir  
Ferðasýning  
Sýningarstaður: Tjörúhúsið Ísafirði og um land allt

### Jólasveinar Grýlusynir

Höfundar: Elfar Logi Hannesson og Soffía Vagnsdóttir  
Leikstjóri: Soffía Vagnsdóttir  
Leikmynd, brúður og grímur: Marsibil G. Kristjánsdóttir  
Ljósahönnun: Jóhann Daniel Danielsson  
Tónlist: Hrólfr Vagnsson  
Ferðasýning  
Sýnt í nóvember og desember 2008  
Sýningarstaður: Tjörúhúsið Ísafirði og um land allt

### Pétur og Einar

Höfundur og leikstjóri: Soffía Vagnsdóttir  
Leikari: Elfar Logi Hannesson  
Tónlist: Hrólfr Vagnsson ofl.  
Sýnt frá september - nóvember 2008. Mars - ágúst 2009  
Sýningarstaður: Einarshús Bolungarvík  
Miðasala: 456-7901

### Vestfirskur húslestur

Í samstarfi við Safnahúsið Ísafirði  
Bókmenntadagkrá í umsjón Elfars Loga Hannessonar  
og Jónu Simoníu Bjarnadóttur  
Sýningartímabil: Nóvember 2008 - maí 2009  
Sýningarstaður: Gamla sjúkrahúsið (Safnahúsið) Ísafirði  
Aðgangur ókeypis

### Act alone leiklistarhátíð

1. - 5. júlí 2009 á Ísafirði  
Heimasíða: [www.actalone.net](http://www.actalone.net)  
Aðgangur ókeypis

## SÖGUSVUNTAN

### Egla í nýjum spegli

Leikstjóri: Þórhallur Sigurðsson  
Brúður og leikmynd: Helga Arnalds  
Leikari og stjórnandi brúða: Hallveig Thorlacius  
Sýnt í grunn- og framhaldsskólum um allt land

### Minnsta tröll í heimi

Leikstjóri: Helga Arnalds  
Brúður og leikur: Hallveig Thorlacius  
Sýnt í leikskólum og yngstu deildum grunnskóla um allt land

### Krakkarnir í hverfinu

Forvarnarsýning sem varpar ljósi á ofbeldi gegn börnum  
Leikarar og stjórnendur brúða: Hallveig Thorlacius,  
Helga Arnalds og Sigríður Sunna Reynisdóttir  
Sýnt í grunnskólum og leikskólum um allt land

### Panov afi

Jólaævintýri frá Rússlandi  
Leikstjóri og brúður: Helga Arnalds  
Leikari og hörpuleikari: Marion Herrera  
Leikari og brúðustjórnandi:  
Hallveig Thorlacius  
Sýnt í leik- og grunnskólum  
á höfuðborgarsvæðinu



# ERT ÞÚ EINN AF ÞEIM?



...250 ÞÚSUND ÁHORFENDUM SEM SÁU  
SÝNINGAR SJÁLFSTÆÐU LEIKHUSANNA  
Á SÍDASTA LEIKARI?

VIÐ ÆTLUM AÐ SKEMMTA, GRÆTA, KÆTA OG ÖGRA, OG FÁ YKKUR TIL  
AÐ HLÆJA, DANSA, SYNGJA, STAPPA, HVÍSLA OG GARGA MEÐ OKKUR  
Í ALLAN VETUR! UPPLÝSINGAR UM SÝNINGAR HVERS MÁNAÐAR MÁ  
NÁLGAST Á [WWW.LEIKHOPAR.IS](http://WWW.LEIKHOPAR.IS) EOA Í DAGBLÖÐUM 1STA HVERS MÁNAÐAR.



## Einleikhúsið Miðasala: 899 6750

### Óskín

Höfundar: Sigrún Sól Ólafsdóttir og Pálmi Sigurhjártarson  
Leikstjóri: Sigrún Sól Ólafsdóttir  
Tónlist: Pálmi Sigurhjártarson  
Útlit: Myrra Leifsdóttir  
Farandsýning unnin með stuðningi Kópavogsbæjar  
og Menntamálaráðuneytis.

### Ópera

**SVÍÐSLISTAHÓPURINN HR. NÍELS**  
Nánari upplýsingar: [www.myspace.com/heltheopera](http://www.myspace.com/heltheopera)  
[www.hr-niels.blog.is](http://www.hr-niels.blog.is) • [hr.niels@yahoo.com](mailto:hr.niels@yahoo.com)

### HEL - ný íslensk ópera

Eftir sögu Sigurðar Nordal  
Tónlist: Sigurð Sævarsson  
Leikstjóri: Ingo Arnason  
Frumstýnt í maí 2009



### Dans

## PARS PRO TOTO

### Systur

eftir Láru Stefánsdóttur, Áströsu Gunnarsdóttur  
og Hrafnhildi Hagalín  
Sýnt í Iðnó og hjá LA frá og með janúar 2009  
Miðapantanir: Iðnó - [www.idno.is](http://www.idno.is) og í síma: 562 9700  
LA - [www.leikfelag.is](http://www.leikfelag.is) og í síma 460 0200

### Bræður

Höfundar: Lára Stefánsdóttir, Hrafnhildur Hagalín  
og Ástrós Gunnarsdóttir  
Frumstýnt vorið 2009

## PANIC PRODUCTIONS

### Private Dancer

Höfundar og flytjendur: Margrét Sara Guðjónsdóttir,  
Sveinbjörg Þórhallsdóttir og Jared Gradinger  
Tónlist/hljóð: David Kiers  
Útlitshönnun: Una Stígsdóttir og Malcolm James Paul Todd  
Dramatúrg: Gréta María Bergsdóttir  
Frumstýnt 30. október 2008 á Stóra sviði Borgarleikhúsins  
Miðasala [www.borgarleikhus.is](http://www.borgarleikhus.is) eða í síma 568 8000  
Verkefnið er styrkt af Menntamálaráðuneytinu,  
Reykjavíkurborg og Minningarsjóði Margrétar Björgólfssdóttur  
og er sett upp í samstarfi við LR

## VESTURPORT

Nánari upplýsingar: [www.vesturport.com](http://www.vesturport.com)

### FAUST

Rokk ópera byggð á Goethe's Faust  
eftir Gísla Örn Garðarsson og Nick Cave

Leikstjóri: Gíslí Örn Garðarsson  
Tónlist: Nick Cave  
Leikmynd: Börkur Jónsson  
FRUMSTÝNT VORIÐ 2009



### Hamskiptin Eftir Kafka

Í samstarfi við Lyric Hammersmith  
Sýning ársins 2008

Leikgerð og leikstjóri: Gíslí Örn Garðarsson og David Farr  
Leikmynd: Börkur Jónsson  
Tónlist: Nick Cave og Warren Ellis  
Ljósahönnuður: Hartley Kemp  
Hljóðmynd: Nick Manning  
Búningar: Brenda Murphy  
Sýnt á Írlandi í september/október 2008 -  
Hong Kong í febrúar 2009 - Ástralíu í apríl 2009 -  
Tasmaníu í maí 2009

### Woyzeck Eftir Georg Buchner's

Í samstarfi við Barbican Theatre og LR

Leikstjóri: Gíslí Örn Garðarsson  
Leikmynd: Börkur Jónsson  
Ljósahönnuður: Lárus Björnsson  
Tónlist: Nick Cave og Warren Ellis  
Búningar: Filippa Elisdóttir  
Sýnt í New York í október 2008

## Lýðveldisleikhúsið

### KINKÍ - Skemmtikraftur að sunnan

Eftir Benóný Ægisson  
Leikstjóri: Guðjón Sigvaldason  
Farandsýning

### Út í kött!

Leikstjóri og dansar: Kolbrún Anna Björnsdóttir  
Leikmynd og búningar: Sigríður Ásta Árnadóttir  
Handrit, tónlist og þýðingar kvæða: Benóný Ægisson  
Farandsýning



## SÝNING MÁNAÐARINS

# Mammamma

Sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu í september

Munið klippikortið!!!





Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir og afi,

### Magnús Ingiberg

**Jóhannsson**  
leigubílsstjóri og kafari,  
Hringbraut 104, Keflavík,

lést á heimili sínu þann 7. september síðastliðinn.  
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 16.  
september kl.14.00.

Hrafnhildur Guðbrandsdóttir  
Ægir Magnússon, Hafsteinn Þór Magnússon, Sigfríð  
Magnúsdóttir, Púriður Magnúsdóttir, Rebekka  
Magnúsdóttir og Haraldur Magnússon  
tengdabörn og barnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir og afi,

### Hannes Guðmundsson

fyrirum bóndi, Auðkúlu, Austur-  
Húnavatnssýslu,

lést á Heilbrigðisstofnun Blönduóss 10. september.  
Jarðarförin fer fram frá Svinavatnaskirkju föstudaginn  
19. september kl. 16.

Ásdís S. Arnljótsdóttir  
Hulda A. Arnljótsdóttir  
Guðmundur Arnljótsson  
Arnar Þ. Arnljótsson  
Katrín K. Þorleifsdóttir  
og fjölskyldur.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir og afi,

### Helgi Jónsson

flugstjóri og flugrekandi,  
Bauganesi 44, Reykjavík,

varð bráðkvaddur laugardaginn 6. sept. Útför hans  
fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 16. september  
kl. 13.00.

Jytte Marcher  
Ester Helgadóttir  
Astrid Helgadóttir  
Jón Helgason  
og barnabörn.

Adolfo Castrillo  
Hulda G. Valsdóttir



Okkar ástkæri,  
**Lárus Lárusson (Lalli)**  
Snælandi 6, Reykjavík,

lést á heimili sínu þann 10. september.  
Útförin fer fram þriðjudaginn 16. september kl. 13.00  
frá Bústaðakirkju.

f.h. ættingja

Unnsteinn S. Jóhannsson



Faðir okkar,  
**Þórður Kristján**  
**Guðmundsson,**

lést á hjúkrunarheimilinu Víðinesi þann 3. september.  
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði 18. sept-  
ember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á  
líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

Guðrún Elfa Þórðardóttir  
Oddný Snjólaug Þórðardóttir  
Guðmundur Egill Þórðarson  
Þórunn Selma Þórðardóttir  
og fjölskyldur.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi,

### Magnús Aðalsteinsson

Sólvallagötu 18, Reykjavík,

verður sungin sálumessa í Kristskirkju Landakoti  
miðvikudaginn 17. september kl. 13.00.

Beatrice Aðalsteinsson  
Einar Magnússon  
Guðrún Ása Magnúsdóttir  
Kristinn Magnússon  
barnabörn og barnabarnabörn.

Þorbjörg Grimsdóttir



Hjartansþakkið fyrir auðsýnda samúð  
og vinarbug við andlát og útför okkar  
ástkæru

### Margrétar Guðmundsdóttur

Lækjartúni 2, Akureyri.

Útför hennar fór fram frá Glerárkirkju fimmtudaginn  
11. september. Sérstakar þakkið færum við starfsfólki  
Heimahlýnningar á Akureyri og starfsfólki lyfjadeildar  
FSA fyrir einstaka umönnun og hlýhug. Guð blessi  
ykkur öll.

Sveinn Árnason  
Guðný Georgsdóttir  
Björg Kristjánsdóttir  
Björn Guðmundsson  
Aðalheiður Guðmundsdóttir  
og fjölskyldur.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,  
amma, langamma og langlangamma,

### Fanney Sigurbaldursdóttir

frá Ísafirði, Asparfelli 2, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Fella- og Hólakirkju þriðjudag-  
inn 16. september kl. 13.00.

Ásta Dóra Egilsdóttir  
Petrína Margrét Bergvinsdóttir  
Hulda Bergvinsdóttir  
Jón Bergvinsson  
Jón Jóhann Jónsson  
Gunnar Hallsson  
Ingibjörg Viggósdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma  
og langamma,

### Kristín Margrét

**Sigurðardóttir**

Langholti 11, Akureyri,

lést aðfaranótt 5. september síðastliðinn, á Dvalar- og  
hjúkrunarheimilinu Hlíð. Útförin fór fram í kyrriþey að  
ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkið sendum við Dvalar-  
og hjúkrunarheimilinu Hlíð, lyflækningadeild FSA,  
Heimahlýnningu Akureyrar auk allra þeirra er studdu  
hana í veikindunum.

Sigurður Arnar Styrmisson  
Birgir Rafn Styrmisson  
Margrét Sigríður Styrmissdóttir  
Sigurlína Hólmfríður Styrmissdóttir  
Sigvaldi Már Guðmundsson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Arnfríður Ólafsdóttir

Bára Ingaldsdóttir

Jón Ólafsson

Björgvin Árnason

Agnes Jósavinsdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og  
útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

## Legsteinar í miklu úrvali



### Steinarmiðja

• Viðarhöfða 1  
• 110 Reykjavík  
• ☎ 566 7878  
• Netfang: rein@rein.is

REIN

GRACE KELLY, PRINSESSA AF MÓN-  
AKÓ, LÉST PENNAN DAG 1982.

„Ég vil ekki giftast einhverjum  
sem finnst hann óæðri mér  
vegna frama míns eða vegna  
þess að ég þéna meiri peninga  
en hann.“

Hollywood-leikkonan Grace Kelly  
giftist Rainier, fursta af Mónakó,  
árið 1955 eftir að hafa hitt hann  
einungis nokkrum sinnum. Brúð-  
kaupið var kallað brúðkaup ald-  
arinnar. Það batt enda á leikfer-  
il hennar.



## tímamót

timamot@frettabladid.is



BRAUTRYÐJANDI Í ÚTVARPI Jökull Jakobsson fór með hljóðnemann út  
fyrir hljóðverið og á mörg tímamótaverk í safni Ríkisútvarpsins. Viðar  
Eggertsson setti saman dagskrá í minnggu Jökuls. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

JÖKULL JAKOBSSON: HEFÐI ORÐIÐ 75 ÁRA Í DAG

## Minnst á Rúv

Jökull Jakobsson, rithöfundur og leikritaskáld, hefði orðið  
75 ára í dag hefði hann lifað. Ríkisútvarpið minnst hans  
með dagskrá í september. Flutningur á útvarpsstögunni Dyr  
standa opnar, sem Jökull les sjálfur, hófst 8. september og  
stendur til 23. september. Í dag klukkan 14 verður svo flutt  
leikritið Gullbrúðkaup.

„Það er fyrsta leikritið sem hann samdi fyrir útvarp og  
fylgdi með því eftir sigri sínum með leikritinu Hart í bak  
sem naut mikilla vinsælda,“ útskýrir Viðar Eggertsson,  
verkefnisstjóri leiklistar hjá Rúv. „Jökull gerði mikið af því  
að fara með hljóðnemann út um borg og bý og taka fólk tali,  
sem var ekki algengt þá en þetta er aðeins brot af því sem  
liggur eftir Jökul í safni Ríkisútvarpsins. Hann var manna  
flinkastur að gera mannlífsþætti á þessum tíma og fékkst  
við manneskjuna á þann tragikómíska hátt sem honum  
einum var lagið.“

Þeir þrjú útvarpsþættir sem Viðar valdi til flutnings eru  
þátturinn Ellefu sem Jökull vann í samvinnu við Pál Heiðar  
Jónsson, og fjallar um kaffihús á Laugavegi 11 sem var  
vinsælt af bandarískum hermönnum á sínum tíma og síðar  
af íslenskum bóhemum. Þarna má meðal annars heyra raddir  
lífskúntnera eins og Alfreðs Flóka, Árna Björnssonar  
þjóðháttarafræðings og Elíasar Mar rithöfundar og segir  
Viðar þáttinn ómetanlega heimild um listalíf á þessum tíma.  
Þátturinn verður á dagskrá fimmtudaginn 18. september  
klukkan 22.15.

Einnig verður fluttur viðtalsþáttur þar sem Jökull átti  
stefnumót við Stefán Jónsson frá Möðrudal á Kaffi Mokka en  
þar hafði sá síðarnefndi sett upp sýningu. Í þættinum ganga  
þeir um sýninguna og ræða verkin en Stefán frá Möðrudal  
hefði orðið 100 ára í sumar. „Þetta viðtal var frægt á sínum  
tíma því það var svo óvenjulegt og skemmtilegt og mörg  
gullkornin sem fuku í því.“ Þátturinn Stefán Stórval verður  
á dagskrá sunnudaginn 21. september klukkan 14.

Dagskránni lýkur svo á fimmtudagskvöldið 25. september  
klukkan 22.15 með viðtali Jökuls við Sverri Kristjánsson þar  
sem þeir ganga um Reykjavík og staldra við stytur bæjar-  
ins. Viðar tekur undir það að Jökull hafi verið óvenjuleg-  
ur útvarpsmaður og brautryðjandi í vinnslu efnis fyrir út-  
varp. „Fyrir utan að vera skáldsagnahöfundur þá var hann  
kannski fyrst og fremst leikskáld og gerði tímamótaþætti í  
útvarp. Þeir Páll Heiðar unnu saman einstök verk.“

heida@frettabladid.is

## LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval  
Yfir 40 ára reynsla  
Sendum myndalista




MOSAİK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 - www.mosaik.is



september 2008

# menning

[ SÉRBLAÐ FRÉTTAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR ]



B.A. '49  
MUND EFTIR BRAGA ASGERSSON



**H**ann hefur raunar alla tíð verið starfsamaður, stundum færst meira í fang en yngri mönnum þótti viðeigandi. Hann er af þeirri kynslóð sem sótti fyrst akademískt nám í Evrópu í leikhússögu og leikstjórn, kom fyrst fram sem gagnrýnandi en tók fljótt að vinna við sviðsetningar hjá Leikfélagi Reykjavíkur en hann var fyrsti leikhússtjóri þess. Hann hefur gegnt öllum helstu ábyrgðar- og stjórnunarstöðum í íslensku leikhúsi. Jafnframt tók hann snemma til við rannsóknir á íslenskri leikhússögu og er enn að. Hann hlaut í sumar heiðursverðlaun norrænna leikhúsanna. Fáir hér á landi fylgjast eins vel með opinberu listalífi og þau hjón, Sveinn og Þóra Kristjánsdóttir listfræðingur.

Það er hálfur mánuður í frumsýningu þegar við hittumst, á tveimur upphafsverkum verismostefnunnar ítölsku sem beindi sjónum höfunda að hinu hversdagslega drama alþýðufólks: *Cavalleria Rusticana* og *Il Pagliacci*. Hann leikstýrir í Óperunni í fyrsta sinn og þeir Kristján Jóhannsson koma saman á ný. Hann hefur heldur ekki komið fram áður í Íslensku óperunni: „Kristján þreytti sína frumraun hjá mér í *La bohème*. Ég hef oftast leikstýrt honum þegar hann hefur verið hér, við erum góðir mátar. Við höfum haft ánægju af því að vinna saman.“

Kristján deilir tenórhlutverkum í óperunum með Jóhanni Friðgeiri Valdimarssyni. Bæði hlutverkin þekkir Kristján í þáttum: „Hann hefur sungið þau úti um allan heim og þau eru meðal þeirra hlutverka sem gerðu hann heimsfrægan. Hann gjörþekkir þau, en hann er alveg tilbúinn að breyta öllu sem hann hefur gert áður. Hann er orðinn það sjáður listamaður að hann þyrir yfir þeim sveigjanleika að honum þykir gaman þegar ég kem með öðruvísi grunnhugmynd. Hann er opin og órlátur. Hann hefur mikla útgeislun, hann er með tilfinningadýpt og dramatískan þrótt,“ segir Sveinn.

Að sýningunum kemur sterkur sönghópur og Sveinn hefur unnið með sumum þeirra áður: Elínu Ósk og Tómasi til að mynda. Kór Óperunnar er búinn að endurskipa: „Það eru skemmtilegir krakkar, bæði vanir kraftar og mjög vel menntað söngfólk. Þau eru líka tilbúin að prófa hluti.“ Aðrir samstarfsmenn Sveins við þessar tvær kunnur óperur hafa unnið með honum áður: Helga Björnsson kom heim til að gera búningana, Páll Ragnarsson, gamall samstarfsmaður hans úr Þjóðleikhúsinu lýsir og Þórunn S. Þorgrímsdóttir hannar leikmyndina.

#### Þröngur stakkur skorinn

Hvernig ætlaðu að koma þessu öllu fyrir á litla sviðinu í Gamla bíó?

„Það er ekkert launungarmál að húsið hefur alltaf verið erfiðt og sú grunnhugmynd sem býr að baki þessari sýningu tekur í raun mið af því. Og það er ekkert við því að gera. Við erum ekkert að leynd því að það er ekki hægt að koma kórnum út á nóinu eins og tónskáldin ætlast til.“ Í gryfjunni eru riflegar fimmtíu hljóðfæraleikarar. „Það minnir okkur á,“ segir Sveinn, „að við þurfum nýtt óperuhús og aðstöðu í öðru húsi, tónlistarhúsinu.“ Sveinn hefur ekki sett upp á svona þröngu sviði lengi. „Ekkert óperu. Erlendis hef ég sviðsett óperur á 22 metra víðu sviði.“

Sveinn hefur verið áhugamaður um óperur lengi: „Ég var með óperudellu sem unglíngur. Mamma var píanisti. Hún lærði á píanó mjög ung og hefur sennilega verið tóngáfuð. Hún er unglíngur þegar henni er falið að leika undir þöglum myndum í Gamla bíó þegar það var í Fjalakettinum í Bröttugötu og velja tónlistina í undirleikinn eins og píanistar þurftu að gera. Ég



Við æfingar í Óperunni í fyrri viku, frá vinstri: Sólrún Bragadóttir, Kristján Jóhannsson og Sveinn Einarsson.

# FRUMSKÖPUN GRUNDVÖLLUR ALLS

„Það er áttak að fara í svona stórt verkefni,“ segir **Sveinn Einarsson leikstjóri** sem frumsýnir í Íslensku óperunni á föstudag. „Ég er líka að sýna það að það á ekki að slá fólk af þótt það sé komið yfir sjötugt. Ég stunda *Qui Gong þrisvar* í viku. Ég þoli ekki þegar talað er um eldra fólk sem „málaflokk“. Ég er líka að reyna að sýna það.“

LEIKLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

erfði eftir hana stóra bunksa af nótum sem hún hafði notað og þar ægir öllu saman, einleiksverkum, píanó-úrdáttum úr sínfóníum og óperutónlist.“

#### Seint og snemma

„Svo þegar ég var kominn til Stokkholms í nám óskaði ég eftir að taka hluta af því praktíska í Óperunni sem var mjög framsækin á þeim árum og framleiddi hvert stórstirnirnið á fætur öðru. Ég sat á æfingum þegar Birgit Nilsson var að æfa Brynhildi í fyrsta skipti sem hún varð svo heimsfræg fyrir. Ég fylgdist með bæði heilum sviðsetningum og sótti stakar æfingar og það var fljótt ljóst að það voru kynslóðaskipti að verða, breytingar í afstöðunni til verksins. Eldri kynslóðin sagði óperan er ópera, en yngri kynslóðin var að búa til musíkteater – og ég sá strax hvort mér þótti meira spennandi.“

Það hefur svo glatt mig í erlendum umsögnum um sviðsetningar mínar á óperum að gagnrýnendur hafa kallað þær musíkteater. Ég fór samt ekki þá leiðina að gerast óperuleikstjóri sem hefði ekki verið óeðlilegt út frá mínum áhugamálum. Ég var svo heppinn að mér var boðið að gerast aðstoðarleikstjóri hjá Felsenstein sem þá var talinn einn helsti óperuleikstjóri í heimi. Það var í New York á leikhúspingi en þá kallaði skyldan að vinna lengur í Iðnó hjá Leikfélaginu og barátta fyrir Borgarleikhúsi var í fullum gangi svo ég sagði nei takk. Hef alltaf svolítið séð eftir því. Ég fór því ekki að setja upp óperur fyrr en frekar seint.“

#### Tónlistin stjórnar öllu

Sveinn háði frumraun sína sem leikstjóri 1965 í Iðnó þegar Sjóleiðin til Bagdað eftir Jökul Jakobsson

var frumflutt. Hann var þá nýtekinn til starfa sem leikhússtjóri. „Í þá daga gekk maður til verks með allt verkið skipulagt til hlítar, var búinn að skrifa inn í bókina hverja einustu hreyfingu leikarans á sviðinu sem síðan breyttist í æfingafærlinu – svo komu aðrar stefnur og þá mátti maður umskóla sig,“ kímir Sveinn.

Það hefur löngum verið sagt að sviðsetningar á óperum séu allt annars eðlis en sviðsetningar á dramatískum textaverkum: „Hvað snýr að leikstjóranum þá er æfingafærlinu – svo komu aðrar stefnur og þá mátti maður umskóla sig,“ kímir Sveinn. Það er ætlast til þess að söngvararnir kunni hlutverkið sitt á fyrstu æfingu. Ella getur leikstjórinn ekki gert nokkurn skapaðan hlut. Grundvallarmunurinn er sá að það er tónlistin sem stjórnar þessu öllu saman. Við getum ekki breytt einum takti. Þegar ég er að setja upp óperu þá hlusta ég á tónlistina aftur og aftur og allt sem ég geri fæðist upp úr henni.“

#### Of fá sæti

Óperusviðsetningar voru lengi árviss viðburður í íslensku leikhúslífi. Þegar Sveinn kom til starfa hjá Þjóðleikhúsinu 1972 var aðsókn að óperum þar gríðarleg. Húsið tók 660 áhorfendur í sæti og sviðsetningar á borð við *Carmen* og *La bohème* gengu fyrir fullu húsi. Sveinn segir ekki hægt að standa sómasamlega að óperusviðsetningum nema þær fari fram í sölu að tiltekinni stærð, 500 manna hús beri í sér tap í óperurekstri, hvorki stofnkostnaður né kvöldkostnaður skili sér: „Við þurfum hús sem er með djúpu sviði og tilteknum sætafjölda þannig að fjárhagslegur grunnur sýningar sé viðunandi. Við getum líka tekið

dæmi af heimsóknum San Francisco-ballettsins sem Helgi Tómasson hefur komið með hingað í tvígang. Það var fullt á allar þær sýningar en ef húsin hefðu verið þrisvar sinnum stærri hefðum við komið út á sléttu í stað þess að greiða tugi milljóna með sýningunum. Núna erum við með þrjú hús sem eru nánast sama stærð: Þjóðleikhúsið, Borgarleikhúsið og Gamla bíó.“

Í þá daga gekk maður til verks með allt verkefnið skipulagt til hlítar, var búinn að skrifa inn í bókina hverja einustu hreyfingu leikarans á sviðinu sem síðan breyttist í æfingafærlinu.

#### Sjálftæði til sköpunar

Hin síðari misseri hafa sjálftæðir leikhópar sótt æ meira í samstarf við stóru leikhúsin, bæði Þjóðleikhúsið, Leikfélag Akureyrar og LR í Borgarleikhúsi sína að hluta af samstarfi við sjálftæða leikhópa. Á sínum tíma var það krafa Reykjavíkurborgar og frjálsu hópanna að fá inni í Borgarleikhúsi. Nú er verið að endurbyggja Tjarnarbíó fyrir frjálsa leikhópa.

Sveinn hefur í skrifum hin síðari misseri lýst þeirri skoðun að stjórnvöld og samtök listamanna verði að fara í uppstokkun á starfs-skilyrðum frjálsu leikhópanna:

Geymslur frá 3990.- kr á mánn. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskisöld) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Búslóðageymsla Olivers, 100 kr. á dag fyrir Euro brettið. S. 567 4046 & 892 2074. [www.buslodageymsla.iceware.net](http://www.buslodageymsla.iceware.net)

Húsnæði fyrir tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Leigutími frá október 2008 til apríl 2009. Húsið lokað yfir þennan tíma. Verð 3500per/fm eða 35.000þús allt tímabilið fyrir tæki sem tekur 10fm. Nánari uppl. í s. 824 8468, Pétur. Tekið á móti vögnum helgina 20.-21. sept. á milli 10:00-16:00 í Suðrullu 8, Hafnarfirði.

**Gisting**

**Ferðamenn**

2ja herb. íb. m/öllu til leigu í einn dag til viku eftir samkl. S. 6997371

**ATVINNA**

**Atvinna í boði**



**Veitingastaðurinn Domo**  
Óskar eftir aðstoðar yfirkokki og matreiðslunumum. Upplýsingar gefur Viktor í s. 697 9069.

**Atvinna í boði**  
Óskum eftir að ráða vana menn í húsviðgerðir / múr og steypuvinnu. Uppl. í s. 517 0117



Við leitum að hressu og duglegu fólki til starfa á þjónustustöðvum Olis í almenna afgreiðslu, á Quiznos og grill. Nánari upplýsingar eru í síma 515-1177, frida@olis.is eða á [www.olis.is](http://www.olis.is)

**Hurðir og Gluggar ehf.**  
Óska eftir smíð til starfa. Unnið er við ýmis störf á trésmíða-verkstæði.  
**Hurðir og Gluggar ehf.**  
Hafnarfirði. Upplýsingar í síma 565 4123.



**Veitingastaðurinn Domo**  
Óskar eftir starfsfólki í sal í kvöld og helgarvinnu. Reynsla af þjónustustörfum og góð íslenskukunnáta skilyrði  
Upplýsingar gefur Magnús í síma 869 7846 eða [maggi@domo.is](mailto:maggi@domo.is)

**Helgarvinna Bakarí í Garðabæ**  
Óskum eftir strákum og stelpum til afgreiðslustarfa, hentar vel skólafólki.  
Upplýsingar í síma 565 8070 & 891 8258, Þóra.

**Veitingahús Nings - Framtíðarstarf**  
Veitingahús Nings óska eftir vakstjóra og öðru starfsfólki í fullt starf. Unnið er á 15 daga vöktum. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 18 ára eða eldri og íslenskumælandi.  
Endilega hafið samband í síma 822 8835 eða [www.nings.is](http://www.nings.is)

**Matreiðslumaður**  
Veitingastaðurinn Kringlukráin óskar eftir matreiðslumanni eða manni / konu með góða reynslu í eldhúsi sem getur hafið störf sem fyrst.  
Uppl. síma í 893 2323 eða umsóknir á staðnum eða á netinu. [www.kringlukrain.is](http://www.kringlukrain.is)

**Morgunþrif - ræsting**  
Veitingastaðurinn Kringlukráin Óskar eftir starfsfólki í ræstingu. Um er að ræða 50% starf fyrir hádegi.  
Uppl. síma í 893 2323 eða umsóknir á staðnum eða á netinu. [www.kringlukrain.is](http://www.kringlukrain.is)

**KÖKULIST**  
Kökulist í firðinum Hafnarfirði leitar að verslunarstjóra og afgreiðslufólki í hlutastörf. upplýsingar gefur Elín, 8207466.

**Ritfanga- og leikfangaverslun**  
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Umsóknir sendist á [hugsel@gmail.com](mailto:hugsel@gmail.com)

Veitingastaðurinn Brons pósthússtræti 9 leitar að starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Í boði eru sveigjanlegar vaktir og samkeppnishæf laun. Nánari upplýsingar á staðnum eða í síma 690 2323.

**Vantar menn**  
í hellulagnir ofl. Íslensku kunnáttu skilyrði. S. 821 8983, Hjörtur. HJÁ Verktakar.

**Rafvirkjar - Rafiðnaðarmenn**  
Óska eftir rafvirkjum - rafiðnaðarmönnum til starfa sem allra fyrst. Upplýsingar í síma 660 0300.

**HENDUR.IS**  
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.  
Hársnyrtistofa á Hornafirði óskar eftir hársnyrtisvein/meistara í fullt starf, hlutastarf eða stólaleigu til framtíðar eða tímabundið. Uppl. í s. 868 7782.

**Atvinna óskast**

**Vantar þig Smíði, múrara eða járnabindingamenn?**  
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Getu hafið störf nú þegar.  
Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.

**HENDUR.IS**  
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

**TILKYNNINGAR**

**Einkamáll**

**SÍMAPJÓNUSTUR**

**Stefnumót**  
905-2000 (símatorg)  
535-9920 (kreditkort)  
535-9923 (fritt, karlar)  
555-4321 (fritt, konur)  
**Spjall**  
904-5454 (símatorg, karlar)  
535-9940 (kreditkort, karlar)  
555-4321 (fritt, konur)  
**Gay spjall**  
535-9988 (kreditkort)  
**Sögur**  
905-2002 (símatorg)  
535-9930 (kreditkort)  
**Spjalldómur**  
908-6000 (símatorg)  
535-9999 (kreditkort)

**908 6666**  
Tvær nýjar byrjaðar og eru í góðum gir. Hver verður kærastan þín í kvöld? Opið allan sólarhringinn, engin bið.

**Stefnumót.is**  
Nýr vefur: „Par sem íslendingar kynast“. Nýttu þér vandaðan vef fyrir fólk sem gerir kröfur! Vertu velkomin/n.

**Leitar þú að dansfélagi?**  
Nýttu þér nýjan vef, [www.stefnumot.is](http://www.stefnumot.is), til að kynast dansfélagi við hæfi. Stefnumót.is.

**Viltu eignast nýja vini?**  
Nýttu þér nýjan vef, [www.stefnumot.is](http://www.stefnumot.is), til að kynast nýju fólki á þínum forsendum. Stefnumót.is

**Leitar þú varanlegra kynna?**  
Ertu í makaleit? Leitar þú að rómantík? Nýttu þér nýjan vef, [www.stefnumot.is](http://www.stefnumot.is), til að kynast fólki sem leitar þess sama og þú. Stefnumót.is.

**Yndislegar dómur**  
Nú kólnar í veðri og þá hitnar hjá dómunum á Rauða Torginu, sibreytilegum hóp yndislegra kvenna. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908 6000 (símatorg) og 535 9999 (kreditkort). Nánar á [www.raudatorgid.is](http://www.raudatorgid.is)

**Til sölu**

**SÉRVALDAR VÖRUR TIL BYGGINGA!**

**novoferm**

Bílskúrshurðir  
Iðnaðarhurðir  
Rúlluhurðir  
Eldvarnarhurðir  
Eldvarnarhurðir  
Öryggishurðir  
Sveifluhurðir  
Þéttiskýli  
Keyrslubrýr ofl  
Vindstífur á góðu verði

Öxulmótorar frá 77.900,-kr stk

**Global Ice ehf**  
Smíðjuvegi 36 (Gul gata) 200 Kópavogur  
S: 578 8899 / F: 578 8897  
[globalice@globalice.is](mailto:globalice@globalice.is) / [globalice.is](http://globalice.is)



Fasteignir

**RE/MAX** Eignastýring  
S. 534 4040  
eignastýring@remax.is Erlundur Davíðsson, lögg. fast.sali

OPIÐ HÚS Í DAG 14. SEPTEMBER MILLI KL. 14 OG 15



**TJARNARGATA 10C, REYKJAVÍK**

Stórglæsileg algjörlega endurnýjuð 100 fm. íbúð á 1. hæð. Skiptist í stofu og borðstofu. Opið glæsilegt eldhús með nýrri innréttingu og vönduðum tækjum. Tvö svefnherbergi með skápum. Stórglæsilegt flísalaft baðherbergi. Hiti í gólfum sem eru með hvíttuðu eikarplankaparketi. Nýtt rafmagn og tafla auk pípuþagna.

Upplýsingar gefur Erlundur í síma 897-0199.

**Lerkiás 1 Garðabæ**

Opið hús í dag frá kl. 15-17



Sérlega glæsilegt fullbúið 147,7 fm endaraðhús á einni hæð. Suð-vestur garður. Stór hellulögð innkeyrsla með hitalögn. Timburverönd er í garði með skjólveggjum. Innbyggður bílskúr með geymslu lofti sem ekki er skráð í fermetratölu hússins. Mikil lofthæð er í húsinu sem gefur því skemmtilega upplifun. Innréttingar og innra skipulag hússins voru hönnuð af Guðfinnu Thordar. arkitekt og ekkert pláss fer til spillis. Sjón er sögu ríkari

Verð 52 millj.



Arnar og Sigrún taka á móti áhugasömum símanúmer hjá þeim er 895-6333

Suðurlandsbraut 20  
Sími 533 6050  
Bæjarhrauni 22  
Sími 565 8000

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. - Kristín Pétursdóttir, lögg. fast. - Ásmundur Skeggjason lögg. fast.

Auglýsingasími

**512 50 50**


**SPORT**

**UEFA CHAMPIONS LEAGUE**

**MEISTARADEILDIN**  
HEFST 16. SEPTEMBER – FYLGSTU MEÐ FRÁ UPPHAFI

Á ÞRIÐJUDAG	Á MIÐVIKUDAG
KL. 18:30 Marseille - Liverpool	KL. 18:30 Man. Utd. - Villareal
KL. 18:30 Chelsea - Bordeaux	KL. 18:30 Dinamo Kiev - Arsenal
KL. 18:35 Barcelona - Sporting	KL. 18:35 Juventus - Zenit

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



Óslitin sigurganga Fréttablaðsins undanfarin sex ár er staðfest með nýrri lestrarkönnun Capacent

**Óslitin sigurganga**

Fréttablaðið er grunnurinn að dagblaðalestri þjóðarinnar

Það er engum blöðum um það að fletta að yfirburðir Fréttablaðsins eru ótvíræðir. Í stærsta neysluhópnum, 18-49 ára er Fréttablaðið sem fyrr, langmest lesna dagblað landsins, samkvæmt könnun Capacent Gallup maí-júlí 2008.



Allt sem þú þarft... ...alla daga

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið





**Garðatorg 7 - 210 Garðabæ - Sími 545 0800 - Þórhallur Guðjónsson, lögg. fast.sali**

**OPIÐ HÚS í dag sunnudag kl. 15 - 16 ÁSBÚÐ 80 Gbæ - 2ja íbúða.**




Sérlega glæsileg og vönduð samtals 344 m<sup>2</sup> eign í tveggja íbúða húsi á góðum stað í Garðabæ. Eignin skiptist í íbúð á efri hæð 156,4 m<sup>2</sup>, bílskúr 50,1 m<sup>2</sup>, sólstofu 16 m<sup>2</sup>, íbúðarými á neðri hæð 70,4 m<sup>2</sup> og um 50 m<sup>2</sup> geymslu og tólmstundarými undir bílskúr, Sólstofa, fallegur garður, frábært útsýni og mörg herbergi. Miklir möguleikar hér.

Sölumaður : Sigurður sími 898-3708 Verið velkomin.

**Dynsalir 14**  
201 Kópavogur  
Lækkað verð!

Stærð: 110,6 fm  
Fjöldi herbergja: 3  
Byggingarár: 2001  
Brunabótamat: 20.000.000  
Bílskúr: Nei



Hafðis Sölufulltrúi  
895-6107  
hafdis@remax.is

Berglind Hólm Sölufulltrúi  
694-4000  
berglind@remax.is

Bergsteinn Gunnarsson  
Lögg. fasteignasali

**Opið Hús**




**Opið hús þriðjudag kl 17.30-18.00. Verð: 29.500.000**

LÆKKAD VERÐ\*\*GÓÐ KAUP\*\* EIGNIN ER LAUS STRAX. Falleg og rúmgóð 3ja herbergja íbúð með séríngangi í litlu fjölbýli á þessum vinsæla stað í Salahlverfi Kópavogs. Eignin er á 2. hæð en einungis þarf að ganga upp einn stiga í íbúðina. Svallar eru yfirbyggðar, Þvottahúsi er innan íbúðar og geymsla notuð sem vinnuherbergi. Möguleiki er á að kaupa íbúðina með bílskúr og bætist þá andvirði bílskúrsins við ásett verð. Eign með skóla, leikskóla, sundlaug, heilsugæslu og lágvörðverslun við hendina.

RE/MAX Torg - Garðatorgj 5 - 210 Garðabæ - Sími: 5209595 - www.remax.is

**AS FASTEIGNASALA**

Hafnarfirði, Fjarðargötu 17  
Sími 520 2600, Fax 520 2601  
Netfang as@as.is  
Heimasíða www.as.is  
Opið virka daga kl. 9-17  
Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

**OPIN HÚS Í DAG - SUNNUDAG**



**STEKKJARHVAMMUR 28 - HAFNARFJ.** Björt og falleg tveggja herbergja 71,5 fm endaíbúð í raðhúsa-lengju, á jarðhæð. Baðherb. allt endurn. m/hornbaðkari. Verð 19,2 millj. 7402  
**JAMES - TEKUR Á MÓTI FÓLKI MILLI KL. 14.00 og 15.00 sími 899-7319**



**ÁLFAMÝRI 46 - REYKJAVÍK** 3ja herb. 74 fm endaíbúð á efstu hæð í góðu húsi með glæsilegu útsýni yfir Fram svæðið. Verð 19,7 millj. 7774  
**SÆUNN OG HANNA - TAKA Á MÓTI FÓLKI MILLI KL. 15.00 og 16.00 símar 845 7678 og 561 2007**



**LÓUÁS 28 - HAFNARFJÖRÐUR** Sérlega fallegt 210 fm einbýli á einni hæð með innbyggðum bílskúr á góðum stað í Áslandshverfi í Hafnarfirði. Möguleiki að út-búa stúdíóíbúð í bílskúr. Verð 59,8 millj. 7602  
**ADALSTEINN - TEKUR Á MÓTI FÓLKI MILLI KL. 16.00 og 18.00 símar 565 2994 og 897 7994**



**GRUNDARHÚS 22 - REYKJAVÍK** Fallegt og Talsvert endurnýjað raðhús á þessum barnvæna og góða stað í Grafarvogi. Möguleiki er á allt að 5-6 svefnherbergjum. Verð 37,9 millj. 7819  
**SÓLRÚN OG ARNAR - TAKA Á MÓTI FÓLKI MILLI KL. 16.00 og 18.00 símar 587 5755 og 660 2603**

**ASPARFELL 8 - REYKJAVÍK** Góð 2ja herbergja íbúð á fjórðu hæð í lyftuhúsi. Nýlega er búið að klæða húsið að utan og skipta um gler og glerlista, ný útidyrarhurð. Húsvörður er í húsinu. Verð 14,9 millj. 7685  
**JESUS - TEKUR Á MÓTI FÓLKI MILLI KL. 14.00 og 16.00 sími 868 2874**

**NORÐURBAKKI 1 OG 3 - HAFNAFJ. - TIL AFHENDINGAR FLJÓTLEGA**

**OPIÐ HÚS Á MORGUN - MÁNUDAG 15. sept.**




Glæsilegar 3ja-4ra herb. íbúðir m/stæði í bilageymslu á frábærum stað við sjávarsíðuna í miðbæ Hafnarfjarðar.

- \* Vandaðar innréttingar frá InnX
- \* Vönduð tæki frá Miele
- \* Þakgarður
- \* Glæsileg fullbúin sýningaríbúð

Verð frá 31,0 millj. 6649

**OPIÐ HÚS Á MORGUN - MÁNUDAG 15. sept. MILLI KL. 17.00 OG 18.00 SÖLUMENN AS FASTEIGNASÖLU VERÐA Á STAÐNUM.**

**Hörðukór 3**  
203 Kópavogur

**SÖLUSÝNING**  
Verið velkomin í dag á milli  
**kl. 16:30 - 18:00**

**4 herbergja 116 - 128 fm íbúðir Verð frá 29.0 millj.**



**90% LÁN Í BOÐI EKKERT UPPGREIÐSLUGJALD**

- Áhvílandi á öllum íbúðum 20 millj. lán frá íbúðarlánasjóði.
- Glæsilegt útsýni og stutt í alla þjónustu
- Fallegar innréttingar frá HTH
- Parket í "Gullínunni" frá Harðviðarval fylgir öllum íbúðum

Sjá allar nánari upplýsingar á [www.hordukor.is](http://www.hordukor.is)



**Boas**  
Sölufulltrúi  
**699 6165**  
boas@remax.is



**Þórarinn Jónsson**  
Löggiltur fasteignasali, Hdl



**NESEIGNIR**  
SÍMI 535 0200 www.neseignir.is  
FASTEIGNASALA | ÁNANAUSTUM V/ SÓLVALLAGÖTU 84

Kristinn Kjartansson  
gsm: 820 0762  
kristinn@neseignir.is

Gunnar Valdimarsson  
lögg. fasteignasali  
og viðsk. fræðingur  
gsm: 895 7838  
gunnar@neseignir.is

## VEITINGARHÚSNÆÐI VIÐ LAUGAVEG TIL SÖLU

Fróm

Vorum að fá einkasölu mjög gott húsnæði til sölu miðsvæðis við Laugaveg.

- ✓ Húsnæðið er á tveimur hæðum og er rekinn veitingastaður í húsnæðinu í dag.
- ✓ Húsnæðið selst með öllum tækjum og áhöldum sem til staðar eru.
- ✓ Húsnæðið er um 180 fm að stærð og geta fylgt góð áhvilandi lán

Verð kr. 75.000.000

Allar nánari uppl. gefur Kristinn R. Kjartansson í síma 535 0200

Gunnar Valdimarsson, lögg. fasteignasali

**HÚSAVÍK**  
FASTEIGNASALA

BORGARTÚN 29  
SÍMI 510 3800  
FAX 510 3801  
WWW.HUSAVIK.NET  
REYNIR BJÖRNSSON  
ELIAS HARALDSSON  
LÖGG. FASTEIGNASALAR

## Opið hús í dag frá kl. 14-15 Skúlagata 60



Falleg og mikið uppgerð 51 fm 2ja herbergja íbúð á 1. hæð í hjarta borgarinnar. Björt stofa með útg. út á suður svalir. Nýlegt eldhús og uppgerð baðherbergi. Áhv. gott lán frá íbúðalsj. 14,7 millj. m. 5,05% vöxturm. Verð 17,9 millj.

Gestir velkomnir í dag frá kl. 14-15.  
Neðsta bjalla og teikningar á staðnum.

HÚSAVÍK - GOTT ORÐSPOR - TRAUST VIÐSKIPTI

**ARBORGIR**  
Austurvegur 6  
Sími 482-4800  
www.arborgir.is

## Opið hús í dag sunnudag milli klukkan 16:00 og 18:00 að Smáratúni 14 Selfossi.

**Tvær íbúðir, Góðar leigutekjur**



4ra herbergja aðalhæð í snyrtilegu tvíþýlishúsi og ris sem er óinnréttað með mikla möguleika ásamt ný innréttaðum bílskúr sem inniheldur glæsilega 3ja herbergja íbúð. Staðsetning eignarinnar er góð, róleg gata, gróinn og fallegur garður með góðri vernd miðsvæðis á Selfossi, stutt í alla þjónustu. Verð 24,9 millj. Góð kaup. Nánari upplýsingar gefur Atli sölufulltrúi: s: 899-1178 eða atli@arborgir.is

Guðjón Aegir Siquiríonsson hrl. - lögg. fasteignasali

**Kvistavellir 4 og 6**  
Hafnarfjörður  
Gott verð

Stærð: 191,3 fm  
Fjöldi herbergja: 5  
Byggingarár: 2007  
Brunabótamat: 0  
Bílskúr: Já

**RE/MAX**  
Lind

## Opið Hús



Sunnudag milli kl 15-16

Verð: 28.900.000

Páll Guðmundsson  
Sölufulltrúi  
861 9300  
pallb@remax.is

Gylfi Gylfason  
Sölufulltrúi  
7704040  
gylfi@remax.is

Þórarinn Jónsson  
Lögg. fast. hdl.  
thorarinn@remax.is


Glæsilegt 163,9 fm raðhús á tveimur hæðum ásamt 27,4 fm bílskúr, samtals 191,3 fm. Neðri hæðin skiptist í forstofu, snyrtingu, stofu, borðstofu, eldhús, sjónvarpshol, þvottahús, geymslu og bílskúr. Efri hæðin skiptist í fjögur svefnherbergi, baðherbergi og gang. Gengið er út á svalir úr hjónaherbergi. Húsið afhentist fullbúið að utan og fókheitt að innan. Lóðin er gróðfönuð. Húsið er steypt á hefðbundinn hátt, sökkklar, botnplata, úteggir, stigi, berandi innveggir og gólfplata efri hæðar eða staðsteypt. Burðarvirki þaks er úr timbri. Á þaki er bárujár (aluisink). Að utan er húsið steinað í lit að vali Húsbýggis ehf. Gluggar eru úr timbri, staðsteyptir í. Gler í gluggum er tvöfalt K-gler. Gluggar eru hvítir að lit og lítaðir með þekjandi lit. Úthúró er oregan pine eða mahony. Bílskúrshúró er hvít alhúró. Aðrar hurðir eru úr pine. Þakkantar eru klæddir paníkklæðningu. Lóð gróðfönuð sem næst 25 cm hæð undir endarlegt yfirborð. Bilastaði með malarfyllingu. Umframbyggingarefni og rusl er fjarlægð af lóð. Dyrasimi og útljós fylgja ekki. Afhentist fullbúið að utan en fókheitt að innan.

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

## Fasteignablaðið

512  
5469  
.....  
694  
4103

**Ruth Bergs**  
ruth@365.is



## FYRIRTÆKJAKAUP

Ármúli 15 - Sími: 515 0500 - www.fyrirtaekjakaup.is

### Veitingahús - Miðbær

Spennandi viðskiptatækifæri í miðbæ Reykjavíkur. Fullbúið og glæsilegt veitingahús á besta stað í miðbænum með öruggum leigusamningi, mikilli veltu og góðri framlegð, ásamt öllu lausafé sem góðum veitingahúsum þarf að fylgja. Hér er um að ræða einn af betri veitingastöðum borgarinnar. Auðveld kaup fyrir góða veitingamenn.

Upplýsingar gefur  
Guðmundur Valtýsson,  
viðskiptafræðingur á skrifstofu  
Fasteignakaupa Ármúla 15, Rvk.

Fyrirtækjakaup aðstoðar kaupendur og seljendur við að finna réttu lausnirnar og hefur á að skipa fólki með þekkingu á sviði rekstrarhagfræði, viðskiptafræði og löggæði ásamt þekkingu á íslensku viðskiptalífi.

Erna Valsdóttir lögg. fasteigna-, skipa- fyrirtækjasali

**HRAUNHAMAR**  
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## Strikið - Eldri borgarar - Jónshús.



HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA KYNNIR GLÆSILEG 2JA HERBERGJA ÍBÚÐ Á 3 HÆÐ Í NÝJU LYFTUHÚSI FYRIR 60 ÁRA OG ELDRÍ (JÓNSHÚS) Á ÞESSUM VINSÆLA STAÐ Í SJÁLANDI Í GARDABÆ.

Eignin skiptist í anddyri, hol, eldhús, stofu, borðstofu, herbergi, baðherbergi, þvottahús og geymslu. Fallegar innréttingar og gólfefni

Verð 27,9 millj. Áhvilandi hagstætt lán ca. 13 millj. Laus strax.

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

**Öldugata 48**  
220 Hafnarfjörður  
Á besta stað í Firðinum

Stærð: 88 fm  
Fjöldi herbergja: 4  
Byggingarár: 1961  
Brunabótamat: 15.750  
Bílskúr: Nei

**RE/MAX**  
Skeifan

## Opið Hús




Ólafur Geir  
Sölufulltrúi  
6921649  
oligeir@remax.is

Elisabet Agnarsd.  
Lögg. fasteignasali  
elisabet@remax.is

sunnd. 14 sept kl. 14.30 til 15.30

Verð: 20.500.000

Komið inn í forstofugang, 3 svefnherb. 2 rúmgóð með innbyggðum skápum og eitt lítið með lausum skáp. Baðherbergið með opnanlegum glugga, baði og sturtu. Eldhús með hvítari viðarinnréttingu og rúmgóðum borðkrók, uppþvottavél og ísskápur fylgja. Stofan er rúmgóð með suðurglugga og útgengi á svalir. Á gólfum er nýtt parket á stofu, borðstofu og eldhúsi, en eldra parket á herbergjum og gangi, dúkur á baðherb. Í sameign er geymsla íbúðar, þvottahús og hjólagæymsla. BÓKAÐU SKOÐUN STRAX Í DAG

RE/MAX Skeifan - Faxafen 8 - 108 Reykjavík - Sími: 412 3400 - www.remax.is

**HRAUNHAMAR**  
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## Strandgata - Hf. Til sölu - leigu.

SKRIFSTOFUR?  
VEITINGARSTAÐUR?



Um er að ræða heila húseign, 313 fm. sem skiptist þannig: Aðalhæð, veislusalur, eldhús ofl. Efri hæð; Fundasalur, skrifstofur ofl. Kjallari verslunarplass. Einstök eign og góð staðsetning, við eina helstu þjónusta/verslunargötu bæjarinnar. Verðtilboð.

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali



Kvistavellir 34-40  
221 Hafnarfjörður

RE/MAX  
Lind



4 herbergja - Stærð 172,5 fm - Bílskúr

Glæsileg og vönduð raðhús á góðum stað á Völlumum í Hafnarfirði. Gólfhiti og neysluvatn ísteypt. Stæði fyrir halogenljós steypt í loft á neðri hæðum.

Gott verð fyrir góða eign - Húsin eru í byggingu.



**Bóas**  
Sölufulltrúi  
699 6165  
boas@remax.is



**Þórarinn Jónsson**  
Löggiltur fasteignasali, Hdl

RE/MAX LIND • Bæjarlind 14-16 • 201 Kópavogur • Sími 520 9500

Opið hús í dag (sunnudag) kl. 16.00 – 18.00 – Nýhöfn 1-5, Garðabæ



UPPLIFÐU STEMNINGUNA VIÐ NÝHÖFN

- Við sjávarkambinn á Sjálandi í Garðabæ.
- Frábært útsýni og smábátahöfn.
- 130 fm. íbúðir auk bílskúrs.
- Bílskúr með öllum íbúðum.
- Þrjár lyftur fyrir 15 íbúðir.
- 19 fm. glerjanlegar svalir.
- 28 fm. þakgarður fyrir íbúðir á 1. hæð.

Við erum alltaf við, sýnum dag og kvöld.  
Sígurður 898-3708 og Þórhallur 896-8232



Garðatorg 7 - 210 Garðabæ - Sími 545 0800  
Þórhallur Guðjónsson, lögg. fast.sali



**FJÁRFESTING**  
FASTEIGNASALA EHF  
Sími 562 4250



Pétur P. Sigurðsson hrl.  
löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

Sæbólsbraut 37 – Raðhús með bílskúr.  
Opið hús í dag á milli 15 og 16



Til sölu, glæsilegt og vel skipulagt 190 fm. raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr við Fossvögginn í Kópavogi. Eignin er mikið endurnýjuð, ný gólfefni og glæsilegar innrétningar í eldhús- og baðherbergi. Stór svefnherbergi, stofa og borðstofa. Fallegur og skjólsæll viðarpallur. Frábær staðsetning, stutt er í alla helstu þjónustu, Kringlan og Smáralind skammt frá. Jón Þór og Guðmundur, sýna íbúðina í dag, sunnudag, á milli 15 og 16.



Stakfell | Grunnur að góðu lífi

Þorlákur Ó. Einarsson, lögg. fasteignasali  
Þórhildur M. Sandholt, lögfræðingur og lögg. fasteignasali

**Stararimi**  
– einbýlishús með útsýni



Þjóðum ykkur velkomin að skoða fallegt 165 fm einbýlishús á einni hæð með 32.3 fm bílskúr. Eignin skiptist í 3 svefnherbergi, baðherbergi með hornbaðkeri, eldhús með nýlegri innréttingu, samliggjandi stofu og borðstofu. Til suðvesturs er stór falleg afgirt hellulögð verönd. Vönduð eign á frábærum stað. Verð 52.5 millj

**Skeggjagata**  
– hús með 2. íbúðum



U.þ.b. 300 m<sup>2</sup> hús á þessum gróna og vinsæla stað í Reykjavík. Húsið skiptist í tvær 98 m<sup>2</sup> þriggja herbergja íbúðir. Þar að auki eru fjögur herbergi sem eru í útleigu. Rafmagn og tafla nýlegt. Vatnsleiðslur endurnýjaðar að mestu í kjallara svo og gluggar. Bílskúr fylgir. Nýlegt dren. Verð 89 millj.

Lágmúli 7, sími 535\_1000



**FJÁRFESTING**  
FASTEIGNASALA EHF  
Sími 562 4250

Pétur P. Sigurðsson hrl.  
löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

Glaðheimar 4, 1. hæð – 5. herb. sérhæð.  
Opið hús í dag á milli 14 og 16



Til sölu vel skipulögð og falleg 5 herb. sérhæð á 1. hæð, samtals 121,5 fm, í þrjú íbúðir á góðum stað miðsvæðis í Reykjavík. Falleg gólfefni; parket og flísar. Snýrilegar innrétningar. Stór stofa og borðstofa. Rúmgóð svefnherb. Möguleiki á bílskúr. Skólp í sókklum, rafmagn í íbúð og miðstöðvarlagirnir eru endurnýjaðar. Nýbúð er að lagfæra húsið að utan. Lækkað verð 34,9 millj. Hafþór sýnir hæðina í dag, sunnudag, á milli 14 og 16.



**FJÁRFESTING**  
FASTEIGNASALA EHF  
Sími 562 4250



Pétur P. Sigurðsson hrl.  
löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

Fást á yfirtöku á láni, engin útborgun.  
Parhúsaloðir við Leirvogstungu í Mosfellsbæ



Parhúsaloðir við Kvíslartungu 31 og 33 í Leirvogstunguverfi í Mosfellsbæ. Jarðvegspúði er kominn. Arkitektateikningar samþykktar. Bygginarleyfisgjöld eru fullgreidd. Hægt er að hefja framkvæmdir strax. Lóðirnar fást á yfirtöku á áhvilandi láni, eftirstöðvar rúmar 28 millj. Allar upplýsingar á skrifstofu Fjarfestingar eða hjá Óskari í síma 822-8750.

Frábær staðsetning í Klettagörðum 6

104 Reykjavík

Klettagarðar 6, (austari hluti) er nýlegt stálgrindarhús 2.440 fm að stærð. Aðalsalur/vörulager er 1.780 fm og 12 metra lofthæð. Þrjár stórar innkeyrsludyr. Skrifstofu, starfsmannaaðstaða og vöruloft sem er sameiginlegt 660 fm.

Hægt að leigja í heilu lagi. Einnig er hægt að skipta húsnæði niður t.d. skrifstofu + starfsmannaaðstöðu og hluta af lager.

Góð aðkoma að húsinu með nægum bílastæðum og góðu athafnasvæði. Húsið er sérlega vel staðsett við svæði skipafélaganna við Sundahöfn.

AFL

Upplýsingar um eignina veitir  
Guðjón M. Jónsson í gsm 896-9620  
afl.ehf@simnet.is

til leigu!





# domus

FASTEIGNASALA



Rósa Pétursdóttir  
lögg. fasteignasali  
Reykjavík



Linda B. Stefánsdóttir  
lögg. fasteignasali  
Reykjavík

## SÖLUSÝNING

Í dag kl. 15:00-15:30



### 101 Reykjavík

Verð 68,9 millj.  
Fjöldi herb. 5  
Stærð 170,4 fm  
Byggingarár 1902  
Annað Einbýlishús


### Brekkestígur 7

Gullfalllegt og vel viðhaldið einbýli á rólegum stað með stórrí eignalóð. Húsið allt endurnýjað bæði að utan sem og innan. Í kjallara er nýþupgerð stúdíóíbúð. Fallegur garður með bílastæði beggja vegna hússins. Perla í hjarta Reykjavíkur.

Halldór Jenson  
viðskiptastjóri  
halldor@domus.is  
sími 840 2100



## Bókaðu skoðun



### 220 Hafnarfirði

Verð 5  
Fjöldi herb. 265,4 fm  
Stærð 1985  
Byggingarár 1985  
Annað Tvöfaldur bílskúr

### Kelduhvammur

Gullfalllegt og einstaklega vel skipulagt parhús með tvöföldum innbyggðum bílskúr. Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni og er innst í götunni. Fallegar innrétt. og gólfefni. Suður garður með verand. Glæsileg eign á eftirsóttum stað.

Halldór Jenson  
viðskiptastjóri  
halldor@domus.is  
sími 840 2100



## SÖLUSÝNING

Í dag kl. 16:00-16:30



### 112 Reykjavík

Verð 45,9 millj.  
Fjöldi herb. 4  
Stærð 129,8 fm  
Byggingarár 1988  
Annað Mikil endurnýjuð eign.

### Fannafold 123A

Glæsilegt parhús með innbyggðum bílskúr á besta stað í Grafarvogi. Húsið er á einni hæð. Eignin er mikil endurnýjuð á mjög smekklegan og fallegan hátt. Fallegur garður og stór og skjólgóður pallur. Eign sem vert er að skoða.

Elsa Þóroldsdóttir  
viðskiptastjóri  
elsa@domus.is  
sími 664 6013



## Bókaðu skoðun



### 201 Kópavogur

Verð 37,9 millj.  
Fjöldi herb. 4  
Stærð 149 fm  
Byggingarár 1997  
Annað Bílskúr

### Kópalind 12

Rúmgöð og vel skipulögð íbúð með sér inngangi og bílskúr innst í botnlanga. Vandáðar innréttingar og gólfefni. Vestur svalir með góðu útsýni. Gengið inn beint frá götu. Stutt í alla almenna þjónustu skóla, leikskóla.

Halldór Jenson  
viðskiptastjóri  
halldor@domus.is  
sími 840 2100



## SÖLUSÝNING

Í dag kl. 15:00-15:30



### 201 Kópavogur

Verð 62 millj.  
Fjöldi herb. 6  
Stærð 200 fm  
Byggingarár 1995  
Annað 30 fm áskráð rými

### Fjallalind 13

Fallegt og vandað parhús á 2 hæðum. Gegnheilt parket á gólfum, innrétt. og innihurðir úr kirsuberjavíð. Hjónah. á efri hæð með fataherb. innaf. Glæsilegt baðh. með tvöf. baðkari. Stórt þv.h. með innrétt. Fallegur garður með sölipalli.

Linda B. Stefánsdóttir  
lögg. fasteignasali



## SÖLUSÝNING

Í dag kl. 15:00-15:30



### 200 Kópavogur

Verð Tilboð óskast  
Fjöldi herb. 6  
Stærð 280 fm  
Byggingarár 1973  
Annað Glæsileg eign.

### Álfhólsvegur 133A

Glæsilegt og vel viðhaldið einbýli með innbyggðum tvöföldum bílskúr á besta stað í Kópavogi. Mjög gott fjölskylduhús með rúmgóðum herb. Útgengi út á pall og þaðan út í suður garð út frá stofu og sjónvarpsherbergi. Sjón er sögu ríkari.


Elsa Þóroldsdóttir  
viðskiptastjóri  
elsa@domus.is  
sími 664 6013



www.domus.is Domus fasteignasala | Laugavegi 97 | 101 Reykjavík | Sími 440 6000

# Rentus

LEIGUMIÐLUN



Björgvin Viðir  
viðskiptastjóri  
vidir@domus.is  
sími 664 6024

### Austurströnd, 170 Seltjarnarnes

Til leigu 2ja herbergja íbúð á 5 hæð í lyftuhúsi við Austurströnd í Reykjavík. Íbúðin er 51fm og skiptist í svefnherbergi, eldhús og stofa eru eitt rými með útgengi á svalir með góðu útsýni, flísalagt baðherbergi sér geymsla í kjallara, þvottahús á hæð. Stæði í bilageymslu. Góð staðsetning í göngufæri við skóla íþróttamannvirki.



Björgvin Viðir  
viðskiptastjóri  
vidir@domus.is  
sími 664 6024

### Faxafen, 108 Reykjavík

Til leigu skrifstofuáðstaða og kennslustofur á 2. hæð við Faxafen í Reykjavík. Um er að ræða 4 kennslustofur sem eru misstórar ásamt rými sem notað er sem setustofa og áðstaða fyrir kaffi. Í sama húsnæði er einnig til leigu skrifstofu áðstaða með móttökuborði ásamt fullbúnu eldhúsi og snyrtingum.



Björgvin Viðir  
viðskiptastjóri  
vidir@domus.is  
sími 664 6024

### Hvammabraut, 220 Hafnarfj.

Til leigu rúmgöð og björt 3ja herbergja íbúð á 2 hæð við Hvammabraut í Hafnarfirði. Eignin skiptist í 2 svefnherbergi, eldhús, rúmgóða stofu með útgengi á svalir, baðherbergi. Sér geymsla er í kjallara ásamt sameiginlegri hjóla og vagnageymslu. Stæði í bilageymslu fylgir íbúðinni.



Björgvin Viðir  
viðskiptastjóri  
vidir@domus.is  
sími 664 6024

### Austurvegur, 800 Selfoss


Skrifstofuhúsnæði. Til leigu tvær glæsilegar 17 fm skrifstofur ásamt ca 25fm fundarherbergi á annarri hæð í nýþupgerðu skrifstofurými í miðbæ Selfossbæjar nánar tiltekið við Austurveg á Selfossi. Rýmið samanstendur af 2 rúmgóðum skrifstofum, móttöku, stóru fundarherbergi með skjávarpa, eldhúsi og snyrtingu. Hér er allt til alls.



Björgvin Viðir  
viðskiptastjóri  
vidir@domus.is  
sími 664 6024

### Hagatorg, 107 Reykjavík

Skrifstofuhúsnæði. Til leigu skrifstofuhúsnæði á jarðhæð Hótel Sögu/RadissonSAS við Hagatorg. Um er að ræða 9 skrifstofur og fundarherbergis ásamt eldhúsi aðstöðu og snyrtingum. Mögulegt er að ganga um inngang gengt Þjóðarbókhöllu eða um sér inngang gengt Háskóla Íslands.



Björgvin Viðir  
viðskiptastjóri  
vidir@domus.is  
sími 664 6024

### Svarthamar, 112 Reykjavík

Til leigu góð 4ra herbergja íbúð á annarri hæð við Svarthamra í Reykjavík. Íbúðin er 106fm með sér inngang og skiptist í forstofu, 3 svefnherbergi, stofu, eldhús með borðkrók, baðherbergi, tengi fyrir þvottavél á baði, geymsla/búr er innan íbúðar. Grunnskóli og leikskóli eru í göngufæri, stutt í aðra almenna þjónustu.





# Þjóðleikhúsið

leikhúsið þitt!



Bragi Ásgeirsson myndlistarmaður.

## Ferill Braga rakinn

Forsíða Menningar er samsett sjálfsmýnd eftir Braga Ásgeirsson frá upphafsárum hans í myndlist, en í gær var opnuð á Kjarvalsstöðum yfirlitssýning á ferli þessa afkastamikla listamanns sem rekur sextíu ára feril hans. Bragi stundaði nám í Handíða- og myndlistarskólanum frá 1947-1950 og framhaldsnám í Kaupmannahöfn, Ósló og München áratuginn á eftir. Bragi



var fyrstur manna að taka aftur til við grafík og fylgdi þar í fótspor Guðmundar frá Miðdal og Jóns Engilberts. Hann hefur á ferli sínum hlotið

fjöldi starfsstyrkja frá erlendum aðilum enda víðföru í samsýningum víða um lönd. Hann er heiðursfélagi í Íslenskri grafík og hefur haft mikil áhrif, bæði sem kennari og gagnrýnandi hjá Morgunblaðinu. Hann er sá íslenskra myndlistarmanna sem hefur um langt árabíl skrifað yfirlitsgreinar um erlenda myndlist frá ferðum sínum beggja vegna Atlantshafsins.

Bragi var ásamt Erró frumkvöðull í popplist á Íslandi með samsettum myndum með þrívíðum nytjahlutum, brúðumlitum og öðru sem til féll. Hann hefur alla tíð verið afar leitandi í sköpun sinni og lagt óhræddur á ný mið en ekki látið njörva sig í grónar götur.

Samfara sýningunni á Kjarvalsstöðum kemur út bók hjá forlaginu Opnu með yfirliti um feril hans í ritstjórn Þorodds Bjarnasonar en hann mun í dag vera með leiðsögn um sýninguna á Kjarvalsstöðum kl. 15.



### HART Í BAK KLÓKUR ERTU, EINAR ÁSKELL UTAN GÁTTA KARDEMOMMU BÆRINN



### ENGISPRETTUR ÍVANOV ÁSTIN ER DISKÓLÍFIÐ ER PÖNK SÁ LJÓTI SKILABOÐASKJÓÐAN



### 08/09 FRIDA ÖKKUBUKKA Í ÓÐAMANS-GARÐI



### SUMAR LJÓSSÆDÝRASAFNIÐ AF ÁSTUM MANNS OG HRÆRIVÉLAR



### PRETTÁNDAKVÖLD ETERINN MACBETH HEIÐUR



## KORTASALAN Í FULLUM GANGI

www.leikhusid.is Miðasala Þjóðleikhússins 551 1200 / midasala@leikhusid.is



### Óvænt áfall - eða fyrirsjáanleg tímamót?

Brottför Bandaríkjahears frá Íslandi: Aðdragandi og viðbrögð. Hér er fjallað um forsendur brottfararhersins og viðbrögð íslenskra stjórnvalda. Spurt er m.a. hvort varnir Íslands séu nægilega vel tryggðar, hver geti gegnt þeim verkefnum sem þylur Bandaríkjahears sinnu og hvers vegna stjórnvöld ákvaðu að koma á fót Varnarmálastofnun?

Gunnar Þór Bjarnason  
Kilja. 168 bls. kr. 3.900



### Persónuvernd í upplýsingasamfélagi

Hvernig fylgjast fyrirtæki og stofnanir með starfsmönnum sínum? Hvaða áhrif hefur aukin rafrænt eftirlit á afköst og vinnu gleði fólks? Hver hefur aðgang að viðkvæmum heilbrigðis upplýsingum? Hvernig getur löggjafinn tryggt öryggi persónulegra upplýsinga í gagnagrunnum? Hér er m.a. fjallað um þessar spurningar og reynt að draga upp mynd af möguleikum eftirlits í íslensku samfélagi og sýna hverskonar persónuupplýsingum er safnað.

Salvör Nordal ritstjóri  
Kilja. 142 bls. kr. 2.900



### Heimspékisaga

Þessi bók er almennt talin eitt besta yfirlitsverk sem völ er á um sögu heimspékinnar frá dögum Forn-Grikkja til samtímans, þar sem fram koma æviágrip helstu heimspékisögunnar, yfirlit yfir verk þeirra og framlag til heimspéki sögunnar. Birtir eru umfangsmiklir kaflar úr frumtextum þeirra og lesandinn er leiddur í gögnum söguna með áleitnum spurningum og úrlausnarefnum skýrð sem heimspékningar hafa lagt fram við ólíkum, áleitnum vandamálum tilverunnar.

Gunnar Skirbekk, Nils Gilje, Stefán Hjörleifsson byddi.  
Kilja. 758 bls. kr. 3.900



### Afbrot á Íslandi

Hvernig er unnt að skýra fíkniefnavandann? Dregr hert refsipólitik úr vandanum? Hvaða þættir hafa áhrif á ólögmæta hegðun í íslenskum stórfyrirtækjum? Hvernig á hið opinbera að bregðast við vandi? Hvers vegna koma sífellt fram kröfur um hertar refsingar í baráttunni við glæpi?

Hverju skila þær? Er fellingarmáttur viðurlaga breytilegur eftir brotamönnum og brotaflokkum? Bókin er þarft innlegg í umræðu um íslenskt samfélag og þróun þess frá sjónarhorni félags- og afbrotaráðinnar.

Helgi Gunnlaugsson  
Kilja. 214 bls. kr. 3.900








## Íslenskt góðgæti á Loka

Verið velkomin í Textíl og Café Loka

Á Loka er einnig myndlistarsýning og textilsýning

Opið kl. 9-18 virka daga og 10-18 um helgar



Katrín Elvarsdóttir / Sigrún Sigurðardóttir  
**HEIMA-HEIMAN** 13. sept.  
**HOME-AWAY** 23. nóv.  
 2008



LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR  
 Reykjavík Museum of Photography

Tryggvagata 15, 6th floor · 101 Reykjavík · Tel. 563 1790 · [photomuseum@reykjavik.is](mailto:photomuseum@reykjavik.is) · [www.photomuseum.is](http://www.photomuseum.is)  
 Opening hours 12-19 mon-fri, 13-17 weekends · ADMISSION FREE

Auglýsingasími

**512 50 50**

- Mest lesið

# HIN HELGA BÓK

Heimildarmyndin „Í Skugga hinnar heilögu bókar“ verður sýnd á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík sem hefst eftir tíu daga. Myndin varpar ljósi á framkomu alþjóðlegra stórfyrirtækja í viðskiptum sínum við einræðisherra Túrkménistans, hins olú- og gasauðuga lands.


KVIKMYNDIR HELGA BREKKAN

**L**eikstjóri heimildarmyndarinnar „Í skugga hinnar heilögu bókar“, Finninn Arto Halonen, hefur gert fjölda kvikmynda, bæði leiknar myndir og heimildarmyndir og komið víða við á ferli sínum. Myndir sínar hefur hann tekið á Kúbu, í Kína, Malasíu, Tíbet, Rússlandi og víðar. Nýjasta mynd hans fjallar um viðskipti stórfyrirtækja í einræðisríkinu Túrkménistan. Af hverju gerðir þú þessa mynd um Ruhnama, hina heilögu bók Túrkménistans?

Ég hef lengi fylgst með því hvernig stórfyrirtæki skipta við einræðisríki þar sem fólk er pyntað og myrt fyrir skoðanir sínar. Ég kynntist því í Tíbet og Kína fyrir tíu árum en hafði ekki fundið réttan farveg til að nálgast það. Þegar ég las greinarflokki í Helsingin Sanomat um Túrkménistan þá skildi ég að þessi bók, Ruhnama, var tilvalin leið til þess að segja frá tvöfeldni stórfyrirtækja í viðskiptum. Þeir eru að láta þýða þessa fátánlegu bók sem Turkmenabasi skrifaði sjálfur og allir verða að lesa. Hún er blanda af áróðri um yfirburði hans, sögum og trúarbrögðum. Bókin hefur rústað menntakerfið í landinu. Menn þurfa meira að segja að læra hana utan að til þess að fá að taka bílpróf.

Og hvað gera erlend stórfyrirtæki?

Þau láta þýða hana yfir á sín tungumál og færa einræðisherranum að gjöf. Hann notar það í sínum áróðri. Til dæmis var sagt að þýska þjóðin væri búin að láta þýða Ruhnama og að þetta væri mikilvægt tákni um vináttu landanna. Sannleikurinn var sá að Siemens lét þýða bókina til að fá viðskiptasamninga. Þeir eiga stóran þátt í því hversu öflugar hlerunargræjurnar eru nú í landinu. Tyrkneska fyrirtækið Chalik fékk stærsta hluta koku Turkmenabasis. Það reisir hallir í höfuðborginni á meðan almúginn lifir undir fátæktarmörkum úti á landsbyggðinni. Chalik sjálfur var gerður að ráðherra þótt hann væri ekki einu sinni túrkneskur ríkisborgari. Chalik lét, eins og Siemens, Caterpillar og fleiri, þýða báða hluta Ruhnama á sína tungu.



Arto Halonen verður gestur Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík.

MYND HELGA BREKKAN

Hvernig gekk ykkur að ná sambandi við þessi fyrirtæki?

Enginn vildi tala við okkur og þetta er greinilega mjög neyðarlegt fyrir fyrirtækin, en engu að síður það sem þau hafa gert. Ruhnama hefur verið þýdd á 40 tungumál en enginn vildi ræða um það við okkur. Að lokum samþykkti fulltrúi finnsks fyrirtækis að veita okkur viðtal. Hann sagði að þeir hefðu hafið þýðingu á bókinni en hann hefði fljótlega skilið að það væri siðferðilega rangt að smjæðra fyrir einræðisherra á þennan hátt. Því hafi fyrirtæki hans hætt við þýðinguna og þar með einnig misst milljónasamning við Túrkménistan. Þessi fulltrúi finnska fyrirtækisins Asco var sá eini sem vildi tjá sig um málið.

Hvernig gekk að kvikmynda í Túrkménistan?

Bara að komast þangað var mjög erfitt, en okkur tókst það tvisvar sem ferðamenn í hóp. Okkur var fylgt út um allt en tókst að plata leiðsögumanninn. Þeir sem vildu hitta okkur og segja frá gerðu það meðvitaðir um hættuna. Í myndinni eru einnig viðtöl við Túrkménna hafa setið í fangelsi en lifa nú í útleið. Við höldum sambandi áfram og reynum að aðstoða þeirra baráttu eftir fremsta megni. Eftir að hún var sýnd hér í Finnlandi hefur finnska stjórnin sett á stofn nefnd

sem á að semja reglur um siðferði finnskra fyrirtækja. Finnski utanríkisráðherrann hringdi í mig um daginn áður en hann fór í heimsókn til Túrkménistan nýlega. Ég benti honum á það sem við erum að segja í myndinni og siðferðilega ábyrgð finnskra fyrirtækja. Það var nefnd í gangi fyrir nokkrum árum á vegum Sameinuðu þjóðanna sem vann að mjög ákveðnum reglum sem átti að gilda fyrir öll fyrirtæki landa sem eiga aðild að þeim. En vegna þrýstings frá alþjóðlegum stórfyrirtækjum var nefndin lögð niður. Nokia-Siemens Network gerði nýlega rísisamning við nýjan einræðisherra Túrkménistans, Gurbanguly Berdymukhammedov, um símkerfi. Siemens hefur einnig selt þeim hlerunarkerfi sem er notað til að njósna um erlend sendiráð og hjálparstofnanir.

Ég vil vekja umræðu um þessi mál og því erum við einnig með vefsíðu: [www.Freedomforsale.org](http://www.Freedomforsale.org) þar sem við vekjum athygli á starfsaðferðum stórfyrirtækja í einræðisríkjum. Þar kynnum við einnig heimildarmyndir sem fjalla um þessi mál.

Engin finnsk heimildarmynd hefur hlotið jafn mikla dreifingu og „Í skugga hinnar heilögu bókar“. Hún hefur farið á yfir 20 kvikmyndahátíðir og er seld til fjölda sjónvarpsstöðva víða um heim.



HANDRITIN – saga handrita og hlutverk um aldir



SURTSEY – jörð úr ægi




SÍÐBÚIN SÝN – ljósmyndir Halldórs Laxness



SÝNINGAR Á ÖLLUM HÆÐUM

Þjóðmenningarhúsið – The Culture House  
 National Centre for Cultural Heritage  
 Hverfisgötu 15 · 101 Reykjavík  
 Sími 545 1400 · [www.thjodmenning.is](http://www.thjodmenning.is)  
 Sýningar · leiðsögn · verslun

Opið daglega kl. 11.00 – 17.00  
 Leiðsögn án endurgjalds í boði fyrir skólahópa.  
 Leiðsögn á ensku um handritasýninguna kl. 15.30  
 alla virka daga nema miðvikudaga.  
 Veitingar á virkum dögum.







Kvennaframboðið 1982. F.v: Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastjóri, Gerla myndlistarmaður, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra, Elisabet Guðbjörnsdóttir lögfræðingur, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir sendiherra og Kristín Jónsdóttir skrifstofustjóri, höfundur bókarinnar. Myndin var tekin fyrir utan Hótel Vík þar sem framboðsskrifstofa Kvennaframboðsins var.

# HLUSTAÐU Á HINA „gleymdu“ RÖDD

**R**ithöfundur bókarinnar „Hlustaðu á þína innri rödd“, sem fjallar um Kvennaframboðið í Reykjavík og Kvennalistann 1982-1987, sem byggð er á mastersritgerð höfundarins (2005), var sjálfur þátttakandi í Kvennaframboðinu og er því „sýn hennar á viðfangsefnið ... í senn persónuleg og fræðileg“ segir á bókarkápu. Og eins og sönnum sagnfræðingi sémir tekur Kristín það fram í aðfaraorðum „að hvorki fræðikona/maður né aðrir geti verið hlutlausir þrátt fyrir ríkan vilja ... reynsla og vitund fræðimannsins hlýtur alltaf að hafa áhrif á efnisval, túlkun og framsetningu.“ Hún bætir þó við að hún hafi reynt að vera „heidarleg“ í frásögn sinni. En er Kristín ef til vill „of heidarleg“? Frásögn hennar er stundum endasleppt þegar kemur að viðkvæmum málefnum úr innra starfi hreyfingarinnar. Var eitthvað meira sem Kristín vissi en gat ekki rökstutt sem sagnfræðingur? Og hvað hefði mælt á móti því að hún segði frá eins og hún upplifði það, verandi sjálf viðstödd atburði sem hún skrifar um.

„Þetta er saga mikilla átaka, saga sigra og ósigra, saga gleði og vonbrigða,“ segir Kristín réttilega og hver sá sem eitthvert hjarta hefur, karl eða kona sem hefur aukin mannréttindi að leiðarljósi í lífinu, hlýtur að líta á þetta fenomen sem stórt skref í framfaraátt í íslensku samfélagi, sem auk þess að vekja gríðarlega athygli langt út fyrir landsteinana (sem því miður hefur ekki verið rannsakað), breytti landslagi íslenskra stjórn mála sem enn er ekki séð fyrir endann á.

Þó svo að Kristín geri sína vinnu vel og útskýri vandlega fyrir lesandanum þau hugmyndafræðilegu deiluefni sem upp risu á stundum, þá finnur hann ekki fyrir átökunum, þaðan af síður fyrir ósigrunum né vonbrigðunum. Sigurinn var ótvíræður. Átök in voru minniháttar: Einhver gekk út – en það gerist hvern einasta dag í pólitík – eða ætti alla vega að gerast hefðu stjórn mála menn einhver prinsipp að leiðarljósi nútíðs! Og hver voru vonbrigðin?

Kvennalistakonur aðgreindu sig frá fjórflokkunum með því að hafna hugtökum eins og „hægri“ og „vinstri“ og skilgreindu sig þess í stað sem „þriðju viddina“. Þvert á pólitíska flokkadrætti, þvert á stéttir, áttu konur einhvern reynsluheim sameigin-

## HLUSTAÐU Á ÞÍNA INNRI RÖDD – KVENNAFRAMBOD Í REYKJAVÍK OG KVENNALISTI 1982-1987

Kristín Jónsdóttir

\*\*\*

legan sem fékk þær til að starfa saman að þeim málum sem snerti þær allar (burtséð frá því hvar þeirra pólitísku óvinir höfðu staðsett þær, venjulega sem „kommakerlingar“). Það skýtur því skökku við þeirra hugmyndafræði að þær hafi staðið gegn Evrópusambandinu í heild sinni, og því einnig EES-samningnum. Ingibjörg Sólrún var sú eina sem stóð með EES-samningnum og gekk með því inn í framtíðina. Sigríður Dúna var sú eina sem snerist gegn hreyfingunni og það harkalega (árið 1990); daginn eftir gekk hún í Sjálfstæðisflokkinn. Viðkvæmt málefni sem án efa hefur haft sérstaklega skaðleg áhrif á hreyfinguna, og þó að þessir atburðir hafi gerst eftir '87 – þ.e.a.s. ekki innan tímaramma bókar Kristínar – þá nefnir hún þetta í eftirmála, ef til vill til að benda öðrum sagnfræðingum á áhugavert efni fyrir þeirra ritgerðir? Hún hefur kannski stoppað árið 1987 einfaldlega vegna þess að lengra gat hún ekki farið án þess að móðga þær sem hún hafði átt langt samstarf við og eru enn í dag þátttakendur í stjórn mála.

Var það hið flata grasrótarskipulag sem drap listann? Var það áherslan á „kvennamálefni“ (sem þeim tókst að ýta inn af jaðrinum) sem gerði það að verkum að þær urðu áhrifalausar í öðrum málaflokkum? Var það „útskipunarreglan“ sem fældi þær metnaðarfyllstu frá? Var það „útskipunarreglan“ sem olli samkeppni meðal kvennanna og tvístraði áður samstíga hópi? Kristín greinir frá þeim vandkvæðum sem allt þetta að ofansögðu fylgdi, en lesandinn er þó engu nær um hvort þessi vandkvæði hafi verið til þess að hreyfingin starfaði ekki sem skyldi. Hún segir vel frá því hvaða áhrif þau höfðu á innra starf hreyfingarinnar, en það skortir á greiningu á starfi hreyfingarinnar sem stjórn mála-flokki í sínu pólitíska umhverfi og hvernig þessi vandkvæði höfðu áhrif á það.

Árið 1987 stóð Kvennalistinn á hápunkti. Þá hlaut hann 10,1% fylgi kjósenda og fékk tækifæri til að ganga til stjórnarsamstarfs sem ekki gekk. Sagnfræðingurinn gengur frá málinu greiðlega og

segir „að látið var brjóta á kröfu um bætt kjör láglaunafólks“. Hefði Kristín sem sannur sagnfræðingur ekki átt að ræða við aðra formenn flokka og viðra þeirra skoðanir um þennan tíma? Þar var um raunveruleg átök að ræða. Voru þingkonurnar of reynslulausar, eins og þeim var borð á brýn? Voru þær ekki nægilega vel undirbúnar? Eða hvernig ætluðu þær sér að tryggja lögbindingu láglauna í bullandi kreppu og verðbólgu, þegar jafnvel verkalyðshreyfingin hafði lýst kröfunni sem óraunverulegri? Hvaða leik voru formenn annarra flokka að plotta og hvað höfðu þeir sett á oddinn? Hér hefði Kristín mátt hella sér meir út í stjórn málaumræðuna á þessum tíma til að útskýra fyrir lesendum hvað var við að eiga. Hefði ekki verið skynsamlegt líka að ræða við umræddar þingkonur og fá þær sjálfar til að lýsa „vonbrigðunum“ sem það voru að komast ekki í ríkisstjórn?

Það er ævinlega með söknuði sem maður les um kvennahreyfinguna frá þessum tíma. Hvað varð um þennan kraft, samstöðu, frumkvæði og síðast en ekki síst ríkt ímyndunarafli þessara kvenna sem voru svo ófemnar við að fara óhefðbundnar leiðir í baráttu sinni? Hversu væri þess ekki óskandi að við myndum þessa áráðni aftur, ekki síst nú á síðustu og verstu tímum, konur jafnt sem karlar. Er neysluæðið búið að drepa hugsun okkar? Núna, rétt sem þá, er almenningur langþreyttur á því að velferðarmál séu látin sitja á hakanum. Arftakar kvennahreyfingarinnar sitja þó í ríkisstjórn.

P.s. Það er óþarfi að taka fram að Kvennalistinn mætti háði og spotti hvar sem var: á Alþingi, í borgarstjórn og hjá fjölmiðlum (sem mættu þeim með þögninni). Það er merkilegt að lesa um viðbrögð ýmissa háttvirtra þingmanna á þessum tíma við framboði kvenna. Sumar tilvitnirnar sýna hversu langt á eftir samtíma sínum margir þeirra voru. En það sem verra er, þeir sitja enn á þingi.

Kolfinna Baldvinsdóttir  
MA í sagnfræði. Hún sat á sínum tíma í stjórn Veru, 19. júní og í stjórn Hlaðvarpans.



## MYNDLIST á Stokkseyri

Námskeiðin að hefjast. Kennari Sjöfn Har

Myndlist I 22.sept -3.nóv mánud. kl.19.30-22.30  
Myndlist II 24.sept -5.nóv miðvikud. kl.19.30-22.30

Allar upplýsingar á [sjofnhar.is](http://sjofnhar.is) eða síma 894 0367

Eldri umsóknir óskast staðfestar. [sjofnhar@sjofnhar.com](mailto:sjofnhar@sjofnhar.com)


Sjöfn Har myndlistamaður. Listaskálinn Stokkseyri



LISTASAFN KÓPAVOGS  
GERÐARSAFN

## SJÓNDEILDARHRINGIR

BJARNI SIGURBJÖRNSSON KRISTINN E. HRAFNSSON SVAVA BJÖRNSDÓTTIR



**VÍSIR.IS**  
„...ég sá það á vísi“



... AÐ TJALDABAKI

**Kristín Helga Gunnarsdóttir** fékk Vestnorrænu barnabóka-verðlaunin í vikunni fyrir sögu sína Draugaslóð. Var sagan tilnefnd á liðnu vori og var Silja Aðalsteinsdóttir í valnefndinni. Bókin kom út hjá Máli og menningu þar sem dóttir Silju,



Sigþrúður, er ritstjóri barnabókmennta. Þegar tilkynnt var um verðlaunahafann

var Silja orðin útgáfustjóri hjá Máli og menningu. Vænisýki er staðfastur sjúkdómur í rithöfundastétt og ekki eru barnabókahöfundar barnanna bestir – sérstaklega ekki þegar peningaverðlaun eru veitt. Sáu margir ofsönnum yfir nástöðunni sem einkenni þetta ferli.

**Búið er að** loka Austurbæjarbíói fyrir útleigu og þrengir þá verulega að skólafélögum framhaldsskólanna sem þar hafa fengið inni með sýningar sínar. Loftkastalinn er líka hættur starfsemi og aðalból íslenskra sjálfstæðra leikhópa,



Tjarnarbær, er í endurbyggingu og verður ekki opnaður fyrr en á næsta ári. Möguleikhúsið er búið að selja, þá er lðno eitt eftir. Bæði Þjóðleikhús, Borgarleikhús og Íslenska óperan hafa fyllt hús sín svo út úr flóir og Hafnarfjarðarleikhúsið er með þetta dagskrá. Þrengir því verulega að möguleikum frjálsra leikhópa til sýningarstarfs á komandi vetri en dagskrá þeirra er auglýst í Fréttablaðinu í dag.

**Um þessa helgi** gefst áhugasömum tækifæri að sjá norrænar kvikmyndir sem tilnefndar eru til Kvikmynda-verðlauna Norðurlandaráðs. Þeirra á meðal er Brúðguminn eftir Baltasar Kormák. Það er annasamt hjá félögum í Íslensku kvikmyndaakademíunni því á miðnætti á mánudag lýkur kosningu um framlag Íslands til Óskarverðlauna. Til greina koma Brúðguminn, Heiðin, Stóra planið, Skrapp út og Sveitabréðkaup.



[www.kirkjan.is/barnastarf](http://www.kirkjan.is/barnastarf)

Mýsla

Músapési



Matt. 6:21

Hvar sem fjársjóður þinn er, þar mun og hjarta þitt vera

# Barnastarf kirkjunnar fyrir alla krakka!

**Reykjavík og Seltjarnarnes**

**Árbæjarkirkja**  
Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.arbajarkirkja.is](http://www.arbajarkirkja.is)

**Áskirkja**  
Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.askirkja.is](http://www.askirkja.is)

**Breiðholtskirkja**  
Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.breidholtskirkja.is](http://www.breidholtskirkja.is)

**Bústaðakirkja**  
Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.kirkja.is](http://www.kirkja.is)

**Fella- og Hólakirkja**  
Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.fellaogholakirkja.is](http://www.fellaogholakirkja.is)

**Dómkirkjan**  
Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.domkirkjan.is](http://www.domkirkjan.is)

**Grafarholtskirkja**  
Alla laugardaga kl. 11 í Ingunnarskóla  
frá 20. september  
en 14. september í Ingunnarskóla kl. 11  
Nánar á [www.kirkjan.is/grafarholtsokk](http://www.kirkjan.is/grafarholtsokk)

**Grafarvogskirkja**  
Alla sunnudaga kl. 11 í kirkjunni og í Borgarholtskóla  
Nánar á [www.grafarvogskirkja.is](http://www.grafarvogskirkja.is)

**Grensáskirkja**  
Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.kirkjan.is/grensaskirkja](http://www.kirkjan.is/grensaskirkja)

**Háteigskirkja**  
Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.hateigskirkja.is](http://www.hateigskirkja.is)

**Hallgrímskirkja**  
Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.hallgrimskirkja.is](http://www.hallgrimskirkja.is)

**Langholtskirkja**  
Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.langholtskirkja.is](http://www.langholtskirkja.is)

**Laugarneskirkja**  
Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.laugarneskirkja.is](http://www.laugarneskirkja.is)

**Neskirkja**  
Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.neskirkja.is](http://www.neskirkja.is)

**Óháði söfnuðurinn**  
2. og 4. sunnudag hvers mánaðar  
kl. 14, frá og með 14. september  
Nánar á [www.ohadisofnudurinn.is](http://www.ohadisofnudurinn.is)

**Seljakirkja**  
Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [seljakirkja.is](http://seljakirkja.is)

**Seltjarnarneskirkja**  
Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.seltjarnarneskirkja.is](http://www.seltjarnarneskirkja.is)

**Kópavogur**

**Digraneskirkja**  
Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.digraneskirkja.is](http://www.digraneskirkja.is)

**Hjallakirkja**  
Alla sunnudaga kl. 13  
Nánar á [www.hjallakirkja.is](http://www.hjallakirkja.is)

**Kópavogskirkja**  
Alla sunnudaga kl. 11  
í safnaðarheimilinu Borgum  
Sunnudaginn 7. september  
í kirkjunni kl. 11  
Nánar á [www.kopavogskirkja.is](http://www.kopavogskirkja.is)

**Lindakirkja**  
Alla sunnudaga kl. 11 í Salaskóla  
Nánar á [www.lindakirkja.is](http://www.lindakirkja.is)

**Garðabær og Hafnarfjörður**

**Ástjarnarkirkja**  
Alla sunnudaga kl. 11 að Kirkjuvöllum 1  
Nánar á [www.astjarnarkirkja.is](http://www.astjarnarkirkja.is)

**Hafnarfjarðarkirkja**  
Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.hafnarfjardarkirkja.is](http://www.hafnarfjardarkirkja.is)

**Víðistaðakirkja**  
Alla sunnudaga kl. 11 frá 14. september  
Nánar á [www.vidistadakirkja.is](http://www.vidistadakirkja.is)

**Vidalíniskirkja**  
Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.gardasokn.is](http://www.gardasokn.is)

**Bessastaðasókn**  
Alla sunnudaga kl. 11 í sal Álfтанesskóla  
frá 21. september  
en í Bessastaðakirkju 14. september kl. 11

**Fríkirkjan í Hafnarfirði**  
Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.frikirkja.is](http://www.frikirkja.is)

**Mosfellsbær og Vestmannaeyjar**

**Mosfellsprestakall**  
Alla sunnudaga kl. 13 í Lágafellskirkju  
Nánar á [www.lagafellskirkja.is](http://www.lagafellskirkja.is)


**Landakirkja í Vestmannaeyjum**  
Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.landakirkja.is](http://www.landakirkja.is)

Komdu og kíktu í fjársjóðskistuna!

Þú færð Fjársjóðsbókina í sunnudagaskólanum!

**ÞAÐ ERU EKKI BARA GENIN SEM HALDA JAPÖNSKUM KONUM HRAUSTUM OG UNGLEGUM. MATARÆÐIÐ HEFUR ALLT AÐ SEGJA EINS OG KEMUR FRAM Í PESSARI BRÁÐSKEMMTILEGU METSÖLUBÓK SEM GEYMR LYKILINN AÐ GÓÐRI HEILSU.**

**HARA HACHI BUNME** – borðið þar til þið eruð 80% södd, er lífsmottó Japana. Ánægjan og gleðin sem fylgir því að útbúa japanskan heimilismat felst í bragði hans og útliti, höfsemi, áhrifum og samveru. Matargerðin er einföld og hræfnið fæst í næstu búð.



Naomi Moriyama



[www.salkaforlag.is](http://www.salkaforlag.is)



## Þekkir einhver þessar stúlkur?

Kvinnasögusafnið leitar eftir nöfnum stúlkna sem voru á myndum er fylgdu Teofani-sígarettum á árunum 1929 og 1930. Safnið á allmargar ómerktar myndir og biður lesendur Fréttablaðsins um aðstoð. Á vef Kvinnasögusafnsins, [www.kvinnasogusafn.is/Teofani/Teofani/Teofani.htm](http://www.kvinnasogusafn.is/Teofani/Teofani/Teofani.htm), er líka hægt að skoða allar myndirnar. Ef einhver ber kennsl á stúlkurnar á myndunum er hann beðinn að hafa samband við Kvinnasögusafnið í síma 525 5779 eða í tölvupósti á netfangið [audurs@bok.hi.is](mailto:audurs@bok.hi.is).



PETTA GERÐIST: 14. SEPTEMBER 1879

## Dómkirkjan vígð eftir viðgerðir

Dómkirkjan var fyrst tekin í gegn árið 1817 eftir að hafa verið úrskurðuð ónothæf. Á árunum 1846 til 48 var kirkjan hækkuð og stækkuð og árið 1878 var hún enn tekin í gegn og vígð aftur til notkunar 14. september ári síðar.

Upphafið að byggingu Dómkirkjunnar varð þegar gamla Reykjavíkirkirkja lá undir skemmdum árið 1785 og var ákveðið að hún yrði rifin og ný kirkja byggð. Gamla kirkjan var orðin léleg og allt of lítil en hún hýsti einungis tvo þriðju af söfnuðinum í Reykjavík.

Einnig stóð til að flytja biskupsstólinn í Skálholti til Reykjavíkur en Skálholt lá undir skemmdum af völdum

jarðskjálfta. Nýja kirkjan sem reis varð því Dómkirkja. Til að byrja með átti að byggja nýju kirkjuna úr bjálkum eða stokkum en svo var ákveðið að byggja hana úr steini. Danskur steinsmiður, Johan Larsen, tók upp grjót úr stórgrýtisurð við Mjóstræti og því var komið fyrir við Austurvöll þar sem kirkjan reis og var vígð árið 1796.

Fyrsti prestur sem þjónaði í Dómkirkjunni var Guðmundur Þorgrímsson. Hann bjó á Lambastöðum og var aldrei búsettur í Reykjavík.

Hann þjónaði í kirkjunni á meðan hún var enn í smíðum en Guðmundur lést sex árum áður en kirkjan var vígð. Árið 1840 kom fyrsta orgelið í Dómkirkjuna.



ÞAÐ FYLGIR HAUSTINU AÐ FARA Í RÉTTIR Rétttað er um allt land í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Vída verður réttað í dag

Nú er tími gangna og rétta og verður réttað víða um land næstu daga. Í dag verður réttað meðal annars í Fljótstungurétt og Brekkurétt í Borgarbyggð og Fellsaxlarétt í Hvalfjarðarsveit. Í Dölum verður réttað í Fellsendarétt í Miðdölum og á Ströndum verður réttað á Staðarrétt í Steingrímsfirði og einnig í Skeljavíkurrétt á Hólmarvík. Á Norðurlandi verður réttað á Árskógsströnd í Árskógsrétt og á Lokastaðarétt í Fnjóskadal, Suðurþingeyjarsýslu. Rétttað verður einnig í Haldréttum í Holtamannafrétti í dag.



Lena og Hlynur fylgdust með flutningum víkingaskipsins.

## Íslendingur flytur um set

Víkingaskipið Íslendingur hefur verið flutt í sýningarsal á Fitjum sem verður opnaður í Reykjanesbæ næsta vor og nefnist Víkingaheimar. Íslendingur sigldi til Ameríku árið 2000 í tilefni afmælis landafundanna. Hann kom til Reykjanesbæjar árið 2002 og hefur síðan verið unnið að því að byggja naust fyrir hann í Víkingaheimum sem munu líka hýsa sýningu Smithsonian-safnsins, Víkings - The North Atlantic Saga. Íslendingur verður settur upp á tveggja metra háa stöpla og því munu gestir geta gengið undir hann í framtíðinni eða farið í skipið af brú á annarri hæð.

### AFMÆLI



SAM NEILL LEIKARI er 61 árs



GUÐJÓN ÞÓRÐARSON ÞJÁLFARI er 53 ára

# ego dekor



Borðstofuborð 180x100  
Verð áður: 78.000,-  
**-40%**  
VERÐ NÚ: 46.800,-

VIP leðurstóll  
Féanlegur í svörtu, hvítu og brúnu  
Verð áður: 15.800,-  
**-20%**  
VERÐ NÚ: 12.640,-

Lia stóll  
Verð áður: 14.500,-  
**-20%**  
VERÐ NÚ: 11.600,-

Tito stóll  
Féanlegur í brúnu, hvítu og rauðu  
Verð áður: 13.500,-  
**-20%**  
VERÐ NÚ: 10.800,-

Lotus stóll  
Féanlegur í svörtu, brúnu og hvítu  
Verð áður: 13.400,-  
**-30%**  
VERÐ NÚ: 9.380,-

## ÚTSÖLULOK 20-70% AFSLÁTTUR

Wonder leðurtungusófi  
Stærð: 270cmX170cm  
Féanlegur í svörtu og hvítu leðri  
Verð áður: 218.000,-  
**-20%**  
VERÐ NÚ: 174.400,-

New Bond tungusófi  
Microfiber ákæði  
Féanleg tunga  
Stærð: 230cmX157cm  
Verð áður: 139.000,-  
**-30%**  
VERÐ NÚ: 97.300,-

TV-skenkur m/ljósi  
Féanlegur í svörtu og hvítu háglens.  
Stærð: 180cmX90cmX116cm  
Verð áður: 68.000,-  
**-50%**  
VERÐ NÚ: 34.000,-

Vegghengdur skenkur  
Elk - Hvít háglens  
Stærð: 180cmX40cmX60cm  
Verð áður: 98.000,-  
**-30%**  
VERÐ NÚ: 68.600,-  
Einnig féanlegur í stærðum:  
240cmX40cmX60cm  
120cmX40cmX60cm

Eric skenkur  
Hvítuð elk  
Stærð: 170cmX90cmX135cm  
Verð áður: 88.000,-  
**-25%**  
VERÐ NÚ: 66.000,-

3+1+1 Verð áður: 255.000,-  
**-40%**  
VERÐ NÚ: 153.000,-  
3+2 Verð áður: 240.000,-  
**-40%**  
VERÐ NÚ: 144.000,-



fm957.is

## Zúúber snýr aftur!

Þrjár góðar ástæður til að vakna kl. 7 á morgnanna!



66.3% landsmanna undir fertugu hlustar á FM957

Meðaldekun á viku frá áramótum - skv. Capacent

Svali, Gassi og Sigga á FM957

**Zúúber**  
Alla virka daga frá klukkan 7 til 10

FM957



**NOKKUR ORÐ**  
**Pórunn Elísabet Bogadóttir**

## Stjórnmalavandamál

Það er ábyggilega ekkert auðvelt að vera stjórnmalamaður, hvar í heiminum sem það er. Og það er svo sem virðingarvert að fólk skuli nenna að standa í því að vera í stjórnmalum. Það er, jú, á stundum mjög krefjandi og erfitt, auk þess sem pólitíkum er kennt um ýmislegt, hvort sem þeir bera ábyrgð á því eða ekki. Þeir þurfa því að geta þolað skítkast og álag.

Samt virðast íslenskir stjórnmalamenn vera í ansi finum málum, sé miðað við aðra staði í heiminum. Á Íslandi geta stjórnmalamenn nánast gert það sem þeim sýnist og þeir geta átt það sem þeir vilja, án þess að þess sé krafist að þeir segi af sér eða axli ábyrgð á annan hátt.



Hér er heldur enginn að reyna að grafa upp allt það versta um þá og fjölskyldur þeirra. Að því leyti er ábyggilega miklu erfiðara að vera stjórnmalamaður í Bandaríkjunum eða Bretlandi en hér. Svo við tölum nú ekki um önnur lönd lengra frá okkur. Það er ekkert svo óalgennt að fólk geti ekki greint frá stjórnmalaskoðunum sínum án þess að lenda hreinlega í lífshættu. Ég veit ekki til þess að margir íslenskir stjórnmalamenn hafi þurft að óttast um líf sitt vegna pólitískra skoðana. Ísland er líka frekar vel stætt og gott land, þrátt fyrir allt krepputal.

Það ætti því ekkert að vera neitt sérstaklega erfitt fyrir íslenska stjórnmalamenn að sinna störfum sínum. Að minnsta kosti eru engar stórvægilegar hindranir í vegi fyrir þeim, að minnsta kosti ekki þeim sem stjórna hlutunum. En hvers vegna fær maður það samt oft á tilfinninguna að þeir séu að gera alveg ofboðslega lítið?

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





# Hundrað á biðlista eftir Tinu Turner

Um eitt hundrað manns eru á biðlista vegna fyrirhugaðrar ferðar á tónleika Tinu Turner í London næsta vor. Fjörutíu miðar voru upphaflega í boði á tónleikana og seldust þeir upp á aðeins nokkrum klukkutímum.

„Þetta var miklu meiri eftirspurn en ég átti von á en Tina er náttúrulega stórt nafn,“ segir Ágúst Valsson hjá Expressferðum sem skipuleggja ferðina. Verð fyrir miðann og tvær nætur á hóteli kostar tæpar 77 þúsund krónur en það virðist engu máli skipta fyrir harða aðdáendur söngkonunnar hér á landi. „Það er mikið búið að hringja og endalaust verið að bæta á listann, segir Ágúst. Hann vinnur nú hörðum höndum að því að útvega fleiri miða á Tinu en takist það ekki býst hann við því að skipulögð verði hópfærð á aðra tónleika með söngkonunni síföngu.

Þess ber reyndar að geta að þeir sem vilja komast á tónleikana hinn 7. mars án aðstoðar ferðaskrifstofunnar geta gert það auðveldlega á breskri

heimasíðu Ticketmaster, því ekki er enn orðið uppselt á þá.

Leikkonan Bryndís Ásmundsdóttir fer einmitt á tónleikana á eigin vegum ásamt manni sínum, leikaranum Atla Þór Albertssyni, og hárgreiðslumanninum Ólafi B. Hreiðarsyni, eða Óla Bogga.

„Þetta er náttúrulega draumur að verða að veruleika, þetta verður alveg klikkað,“ segir Bryndís sem lýkur um helgina Tinu-sýningu sinni á Akureyri ásamt Sigu Beinteins. „Ég hef verið aðdáandi síðan ég var krakki, hún er bara amma mín,“ segir hún og hlær.

## TINA TURNER

Rokkaman, sem verður sjötug á næsta ári, syngur fyrir framan fjölda Íslendinga í London næsta vor.



# Eiki í Sjálfstæðu fólki

„Þetta er gamall draumur að ræstast; að fá að snerta hið mikla góð og það á heimaslóðum úti í Noregi,“ segir Jón Ársæll Þórðarson um fyrsta þátt Sjálfstæðs fólks þar sem Eiríkur Hauksson verður í brennidepli. „Mér fannst eins og ég væri kominn heim eftir ellefu hundruð ár. Þarna er allt í stíl því Eiríkur býr í Grettisvík í Austhold þar sem Grettir Ásmundarson drap björninn forðum eins og segir í Grettissögu Ásmundarsonar. Tilfellið er að þeir eru ekkert ósvipaðir Eiríkur og Grettir því báðir eru þeir svakalega rauðhærðir og hafa báðir gaman af að kveða stemmur og voru ódælir í æsku. Þetta var eins og að standa allt í einu með annan fótinn í nútímanum í þungarökki og hinn fótinn í ellefu hundruð ára gamalli sögu sem sífellt er ung,“ segir hann.

Áttunda þáttaröð Sjálfstæðs fólks hefst á Stöð 2 í kvöld og



## GAMALL DRAUMUR RÆTTIST

Jón Ársæll sést hér með Eika Hauks og Steingrími tökumanni. Jón Ársæll segir að gamall draumur hafi ræst þegar hann fékk að hitta Eirik á heimaslóðum hans í Noregi.

hlakkar Jón Ársæll mikið til vetrarins. „Við erum búnir að safna örlítið í sarpinn og sögurnar hafa aldrei verið meira spennandi. Það hefur hver maður sögu að segja og kúnstin er sú að hlusta á fólk og fá að endursegja sögurnar sem eru að verða til allt í kringum okkur.“

-fb

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 14. september

### → Fyrirlestrar

**15.00 Fresh Light on Þorleifur Repp** Dr. Andrew Wawn flytur fyrirlestur í Stofnun Árna Magnússonar, stofu Sigurðar Nordals, Þingholtsstræti 29.

### → Myndlist

**15.00 Listamannaspjall** Sólveig Aðalsteinsdóttir ræðir um verk sín og sýningu á Listasafni ASÍ. Sýning hennar mun standa til 21. september. Listasafn ASÍ, Freyjugötu 41.

**14.00 Bjarni Sigurbjörnsson** myndlistarmaður leiðir gesti um sýninguna Sjóndeildahringir í Gerðarsafni. Auk hans eiga myndhöggvararnir Kristinn E. Hrafnsson og Svava Björnsdóttir verk á sýningunni. Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn, Hamraborg 4.

**Gráir veggir** samsýning sjö götulistamanna sem er bland af götulísi og myndlist. Sýningin stendur til 24. sept. Opíð þri-sun. frá 14.00-17.00. Reykjavík Art Gallery, Skúlagötu 30.

**Gyða Ölvisdóttir** er með myndlistarsýningu á veitingahúsinu Af lífi og sál, Laugavegi 55b. Sýningin stendur til 30. sept. og er opin alla daga frá kl. 11.00-23.00.

### → Sýningar

**Helgi K. Pálsson** innanhúsarkitekt sýnir handgerða leikfangabíla á skórinni hjá Handverki og hönnun, Aðalstræti 10. Sýningin stendur til 17. september og er opin alla virka daga frá kl. 9-18, fimmtudaga til kl. 22 og um helgar frá 12-17.



change RULES.

cohn&wolfe

Cohn & Wolfe Íslandi kallar eftir atvinnuumsóknum. Þú vilt takast á við skipulagningu á sviði almannatengsla. Vilt læra. Vilt gjarnan fara aðrar leiðir en venjulega í þeim tilgangi, að ná betri árangri en aðrir. Þú vilt vinna hjá framsæknu alþjóðlegu fyrirtæki í ört vaxandi atvinnugrein.

## Almannatengsl í alþjóðlegu umhverfi

Þú ert vaktstjóri á fréttavakt Cohn & Wolfe Íslandi. Ert góður og fjölhæfur penni með kunnáttu til að leita uppi og koma auga á áhugaverðar upplýsingar – bæði innanlands og utan. Ert með fréttanef. Getur greint kjarnann frá hisminu og meðhöndlað fréttir og fréttatengt efni með hliðsjón af æskilegustu boðleiðinni hverju sinni.

Starf vaktstjóra er á stigi aðferðarmótunar (Tactical Planning). Aðferðarmótun felst í skipulagningu herferða, vali á boðrás-um, boðleiðum og framsetningu skilaboða. Þekking og reynsla á öllum tegundum fjölmiðlunar auk skilnings á taktískri hugsun er mikilvæg.

Vaktstjóri hefur gott vald á íslensku og ensku. Hefur haldgöða kunnáttu í einu af Norðurlandamálunum og jafnvel einnig þýsku. Góð tölvukunnátt er skilyrði.

Sendu umsókn á [reykjavik@cohnwolfe.is](mailto:reykjavik@cohnwolfe.is) strax í dag.

## Hringdu í síma

# 512 50 60

ef blaðið berst ekki



### FYRIRLESARAR:



**PHIL WERDELL M.A.**, er stofnandi ACORN. Hann er þekktur og viðurkenndur sem leiðtogi og brautryðjandi í málefnum tengdum offitu, matarfíkn og átröskunum í Bandaríkjunum. Hann hefur unnið sem fagaðili með þúsundum offitusjúklinga, sem stjórnandi meðferðaráætlna fyrir matarfíkla hjá Glenbeigh geðsjúkráhusinu í Tampa, Florida og meðferðaráætlunar fyrir átröskunarsjúklinga á göngudeild Radar stofnunarinnar í Washington.

Werdell hefur starfað sem stjórnandi og kennari við fjölmarga háskóla í Bandaríkjunum. Hann er einnig höfundur "Food Addiction: Beyond Ordinary Eating Disorders" auk fjölda annarra greina og rita um matarfíkn.



**MARY FOUSHI** er meðstofnandi og stjórnandi ACORN. Hún er CENSPS (Trained Relapse Prevention Specialist) og löggiltur leiðbeinandi fyrir Zenger-Miller þjálfunaraðferðina. Hún er þekkt um gjörvöll Bandaríkin sem fyrirlesari ásamt því að vera stjórnandi og leiðbeinandi á námskeiðum fyrir þá sem eiga við matarfíkn og átraskanir að stríða. Hún er ritstjóri "News from ACORN" auk annars efnis og fyrirlestra hjá ACORN og meðhöfundur "Food Addiction Recovery: A New Model of Professional Support".

## Faraldur eða leti?

● Offita, stærsti heilbrigðisvandi nútímans

MFM Miðstöðin, ACORN Food Dependency Recovery Services og Háskólinn á Bifröst standa fyrir námskeiði fyrir fagfólk um offitu, matarfíkn og átraskanir.

Tekið verður á spurningum eins og hver stefnumótun stjórnvalda eigi að vera, hvaða meðferðarræði séu í boði og hvort taka megji á vandanum í viðara samhengi en hingað til hefur verið gert.

Bandarísku sérfræðingarnir Phil Werdell og Mary Foushi miðla af áratuga reynslu sinni á þessu sviði.

Námskeiðið verður haldið að Háskólanum á Bifröst 17. september nk. frá kl. 9.30 - 17.00.

17.  
september  
kl. 9.30 - 17.00

Allar nánari upplýsingar fást hjá Esther Helgu Guðmundsdóttur: [esther@matarfíkn.is](mailto:esther@matarfíkn.is), sími 568 3868. Skráning hjá Maríu Einarsdóttur, ráðstefnufulltrúa hjá Bifröst: [bifrost@bifrost.is](mailto:bifrost@bifrost.is), sími: 433 3000.



**MFM MIÐSTÖÐIN**  
Meðferðar- og fræðslumiðstöð  
vegna matarfíknar og átraskana



**HÁSKÓLINN Á BIFRÖST**  
BIFRÖST UNIVERSITY



# SAMBÍÓIN

**JOURNEY TO THE CENTER OF THE EARTH**

**smart people**

Frábær gamanmynd frá bandarískum Sideways

**DEATH RACE**

**TROPIC THUNDER**

Sveitabúð kaup

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		SAMBÍÓIN SELFOSS	
JOURNEY 3D DIGITAL 3D	kl. 1:30 - 3:40-5:50-8-10-10	TROPIC THUNDER	kl. 8 16
DEATH RACE	kl. 5:50 - 8-10 - 10:30	DEATH RACE	kl. 10:20 16
TROPIC THUNDER	kl. 5:50 - 8-10 - 10:30	SVEITA BRÚDKAUP	kl. 5:50 - 8 16
SVEITA BRÚDKAUP	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10-10	THE STRANGERS	kl. 10:20 16
DARK KNIGHT	kl. 5:50 - 8:40	WALL-E m/isl. tali	kl. 1:30 L
DEATH RACE	kl. 2 - 5:50 - 8:40	GRÍSIRNIR ÞRÍR m/isl. tali	kl. 2 - 4 L
THE MUMMY 3	kl. 1:30 - 3:40	MAMMA MÍA	kl. 3:40 - 5:50 L
STAR WARS	kl. 1:30 - 3:40	<b>AKUREYRI</b>	
WALL-E m/isl. tali	kl. 1:30 - 3:40	STAR WARS m/isl. tali	kl. 2 - 4 - 6 L
KUNG FU PANDA m/isl. tali	kl. 1:30	MIRRORS	kl. 8 - 10-10 16
<b>KRINGLUNNI</b>		WALL-E m/isl. tali	kl. 2 L
JOURNEY 3D DIGITAL 3D	kl. 1:40 - 3:50 - 6 - 8-10 - 10-20	SVEITABRÚDKAUP	kl. 4 - 6 - 8 L
SMART PEOPLE	kl. 5:40 - 8 - 10:20	DEATH RACE	kl. 10:10 16
DEATH RACE	kl. 10:10	<b>KEFLAVÍK</b>	
GET SMART	kl. 1:30 - 3:40 - 8	THE ROCKER	kl. 8 7
STAR WARS	kl. 1:30	SVEITABRÚDKAUP	kl. 6 L
WALL-E m/isl. tali	kl. 3:40	X-FILES	kl. 10:10 16
WALL-E m/ensku tali	kl. 5:50	SKRAPP ÚT	kl. 8 12
<b>Sparbíó 550kr</b>		DECEPTION	kl. 10 12
A ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MED APPELSINUGULU		GRÍSIRNIR ÞRÍR m/isl. tali	kl. 2 - 4 L
<b>Sparbíó 850kr</b>		WALL-E m/isl. tali	kl. 1:30 - 3:40 L
A ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MED GRÆNU		MAMMA MÍA	kl. 5:50 L

## Ennþá inni á vellinum

Rokksveitin Mammút stimplaði sig inn í íslenskan rokkeim með eftirminnilegum hætti þegar hún vann Músiktilraunir árið 2004. Tveimur árum seinna kom fyrsta platan hennar sem hét einfaldlega Mammút. Ágæt plata sem meðal annars hafði að geyma slagarann Þorkell. Nú er plata númer tvö komin.

Fyrri hluti Karkara er hreinræktað gítarrokk í ætt við fyrri plötuna. Hún byrjar á fjórum fínum lögum, Endi, Geimþrá, Rauðalæk og smellinum Svefn-sýkt. Eftir lagið Gun kemur svo stutt millispil og við taka tvö röleg popplög. Það fyrra Dýradóttir syngur Katrín við píanóundirleik. Gott lag og óvænt. Svo tekur rokkið við aftur, en plötunni er lokað með popplaginu Í leyni.

Karkari er ekki fullkomin, en mér finnst hún betri en fyrri

platan. Hún er fjölbreyttari og það sannast á henni að Katrína Mogensen er frábær söngkona. Hún hefur góða rödd og syngur af innlifun. Hljóðfæraleikararnir eiga líka ágæta spretti og bandið er töluvert þéttara en á fyrri plötunni.

Það sem dregur plötuna aðeins niður er annars vegar að þó að Karkari sé brotin upp með óvæntum popplögum þá hefur rokkið sem er uppstaða plötunnar þróast of lítið. Og svo eru lögin misgóð. Bestu lögin eru samt fín. Geimþrá og Svefn-sýkt standa upp úr, en Rauðilækur, Dýradóttir, Í leyni og Endir eru ágæt líka. Og textarnir eru skemmtilegir.

Á heildina lítið er Karkari ágæt plata sem heldur Mammút inni á íslenska rokkvælinum. Meistaraverkið þeirra kemur vonandi næst.

Trusti Júlíusson



### TÓNLIST

**Karkari**

Mammút

★★★

Gítarrokkið er brotið upp með poppi á annarri plötu Mammút. Ágæt plata sem hefur að geyma nokkur frábær lög, þar á meðal smellina Geimþrá og Svefn-sýkt.

## Hörður lék á als oddi

Hörður Torfason hélt sína 33. hausttónleika í Borgar-leikhúsinu á dögunum. Um tvenna tónleika var að ræða og heppnuðust þeir einkar vel eins og við var að búast.



**HÖRÐUR TORFASON** Tónlistarmaðurinn Hörður Torfason lék á als oddi á sínum árlegu hausttónleikum í Borgarleikhúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Á HAUSTTÓNLEIKUM Anna Sigga Sigurðardóttir, Arnór Guðmundsson, Birgitta Þóra Birgisdóttir, Hrafnhildur Harðardóttir og Guðmundur Sigurðsson mættu í Borgarleikhúsið.



BROSTU BREITT Aðalbjörg Þorsteinsdóttir, Guðrún Oddgeirsdóttir og Hólmfríður Kjartansdóttir brostu breitt fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins.

### NÝTT Í BÍÓ!

**MIRRORS**

ALLS EKKI FYRIR VÍÐKV/EMA!

**STEP BROTHERS**

FRÁ SNILLINGUNUM SEM FÆRDU OKKUR TALLADEGA NIGHTS

**TROPIC THUNDER**

FRÁ BEN STILLER KEMUR EIN KLICKADASTA GRINMYND ÁRSINS!

**MAMMA MIA!**

Langstærsta mynd ársins 2008  
97.000 manns.

**GRÍSIRNIR ÞRÍR**

Frábæra teiknimynd fyrir alla fjölskylduna með íslensku tali.

**MAKE IT HAPPEN**

5 MYNDIR 1 SIGURVEGARI

**JOURNEY TO THE CENTER OF THE EARTH**

**THE ROCKER**

**SKRAPP ÚT**

SMÁRABÍÓ Sími 564 0000		REGNBÖGINN Sími 551 9000	
MIRRORS	kl. 8 - 10:30	MIRRORS LÚXUS	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30
STEP BROTHERS	kl. 1 - 3:15 - 5:45 - 8 - 10:15	TROPIC THUNDER	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30
TROPIC THUNDER	kl. 5:30 - 8 - 10:30	THE ROCKER	kl. 8 - 10:20
MAKE IT HAPPEN	kl. 1 - 3:30 - 6	MAKE IT HAPPEN	kl. 4 - 6 - 8 - 10:20
MAMMA MIA	kl. 1 - 3 - 5:30 - 8 - 10:30	SKRAPP ÚT	kl. 4 - 6 - 8 - 10
GRÍSIRNIR 3	kl. 1 - 4	GRÍSIRNIR 3	kl. 4 - 6
<b>HÁSKÓLABÍÓ Sími 530 1919</b>		<b>BORGARBÍÓ Sími 462 3500</b>	
MIRRORS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	JOURNEY TO THE CENTER	kl. 4 - 6 - 8 - 10
STEP BROTHERS	kl. 8 - 10:15	STEP BROTHERS	kl. 8
SVEITABRÚDKAUP	kl. 8 - 10:15	TROPIC THUNDER	kl. 10
MAMMA MIA	kl. 3 - 5:30 - 10	MAMMA MIA	kl. 6
GRÍSIRNIR 3	kl. 3:30	GRÍSIRNIR 3	kl. 3 - 4:30
FYRSTU ÁRIN MADURINN SEM UNNI ÞIÐ SEM LIÐIÐ BRÚÐGUMINN HEIMLIÐ DÖKKU FIBRILDANNA	kl. 4	KVIKMYNDA-VERÐLAUN NÖRÐUR-LANDARÁÐS 2008	kl. 4

### Nýtt í bíó

**JOURNEY TO THE CENTER OF THE EARTH**

**STEP BROTHERS**

**GRÍSIRNIR ÞRÍR**

## Sparbíó

laugardag og sunnudag

**JOURNEY 3D**  
kl. 1:30 í Álfabakka  
kl. 1:40 í Krínglunni

**STAR WARS**  
kl. 1:30 í Álfabakka  
kl. 1:30 í Krínglunni  
kl. 2 á Akureyri

**WALL-E** isl. tali.  
kl. 1:30 í Álfabakka  
kl. 1:30 á Selfossi og í kefl.  
kl. 2 á Akureyri

**GET SMART**  
kl. 1:30 í Krínglunni

**MUMMY 3**  
kl. 1:30 í Álfabakka

## TILBOÐSVERÐ

KL.1 SMÁRABÍÓ  
KL.3 HÁSKÓLABÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ

KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ  
KL.1 SMÁRABÍÓ  
KL.3 & 4.30 BORGARBÍÓ

KL.4 BORGARBÍÓ

## Ódýrt í bíó

**JOURNEY TO THE CENTER OF THE EARTH**  
ATH!!! 800 KR.

**GRÍSIRNIR ÞRÍR**  
ATH!!! 500 KR.

**MAMMA MIA!**  
ATH!!! 500 KR.

SÝNINGARTÍMAR	
JOURNEY 3D - DIGITAL 3D	kl. 2(800), 4, 6, 8 og 10
STEP BROTHERS	kl. 8 og 10
GRÍSIRNIR ÞRÍR	kl. 2(500), 4 og 6
MAMMA MIA	kl. 2(500), 4, 30, 6, 45 og 9



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Útgáfu næstu plötu **Britney Spears** hefur verið flýtt til desember, eftir að framkoma hennar á VMA-verðlaunahátíðinni gerði mikla lukku. Útgefendur vilja nýta sér þann velvilja sem virðist vera í gangi í kringum söngkonuna núna, en þegar síðasta plata hennar, *Blackout*, kom út var mikill skortur á honum. „Henni gekk ágætlega en ekki jafn vel og fyrri plötum,” segir heimildarmaður. Britney hefur varið miklum tíma í stúdíói og ku hafa tekið upp nokkur lög sem geta ratað á plötuna.

**Victoria Beckham** bætir enn á nafnspjaldið sitt. Beckham og orðljóti kokkurinn **Gordon Ramsay** munu ætla að leiða saman hesta sína og opna veitingastað í Los Angeles þar sem boðið verður upp á hefðbundinn enskan mat. Victoria frumsýndi á dögunum kjólalínu sína á tiskuvíkunni í New York, en hún hefur einnig hannað fleiri fót og sent frá sér ilmvatn. Veitingastaður var hins vegar nokkuð óvænt val þar sem hún ber það varla með sér að vera mikil áhugamanneskja um mat.

Partíprinsessan **Tara Reid** ku vera trúlofuð frönskum kærasta sínum, **Julien Jarmoune**. Hann stjórnar fyrirtækinu J& Company, sem framleiðir fatalínu Töru. Heimildir herma að parið sé yfir sig ástfangið og að Julien hafi „róandi“ áhrif á leikkonuna, sem hefur hingað til helst verið þekkt fyrir ótrúlega frammistöðu í partíllífinu. Brúðkaup mun vera áformað næsta sumar.

Leikkonan **Kirsten Dunst** prýðir forsíðu nýjasta tölublaðs Harper's Bazaar. Í viðtali við blaðið talar hún meðal annars um ferð sína á Cirque Lodge-meðferðarheimilið og segir líf sitt sem barnastjörnu hafa gert sér grikk. „Það býr til persónu sem er ofurseld velþóknun annarra. Ef ég hefði treyst sjálfri mér og hlustað á sjálfa mig í öll skiptin sem ég hunsaði mig hefði allt verið í lagi,” segir leikkonan, sem kveðst einnig vonast til að eignast börn á næstunni.



Petta er Dýrafjörður. Sjórinn er óvenju heitur í dag. Heilar 5°C.

Höfuðborgarsvæðið: Bankastræti 5, Faxafen 12, Krínglan, Smáralind, Miðhraun 11. Akureyri: Glerártorg. Keflavík: Leifsstöð og söluaðilar um land allt.

www.66north.is

Klæddu þig vel

Kynningarfundur 16. september 2008

## Hvað verður um Concorde XAL ? Hvað er nýtt í Microsoft AX ?

**Landsteinar Strengur býður þér á kynningu á Concorde XAL uppfærsluleið og nýjungum í Dynamics AX.**

Í fyrri hluta dagskrár verður kynnt uppfærsluleið fyrir Concorde XAL í Dynamics kerfi Microsoft, en sérstakt tilboð er í gangi fram til 31.01.09. Leiðin er fær fyrir þá viðskiptavinum sem eru með Concorde XAL kerfið í notkun hvort sem þeir eru á uppfærslusamningi eða ekki.

Í seinni hluta kynningarinnar verður ný útgáfa af Dynamics AX (Axapta) kynnt. Viðskiptavinir sem nú þegar nota AX í dag geta mætt beint á seinni hluta kynningarinnar.

Á fundinum verða sérfræðingar Microsoft; Alexander Schadow, Dynamics AX Product Marketing Manager og Mogens Larsen, Partner Technology Specialist, Dynamics AX

**Kynningarfundurinn verður haldinn þann 16. september nk. í sal Teymis að Suðurlandsbraut 18.**



### Dagskráin 16. september

- 14:00 Kaffi
- 14:15 Opnun - Ívar Harðarson sölustjóri
- 14:20 Kolbrún Heiða Valbergsdóttir viðskiptastjóri Microsoft Dynamics  
Kynning á uppfærsluleið og endalokum Concorde XAL
- 15:00 Kaffi
- 15:10 Kynning á AX 2009, nýjungar í Dynamics AX  
Sérfræðingar Microsoft: Kynning á Microsoft Dynamics AX 2009
- 16:30 Dagskrá lýkur



Microsoft Dynamics Regional ISV Partner of the Year 2007  
Microsoft Business Solutions Global ISV of the Year 2005  
LS Retail NAV - Certified for Microsoft Dynamics



**LANDSTEINAR STRENGUR**

Ármúla 7 · 108 Reykjavík · Sími 550 9000 · Fax 550 9010 · www.LS.is



## > Stjornukonur meistarar meistaranna

Íslands- og bikarmeistarar Stjörnunnar unnu öruggan 7 marka sigur á Fylki, 28-21, í árlegum leik í Meistarakeppni HSÍ í gær en þjálfari Fylkis er Aðalsteinn Eyjólfsson sem gerði Stjörnuna að Íslandsmeisturum síðustu tvö ár. Harpa Sif Eyjólfsdóttir (mynd til hægri) og Alina Petrache skoruðu 6 mörk fyrir Stjörnuna og Elísabet Gunnarsdóttir var með 4 mörk. Sunna Jónsdóttir skoraði 7 mörk fyrir Fylki.



**sport**  
sport@frettabladid.is

## SIGURÐUR INGIMUNDARSON: ÍSLENSKA KÖRFUBOLTALANDSLIÐIÐ TAPAÐI MEÐ 16 STIGUM Í HOLLANDI

### Nú verðum við að ná úrslitum á móti Svartfjallalandi

Íslenka karlalandsliðið í körfubolta tapaði með sextán stigum, 68-84, á móti Hollandi í Almere í gær í öðrum leik sínum í Evrópukeppninni. „Við vorum meira eða minna fjórum til fimm stigum á eftir þeim allan leikinn en aldrei meira. Það vantaði síðan alltaf herslumuninn að ná þeim,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari íslenka liðsins, eftir leikinn en Holland skoraði 15 stig í röð í fjórða leikhlutunum og gerði þá út um leikinn. „Þeir voru að setja niður alveg fátíðlega erfið skot í fjórða leikhlutunum. Þeir settu meðal annars niður tvo þrista í röð úti í horni þegar aðeins ein sekúnda var eftir af skotklukkunni. Þeir áttu hörkuleik,“ sagði Sigurður. NBA-leikmaðurinn Francisco Elson (Milwaukee Bucks) var erfiður viðureignar í gær. Hann skoraði 28 stig, tók 11 fráköst auk þess sem hann batt saman vörn liðsins og gerði leikmönnum íslenka liðsins erfitt fyrir að skora nálægt körfunni. „Elson átti stórleik og við áttum í basli með

hann og áttum einnig í basli með að skora undir körfunni. Það var munurinn á liðunum því okkur tókst ekki að skora úr þessum auðveldu skotum nálægt körfunni,“ sagði Sigurður. „Við vorum að spila fantavel í meira en 36 mínútur af leiknum en við misstum þá frá okkur á nokkrum mínútum í lokin.“

Páll Axel Vilbergsson var stigahæstur íslenka liðsins með 12 stig; Helgi Magnússon, Hlynur Bæringsson, Logi Gunnarsson og Jón Arnór Stefánsson skoruðu allir 9 stig. Jón Arnór skoraði 7 af fyrstu 9 stigum íslenka liðsins en síðan aðeins 2 það sem eftir lifði leiksins. „Það er mjög mikilvægt að halda sjó og byrja að einbeita okkur að leiknum á miðvikudaginn þar sem við spilum við

Svartfjallaland heima,“ sagði Sigurður. „Hollendingar fara til Danmerkur næst og þeir eiga eftir að lenda í vandræðum þar. Við fáum Svartfjallaland í heimsókn á sama tíma og við þurfum bara að ná úrslitum í þeim leik, það er bara svoleiðis. Þetta er mjög opinn riðill og það er mjög mikilvægt að menn vinni heimaleikina sína.“



## Valur meistari með stæl

Valskonur settu á svið flugeldasýningu í 8-0 sigri á Stjörnunni þar sem þær tryggðu sér titilinn þriðja árið í röð. Bæði Dóra María Lárusdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir skoruðu þrennu og Sophia Mundy lagði upp fimm mörk.

**FÓTBOLTI** Valskonur tryggðu sér Íslandsmeistararitilinn í knattspyrnu kvenna þriðja árið í röð með því að vinna öruggan 8-0 sigur á Stjörnunni í lokaumferðinni.

Þetta var fyrsti Íslandsmeistarabikarinn sem kemur í hús á nýja Vodafone-vellinum að Hlíðarenda en sá fjórði á síðustu fimm árum hjá hinu sterka kvennaliði Valsmanna. Það hefur lengi legið nokkuð ljóst fyrir að Valsliði myndi tryggja sér titilinn en það þurfti að klára leikina og það gerðu Valskonur með sannfærandi hætti.

Sophia Mundy lagði upp öll þrjú mörk Valsliðsins í fyrri hálfleik, það fyrsta fyrir Dóru Maríu Lárusdóttur strax á 3. mínútu, þá skallamark fyrir fyrirliðann Katrínú Jónsdóttur og loks þritugasta mark Margrétar Láru Viðarsdóttur í deildinni í sumar fimm mínútum fyrir leikhlið.

Valsliðið skoraði síðan fimm mörk í seinni hálfleik þar sem Mundy lagði upp tvö til viðbótar og bæði Dóra María og Margrét Lára náðu að fullkomna þrennu sína.

Margrét Lára Viðarsdóttir hefur gefið það út að hún hafi spilað sitt síðasta tímabil á Íslandi en hún hefur skorað yfir 30 mörk og unnið Íslandsmeistararitilinn þrjú síðustu sumur.

„Ég er virkilega ánægð en ég get alveg viðurkennt það að maður svaf ekki mikið í nótt vegna spennu. Við klárudum þetta svo sannfærandi og getum verið virkilega sáttar með okkar framlag í þessu móti,“ sagði Margrét Lára en tímabilið er ekki búið hjá Val. „Það má segja að við séum hálfnaðar. Við eigum bikarinn eftir og svo Evrópukeppnina. Ég ætla að gefa allt mitt í Val því stelpurnar eiga það skilið að ég einbeiti mér að Val,“ sagði Margrét Lára.

„Þetta er búið að vera mér mjög erfitt sumar. Ég er búin að eiga við



**STJÓRNADI SIGURSÖNGUM** Guðbjörg Gunnarsdóttir; markvörður Vals er komin aftur af stað eftir að hafa slitið hásin í vor og hún stjórnaði sigursöngum í leiklok. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

erfið meiðsli að stríða sem taka á andlega en ég veit að ég stóð uppi sem sigurvegari gagnvart sjálfri mér og er stolt af því.“

Dóra María Lárusdóttir hefur spilað frábærlega í sumar og þá sérstaklega á Vodafone-vellinum þar sem hún hefur skorað 10 af 15 mörkum sínum. Dóra fékk nú að vera með í meistarafögnuðinum en hefur undanfarin ár verið farnir í skóla í Bandaríkjunum á sama tíma. „Nú fékk ég loksins að vera með í sigurhátíðinni sem er miklu skemmtilegra því þetta er aðal málið. Ég fylgdist bara með á netinu og textavarpinu síðustu ár,“ sagði Dóra María kát en hún hefur blómstrað framarlega á miðjunni í sumar.

Freyr Alexandersson hefur verið viðloðandi Valsliðið síðustu ár en þetta sumarið var hann annar aðalþjálfari liðsins. „Þetta

var bara flugeldasýning og við erum í skýjunum með þetta. Það er gríðarlega samstaða og vinnusami í þessu liði og þær eru tilbúnar að leggja allt að veði til að ná á toppinn,“ sagði Freyr áður en hann rauk aftur inn í fagnaðarlætin.

„Þetta er búið að vera frábært sumar. Þetta er þriðja árið í röð sem við verðum Íslandsmeistarar en núna loksins fengum við að taka á móti bikarnum á okkar eigin heimavelli. Maður verður aldrei leiður á því að taka á móti Íslandsbikarnum,“ sagði Katrín Jónsdóttir, fyrirliði Vals.

Valsarar fögnuðu tveimur Íslandsbikurum í gær því 4. flokkurinn varð einnig Íslandsmeistari og fékk að vera með í sigurhátíðinni með meistaraflokknum. „Við sáum þær spila í dag og það er frábært að hafa þær hérna,“ sagði Katrín að lokum. [ooj@frettabladid.is](mailto:ooj@frettabladid.is)

## ÚRSLITIN Í GÆR

### Landsbankadeild kvenna

Valur-Stjarnan	8-0
Dóra María Lárusdóttir 3 (4., 74., 76.), Margrét Lára Viðarsdóttir 3 (40., 83., 90.), Katrín Jónsdóttir (28.), Ásta Árnadóttir (63.)	
Fjölnir-Breiðablik	1-4
Helga Franklinsd.- Berglind B. Þorvaldsd., Harpa Þorsteinsd., Sara Björk Gunnarsd., sjálfsmark.	
Afturelding-KR	0-1
0-1 Edda Garðarsdóttir (67.)	
Þór/KA-Keflavík	6-3
Rakel Hönnudóttir 4 (3., 13., 57., 90.), Mateja Zver (65.), Ivana Ivanovic (72.) - Guðrún Ólóf Olsen (7.), Agnes Helgadóttir (55.), Guðný Þórðardóttir (89.)	
HK/Víkingur-Fylkir	2-4
Lilja Dögg Valþórsd., Þórhildur Stefánsd. - Anni Magliuolo 2, Courtney Sobrero, Sara Siguríasd.	

### LOKASTADAN

Valur	18	17	0	1	91-15	51
KR	18	16	0	2	61-15	48
Breiðablik	18	11	2	5	46-34	35
Þór/KA	18	9	2	7	45-27	29
Stjarnan	18	6	4	8	26-34	22
Afturelding	18	6	2	10	16-35	20
Fylkir	18	6	1	11	23-45	19
Keflavík	18	5	3	10	29-50	18
HK/Víkingur	18	2	4	12	20-51	10
Fjölnir	18	2	2	14	14-65	8

### Enska úrvalsdeildin

BLACKBURN-ARSENAL	0-4
0-1 Robin van Persie (7.), 0-2 Emmanuel Adebayor (45.), 0-3 (46.), 0-3 Emmanuel Adebayor (80.), 0-4 Emmanuel Adebayor (91.)	
FULHAM-BOLTON	2-1
1-0 Zoltan Gera (14.), 2-0 Bobby Zamora (40.), 2-1 Kevin Davies (81.). Gréttar Rafn Steinsson lék fyrstu 65 mínúturnar í liði Bolton en var þá skipt út af fyrir Heiðar Helguson.	
LIVERPOOL-MANCHESTER UNITED	2-1
0-1 Carlos Tevez (2.), 1-1 Sjálfsmark (26.), 2-1 Ryan Babel (76.)	
NEWCASTLE UNITED - HULL 1-2	
0-1 King (33.), 0-2 King (54.), 1-2 Xisco (81.)	
PORTSMOUTH-MIDDLESBROUGH	2-1
0-1 Mido (23.), 1-1 Jermain Defoe (58.), 2-1 Jermain Defoe (85.). Hermann Heiðarsson kom inn á sem varamaður á 85. mínútu	
WEST BROMWICH-WEST HAM	3-2
1-0 Morrison (4.), 1-1 Noble (27.), 1-2 Neill (34.), 2-2 Bednair (37.), 3-2 Chris Brunt (82.)	
WIGAN-SUNDERLAND	1-1
0-1 Sjálfsmark (15.), 1-1 Amr Zaki (77.)	
Manchester City-Chelsea	1-3
1-0 Robinho (13.), 1-1 Ricardo Carvalho (16.), 1-2 Frank Lampard (53.), 1-3 Nicolas Anelka (70.)	

### STADA EFSTU LIÐA

Chelsea	4	3	1	0	9-2	10
Liverpool	4	3	1	0	5-2	10
Arsenal	4	3	0	1	8-1	9
Hull City	4	2	1	1	5-8	7

HAM  
Verð á mann í tvíbyli frá  
59.900 KR.  
WEST  
ARSENAL  
25.-27. OKTÓBER  
Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmargir leikir framundan, s.s. við Everton, Portsmouth og Tottenham.

+ Nánari upplýsingar:  
[www.icelandair.is/ithrottaferdir](http://www.icelandair.is/ithrottaferdir)



WWW.ICELANDAIR.IS

Rafael Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, fagnaði langþráðum sigri gegn erkifjendum í gær:

## Fyrsti sigur Liverpool á United í sjö ár

**FÓTBOLTI** Liverpool vann í gær erkifjendur sína í Manchester United í fyrsta sinn síðan Spánverjinn Rafael Benitez tók við liðinu en meistararnir í United voru búnir að vinna sjö af síðustu átta leikjum liðanna í ensku úrvalsdeildinni.

„Við sýndum karakter og spiludum góðan fótbolta. Við unnum vel og í seinni hálfleik vorum við betra liðið. Þetta var gríðarlega mikilvægur sigur fyrir sjálfstraust minna manna og við vitum núna að við getum unnið alla,“ sagði Rafa Benitez, eftir leik.

Ryan Babel kom inn á sem varamaður og skoraði sigurmark Liverpool sex mínútum síðar og til að kóróna slæman dag

Manchester-liðsins þá var Nemanja Vidic rekinn út af í lok leiksins fyrir ljótt olnbogaskot á Xabi Alonso.

Manchester United og Dimitar Berbatov, sem lék sinn fyrsta leik með liðinu, fengu þó draumabyrjun þegar Búlgarinn lagði upp mark fyrir Carlos Tevez á þriðju mínútu en Liverpool jafnaði þökk sé sjálfsmarki frá Wes Brown. Markið var það fyrsta hjá Liverpool í sjö leikjum á móti United en það þurfti United-mann til að brjóta ísinn.

„Þetta er búin að vera alltof löng bið en við fengum ekki aðeins þrjú stig með þessum sigri heldur einnig trú og mikið sjálfstraust. Við höfum verið á eftir



**LOKSINS** Sir Alex Fergusson og Rafael Benitez þakka hvor öðrum fyrir leikinn. NORDICPHOTOS/AFP

United og Chelsea en nú erum við á toppi deildarinnar þar sem við eigum að vera,“ sagði Jamie Carragher, varnarmaður Liverpool.

„Varnarleikurinn var mjög slakur í báðum mörkunum en heilt yfir voru þeir betra liðið. Liverpool spilaði af grimmd og við réðum ekki við það,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri United, eftir leikinn.

Liverpool er ásamt Chelsea á toppi deildarinnar en bæði lið eru með 10 stig. Chelsea vann 3-1 útsigur á Manchester City. Þá skoraði Emmanuel Adebayor þrennu í 4-0 útsigri Arsenal á Blackburn og Íslendingaliðin Bolton og West Ham töpuðu bæði.



Handboltaveislan heldur áfram  
og nú mætast meistararnir

**Arnar Pétursson**  
Fyrirliði Íslandsmeistara Hauka

**Ólafur Haukur Gíslason**  
Fyrirliði bikarmeistara Vals

# HAUKAR - VALUR

**LAUGARDALSHÖLL - SUNNUDAG KL. 16:00**

MÍÐAVERÐ AÐEINS 500 KR.



**MEISTARAKEPPNI HSÍ**



N1 DEILDIN





	<b>3-0</b>	
<b>Breiðablik</b>		<b>Fram</b>
Kópavogsvöllur, áhorf.: 602 Magnús Þórisson (5)		
1-0 Marel Baldvins. (8.), 2-0 Marel (34.), 3-0 Alfreð Finnbogas. (63.)		

## TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12-8 (6-2)
Varin skot	Casper 2 - Hannes 3
Hörn	8-7
Aukaspjrnur fengnar	8-9
Rangstöður	4-0

<b>BREIÐAB.</b> 4-4-2	<b>FRAM</b> 4-3-3
Casper Jacobsen 7	Hannes Halldórsson 4
Arnór Adalsteinsson 7	Jón Guðni Fjóluson 3
Srdjan Gasic 7	(45. Daði Guðm. 6)
Finnur Orri Margeirs. 6	Reynir Leósson 3
Kristinn Jónsson 7	Auðun Helgason 3
Nenad Zivanovic 6	Jón Orri Ólafsson 2
Arnar Grétarsson 7	Halldór Hermann 6
Guðm. Kristjánsson 6	Heiðar Geir Júlíusson 4
(66. Olgeir Sigurg. 6)	Paul McShane 3
Jóhann Berg Guðm. 6	(68. Víðar Guðjónss. 6)
(72. Kristinn Steind. -)	Ívar Björnsson 4
Alfreð Finnbogason 7	Hjalmar Þórarinnsson 5
(85. Magnús Páll -)	Almarr Ormarrsson 5
<b>*Marel Baldvins. 8</b>	(59. Ingvar Þór Ólaf. 6)
	<i>*Maður leiksins</i>

	<b>1-2</b>	
<b>Fjölnir</b>		<b>Keflavík</b>
Fjölnisvöllur, áhorf.: 576 Þorvaldur Arnason (7)		

1-0 Gunnar Már Guðmundsson (35.)  
1-1 Guðmundur Steinarsson (41.)  
1-2 Jóhann Birnir Guðmundss. (66.)

## TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12-13 (7-9)
Varin skot	Þórður 7 - Ómar 5
Hörn	7-8
Aukaspjrnur fengnar	7-10
Rangstöður	3-2

<b>FJÖLNIR</b> 4-5-1	<b>KEFLAVÍK</b> 4-4-2
Þórður Ingason 6	Ómar Jóhannsson 6
Magnús Ingi Einarss. 4	Guðjón Arni Antoníus 6
Óli Stefán Flóventss. 7	Kenneth Gustafsson 6
Ásgeir Aron Ásgeirs. 6	Hallgrímur Jónasson 7
Gunnar Valur Gunn. 5	Brynjar Guðmundss. 6
Ólafur Páll Snorrass. 5	Magnús Sverrir Þorst. 5
Gunnar Már Guðm. 7	(61. Símun Samuel. 7)
Ólafur Páll Johnson 5	Hólmar Örn Rúnarss. 7
(80. Ómar Hákonar. -)	Hans Mathiesen 7
Ágúst Þór Gylfason 6	Patrik Redo 6
Pétur Georg Markan 6	Jóhann Birnir Guðm. 6
David Þór Rúnarss. 5	(85. Hörður Sveinss. -)
(80. Andri Valur -)	<b>*Guðmundur Steinar. 7</b>
	(89. Jón Gunnar Eyst. -)
	<i>*Maður leiksins</i>

## STAÐAN

## LANDSBANKAÐEILD KARLA

Keflavík	19	13	4	2	48-25	43
FH	18	12	2	4	41-19	38
KR	19	10	2	7	32-21	32
Valur	19	10	2	7	31-25	32
<b>Fram</b>	<b>19</b>	<b>10</b>	<b>1</b>	<b>8</b>	<b>23-18</b>	<b>31</b>
Breiðablik	18	8	6	4	37-25	30
Grindavík	19	7	3	9	25-35	24
Fjölnir	19	7	1	11	30-32	22
Fylkir	19	5	4	10	21-33	19
Próttur	19	4	7	7	22-37	19
HK	19	4	3	12	23-41	15
ÍA	18	2	5	11	16-38	11

## NÆSTU LEIKIR

Próttur-ÍA	sun. 14. sept. kl. 16.00
Keflavík-Breiðablik	mið. 17. sept. kl. 17.15
Fram-FH	mið. 17. sept. kl. 21.10

Blikinn Marel Baldvinnsson skoraði tvennu í 3-0 sigri Breiðabliks á Fram á Kópavogsvellinum í gær

## Frammarar voru auðveld bráð fyrir Blika

**FÓTBOLTI** „Mér fannst þetta í okkar höndum frá fyrstu mínútu til þeirrar síðustu,“ sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, eftir 3-0 sigur liðsins á Fram í gær en eftir leikinn munar aðeins einu stigi á liðunum.

„Mörkin voru góð og ég er mjög ánægður með spilamennskuna. Við kæfðum Framara með því að láta boltann ganga með jörðinni.“

Blikar ætla sér að krækja í þriðja sæti deildarinnar og var sigurinn í gær skref í átt að því.

„Ég er sérstaklega ánægður

með hversu sannfærandi sigurinn var í kvöld og nú þurfum við að halda áfram á sömu braut,“ sagði Ólafur.

Það voru erfiðar aðstæður í Kópavoginum í gær og völluminn mjög blautur. Það virtist henta Blikum mun betur og þeir höfðu tögl og hagldir. Mikil deyfð var yfir liði Fram og leikmenn liðsins virkuðu á köflum áhugalausir.

Marel Baldvinnsson reyndist varnarmönnum Fram mjög erfiður og skoraði tvö fyrstu mörk leiksins í fyrri hálfleik. Marel átti



**HÆTTULEGUR** Blikinn Alfreð Finnbogason í kapphlaupi við Auðun Helgason í Fram í gær.

mjög góðan leik og hefði með smá heppni getað skorað þrennu. Alfreð Finnbogason innsiglaði síðan sigur Blika í seinni hálfleik með ansi laglegu marki.

„Það var kjafthögg fyrir okkur að lenda undir og svo fengum við dauðafæri sem ekki nýttust. Við vorum í erfiðleikum og þegar þriðja markið kom var þetta bara spurning um að klára leikinn og komast inn í heitt það,“ sagði Þorvaldur Örylgsson, þjálfari Fram, eftir leik.

- egm

## Tryggvi afgreiddi Valsmenn í lokin

Tryggvi Guðmundsson fór mikinn þegar FH skelti arfaslökku liði Vals í Krikanum í gær. FH-ingar hanga því aftan í Keflvíkingum í toppbaráttunni en Íslandsmeistararnir úr Val eru endanlega úr leik.

**FÓTBOLTI** FH vann auðveldan og sanngjarnan 3-0 sigur á Íslandsmeisturum Vals í Kaplakrika í gær. FH-ingar voru miklu betri aðilinn allan leikinn en það tók sinn tíma að komast á blað. Tryggvi Guðmundsson skoraði tvö mörk úr aukaspjrnun og lagði upp það þriðja.

Það verður að segjast eins og er að fótboltinn í fyrri hálfleik var ekki merkilegur og leikurinn í raun hundleiðinlegur. FH-ingar stýrðu umferðinni en þeim gekk afar illa að skapa sér færi. Sóknarspil Valsmanna var aftur á móti í algjörum molum og þeir ógnuðu FH-ingum afar lítið. Valur tapaði baráttunni um miðjuna og sendingafeilararnir ákaflega margir og liðinu gekk ekkert að halda boltanum innan liðsins. Meistararnir voru hreint út sagt lélegir.

## Glæsilegt mark frá Tryggva

Markalaust í leikhléi en aðstæður hjálpuðu svo sem ekki leikmönnum en það var nokkuð hvasst, kalt og rigndi hressilega á köflum.

Síðari hálfleikur hófst á svipaðan hátt og sá fyrri. FH reyndi að brjóta niður Valsvörnina og stíflan brast ekki fyrr en rúmlega 25 mínútur voru eftir af leiknum. Þá skoraði Tryggvi glæsilegt mark beint úr aukaspjrnun og kom FH yfir.

Tryggvi lagði síðan upp mark fyrir Matthías áður en hann



**MAÐUR LEIKSINS** Tryggvi Guðmundsson skoraði tvö mörk beint úr aukaspjrnun og lagði síðan upp það þriðja í 3-0 sigri FH á Valsmönnum í Kaplakrikanum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

skoraði aftur beint úr aukaspjrnun en Tryggvi hafði heppnina með sér þar sem boltinn breytti um stefnu á varnarveggnum og Kjartan var varnarlaus.

FH-ingar gengu frá leiknum á tólf mínútna kafla og á meðan sat Willum Þór, þjálfari Vals, með hendur í skauti á bekk Vals og gerði ekkert til að breyta gangi mála. Hann skipti ekki inn af bekknum fyrr en leikurinn var búinn en hann hefði átt að skipta mönnum inn miklu fyrr enda leikur liðsins ekki upp á marga fiska.

Baráttan um Íslandsmeistaratitilinn er þar með enn í járnnum en Valsmenn hafa misst af lestinni og táknrænt að þeir skyldu endanlega tapa slagnum þar sem þeir unnu titilinn í fyrra.

## Hundraðasta markið

Seinna mark Tryggva í gær var hans hundraðasta í efstu deild. Hann fagnaði með því að sýna sérhannaðan bol með rómverska táknu C sem þýðir hundrað.

„Ég fór til Valsarans Henson í

vikunni og það hann um að gera þennan bol fyrir mig. Sagði honum að ég myndi skora tvö gegn Val og því yrði bolurinn að vera klár. Hann fór nú bara að hlæja, kallinn,“ sagði Tryggvi léttur en hann fór ekki í bolinn fyrr en í hálfleik.

„Það var markalaust í leikhléi og það gekk ekki. Við urðum að gera eitthvað og því skelti ég mér í bolinn.“

Tryggvi gerir ráð fyrir að það verði baráttan um titilinn fram í lokaumferð. „Keflavík vann líka og mér skilst að þeir hafi verið svolítið heppnir. Það er því bara áframhaldandi baráttan og við verðum að vinna alla okkar leiki til að verða meistarar. Það er ekkert flóknara en það,“ sagði Tryggvi sem hrósaði áhorfendum fyrir að mæta og þá sérstaklega Mafiunni.

henry@frettabladid.is

Guðmundur Steinarsson var maðurinn á bak við sigur Keflavíkur á Fjölni í gær:

## Baráttusigur hjá Keflvíkingum

**FÓTBOLTI** Keflvíkingar höfðu fimm stiga forskot á toppi deildarinnar fyrir leikinn gegn Fjölni en heimamenn sigldu nokkuð lygnan sjó rétt ofan við fallsvæðið. Leikurinn fór fram við erfiðar aðstæður og var nokkuð fjögurur, en að lokum fór svo að Keflvíkingar unnu góðan sigur og halda því fimm stiga forskoti í efsta sæti deildarinnar þegar einungis þrjár umferðir eru eftir.

Keflavík byrjaði leikinn betur. Báðum liðum gekk frekar illa að halda boltanum á blautum vellinum en þau færi sem komu fengu Keflvíkingar. Það var því nokkuð gegn gangi leiksins þegar Gunnar Már Guðmundsson kom Fjölni yfir með marki eftir hornspjrnun

eftir rúmlega hálf tíma leik. Ómar Jóhannsson í marki Keflavíkur hefði getað gert betur og nýtti Gunnar sér mistök hans.

Eftir markið settu Keflvíkingar meiri kraft í sóknina og það skilaði sér með jöfnunarmarki fyrir hálfleik. Markahæsti leikmaður deildarinnar, Guðmundur Steinarsson, skoraði þá með góðu marki úr teignum eftir sendingu Patrik Redo.

Seinni hálfleikur var rólegri en sá fyrri og hvorugt liðið náði verulegum tókum á leiknum. Baráttan var mikil og blautur völluminn gerði liðunum erfitt fyrir. Fjölnir komst næst því að jafna þegar Guðjón Arni Antoníusson setti boltann í stöngina á

eigin marki, en nær komust þeir ekki. Lokatölur því 2-1, Keflavík í vil, og þeir halda því fimm stiga forskoti á FH á toppnum.

Guðmundur Steinarsson átti góðan leik fyrir Keflavík, skoraði fyrri markið og lagði upp það síðara og hann var ánægður í leikslök. „Þetta var gríðarlega mikilvægur sigur gegn flottu og vel spilandu liði. Við vorum mjög ákveðnir að ná sigri hér í dag eftir að hafa tapað fyrir þeim á heimavelli. Við áttum að vera búnir að skora þegar þeir komust yfir en það eru ákveðin þroska-merki á liðinu að ná að jafna og komast yfir eftir það,“ sagði markahæsti leikmaður deildarinnar í leikslök.

- sjj



**DAUÐAFÆRI** Fjölnismaðurinn Pétur Georg Markan er hér kominn einn í gegn á móti Ómari Jóhannssyni, markverði Keflavíkur, en hann náði ekki að skora.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Fylkir vann öruggan sigur á slöku Grindavíkurlíði og náði 4 stiga forystu á HK:

# Fylkismenn fjarlægðust fallsætið

**FÓTBOLTI** Fylkir vann mikilvægan útisigur á Grindavík, 3-1, í fallbaráttu Landsbankadeildar karla. Fylkir er nú fjórum stigum frá fallsæti þegar þrjár umferðir eru eftir.

Fylkir skipti um þjálfara ekki alls fyrir löngu og var allt annað að sjá til liðsins en í síðustu deildarleikjum.

„Það er ekkert léttari andi í liðinu, bara öðruvísi nálgun. Við gátum þetta allan tímann en þetta var ekki að smella. Það small núna og það er frábært. Við lyftum okkur upp fyrir Þrótt sem er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur,“ sagði Valur Fannar Gíslason, fyrirlíði Fylkis, í leikslok.



**FRÁBÆR** Haukur Ingi Guðnason átti stórleik með Fylki í Grindavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

„Þetta var líka svona í bikarleiknum á móti Fjölni og var þetta í raun framhald af þeim leik. Við höldum ótrauðir áfram. Þetta er undir okkur komið, við þurfum að klára þetta sjálfir og við erum að gera það.“

Fylkir sigraði andlaust lið Grindavíkur sannfærandi og var besti leikmaður heimamanna, Eysteinn Húni Hauksson, allt annað en sáttur en hann virtist vera eini leikmaður liðsins sem lagði sig fram og vildi vinna leikinn.

„Ég ætla ekki að segja það. En ég var að hugsa þetta sama inni í klefa. Það vantar þennan sanna baráttuanda. Það er eins og það sé

	<b>GRINDAVÍK</b>	<b>1-3</b>	<b>FYLKIR</b>	
0-1 Haukur Ingi Guðnason (9.)				
0-2 Ian Jeffs (39.)				
1-2 Marinko Skaricic (43.)				
1-3 Halldór Hilmisson (50.)				
Grindavíkurvöllur, áhorf.: 610				
Einar Örn Danielsson (7)				
<b>TÖLFRÆÐIN</b>				
Skot (á mark)	8-11 (4-8)			
Varin skot	Zankarlo 5 - Fjalar 3			
Horn	5-8			
Aukaspjurnur fengnar	9-10			
Rangstöður	2-1			

**Grindavík 4-5-1** Zankarlo Simunic 5 - Bogi Rafn Einarsson 5 (81. Emil Daði Simonarson -), Zoran Stamenic 4, Marinko Skaricic 5, Jósef Kristinn Jósefsson 4 - Scott Ramsay 3, Jóhann Helgason 4 (46. Aljosa Gluhovic 6), Eysteinn Húni Hauksson 7, Orri Freyr Hjaltalín 4 - Tomasz Stolpa 4 (Alexander Veigar -), Gilles Mbang Ondo 4

**Fylkir 4-5-1** Fjalar Þorgeirsson 7 - Andrés Már Jóhannesson 7, Þórir Hannesson 6, Valur Fannar Gíslason 6, Kjartan Ágúst Breiðdal 7 - Ingimundur Niels Óskarsson 7, Kristján Valdimarsson 6, Halldór Arnar Hilmisson 7, Ian David Jeffs 7 (90. Davíð Þór Ásbjörnsson -), Jóhann Þórhallsson 5 (79. Friðrik Ingi Þráinsson -) - \*Haukur Ingi Guðnason 9 (53. Allan Dyring 3)

einhver þreyta í mönnum og þegar maður lítur í andlitin á mönnum þá er ekki sérlega bjart yfir. Þessu þurfum við að kippa í lag hver og einn. Það er fyrir neðan allar hellur að bjóða upp á svona.

Við vorum ekki að gera neitt inni á vellinum. Við vorum eins og menn sem voru mættir í leiðinlega vinnu og bíða eftir að þetta gerðist af sjálfu sér og yrði flautað af. Það vantaði þennan sanna keppnisanda,“ sagði Eysteinn. - gmi



**Á SKOTSKÓNUM** Jónas Guðni Sævarsson skoraði fyrsta mark KR gegn HK. Hér er hann á ferðinni í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Atli Jóhannsson tryggði KR öll stigin gegn HK:

# KR stoppaði HK

**FÓTBOLTI** KR skaut upp í þriðja sæti Landsbankadeildar karla með 2-1 sigri gegn botnbaráttuliði HK. Varamaðurinn Atli Jóhannsson skoraði sigurmarkið á 89. mínútu. „Það var ekki leiðinlegt að koma inn með þessum hætti. Annars fann maður sig náttúrulega vel í rigningunni, þetta var bara svona hálfgeft Eyjaveður,“ segir Eyjapeyinn Atli.

Vallaraðstæður voru annars gríðarlega erfiðar á KR-vellinum vegna úrhellisrigningar en leikmennirnir létu það ekki á sig fá og buðu upp á einkar fjörugan leik.

HK-ingar voru meira með boltann framan af leik án þess þó að finna glufu á þéttum varnarmúr KR-inga. Vesturbæingar voru svo fljótir að snúa vörn í sókn og fyrsta mark leiksins kom einmitt upp úr vel skipulagðri skyndisókn á 18. mínútu.

Guðmundur Pétursson fékk stungusendingu upp hægri kantinn og kom boltanum á fjærstöng á Gunnar Örn Jónsson sem lagði hann út í teiginn og þar mætti

Jónas Guðni Sævarsson og skoraði af stuttu færi. Kennslubókardæmi um góða skyndisókn.

HK-ingar jöfnuðu svo leikinn undir lok fyrri hálfleiks þegar Sinisa Kekic skoraði úr víti og þannig stóðu leikar þegar flautað var til hálfleiks.

Seinni hálfleikur var ekki mikið fyrir augað. Lítið var um opin marktækifæri og leikurinn einkenndist af miðjumóði, illa tíma-settum tæklingum og feilsendingum á báða bóga. Sigurmark varamannsins Atla Jóhannssonar á 89. mínútu fyrir KR, kom því eins og þruma úr heiðskíru lofti.

KR batt þar með enda á þriggja leikja sigurgöngu HK en það var enginn uppgjafartónn í fyrirlíðanum Gunnleifi, sem var að vanda öflugur í marki HK.

„Stöðu okkar vegna í deildinni komum við hingað til þess að taka þrjú stig. Það skiptir engu hver mótherjinn er, við komum til að vinna og ef það gengur ekki þá gengur það bara ekki. Við höldum bara ótrauðir áfram og næst er það Grindavík,“ segir Gunnleifur ákveðinn. - óþ

	<b>2-1</b>	
KR		HK
KR-völlur, áhorf.: 1032		Þóroddur Hjaltalín (6)

1-0 Jónas Guðni Sævarsson (18.)  
1-1 Sinisa Kekic, víti (41.)  
2-1 Atli Jóhannsson (89.)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	19-12 (10-2)
Varin skot	Stefán Logi 2 - Gunnleifur 7
Horn	13-4
Aukaspjurnur fengnar	12-16
Rangstöður	7-1

<b>KR 4-4-2</b>	<b>HK 4-4-2</b>
Stefán Logi Magnús. 6	*Gunnleifur Gunnleif. 7
Skúli Jón Friðgeirss. 5	Finnbogi Llorens. 7
Grétar Sigurðarson. 7	Ásgrímur Albertsson. 6
Pétur Marteinsson. 6	Erdzan Beciri. 5
Guðm. Reynir Gunn. 6	Hörður Arnason. 7
Gunnar Örn Jónsson. 6	Hörður Magnússon. 6
(77. Atli Jóhannsson -)	(86. Hörður Már -)
Jónas Guðni Sævars. 7	Einnur Ólafsson. 5
Bjarni Guðjónsson. 4	Almir Cosic. 6
(84. Óskar Hauks -)	(61. Goran Brajkovic. 5)
Viktor Bjarki Arnars. 7	Aaron Palomares. 6
Guðmundur Péturss. 7	Sinisa Kekic. 6
Björgólfur Takefusa. 4	(65. Rúnar Már. 4)
	Iddi Alkhag. 5

\*Maður leiksins

**ÞÚ ÁTT RÉTT Á AÐ VITA HVÆÐ HLUTIRNIR KOSTA**

Verslunareigendum ber skylda til að verðmerkja allar vörur samkvæmt lögum. Þetta á jafnt við inni í verslunum sem í búðargluggum. Verðmerking á að vera vel sýnileg og ekki má fara á milli mála til hvaða vöru hún vísar.

Oft getur verið erfið að átta sig á hagkvæmstu kaupunum þar sem úrval af vörum er mikið og pakkningar misstórar. Til að auðvelda þér að bera saman verð hafa því verið settar reglur sem skylda verslunareigendur til að gefa upp mælieiningarverð vöru, auk söliverðs.

**Notaðu rétt þinn.**

**NEYTENDASTOFA**

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • Sími 510 1100 • Bréfasími 510 1101  
postur@neytendastofa.is • www.neytendastofa.is

**Hefur þú nýtt þér þjónustu Impru?**

**www.impra.is**

**Nýsköpunarmiðstöð Íslands**  
Impra frumkvöðlar og sprotar

**Samstarf í samkeppni: Styrkir til fyrirtækja og klasa á landsbyggðinni**

**Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands** auglýsir eftir umsóknum um styrki til að efla klasasamstarf.

Veittir eru styrkir til tvenns konar verkefna:

- Undirbúningsvinnu við myndun klasa þar sem fimm eða fleiri fyrirtæki taka þátt
- Einstakra verkefna innan starfandi klasa

Frekari upplýsingar og umsóknareyðublað eru á **www.impra.is** og hjá Sigurði Steingrímssyni, **sigurdurs@nmi.is** eða í síma **462 7972**.



## > Alec Baldwin

„Þegar ég var barn langaði mig til þess að verða forseti Bandaríkjanna. Eftir því sem ég eldist finnst mér sú hugmynd minna og minna kjánaleg.“ Alec Baldwin leikur í þættinum 30 Rock sem sýndur er á Skjá einum í kvöld.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON HRÍFST AF FRANSKRI SNILLDARGÁFU

# Svívirðingar og fleira hressandi í beinni

Það er frekar lítið sem má hér á Íslandi. Allir verða að passa sig, vera penir og gera enga skandala. Ef einhver er þínu dónalegur eða skrytinn í Kastljósinu, hvort sem það er nú spyrillinn eða viðmælendinn, fer þjóðin á hvolf. Það vantar allt spönkið í íslenska viðtalsþætti. Þeir eiga það til að vera leiðinlegir, ófyrirmyndir, ófrumlegir og ofursykursætir. Kannski vantar bara hressandi viðmælendur líka, svona eins og Serge Gainsbourg heitinn sem mætti alltaf reykjandi í sjónvarpssettið, kallaði aðra viðmælendur hórur eða sagðist vilja sofa hjá þeim, kveikti í peningaseðli eða jós svívirðingum yfir bæði spyrja og hálfra frönsku þjóðina. Íslenskir sjónvarpsmögular mættu endilega grafa upp snilldarþáttinn *Tout Le Monde En Parle* á YouTube með spyrillum Thierry Ardison í aðalhlutverki, en hann horfði ég alltaf á TV5 á sunnudagskvöldum. Um var að ræða stórkostlegan þriggja tíma vikulegan viðtalsþátt með ótrúlegu úrvali gesta, allt frá stjór-



málamönnum og rithöfundum upp í heimsfræga alþjóðlega leikara, fyrirsætur og tónlistarmenn og reyndar bara alla sem höfðu gert nokkuð fréttanæmt eða sniðugt. Þátturinn var uppfullur af bráðsnjöllum línunum, dónaskap, kynlífi og hæðni eins og Frökkum er einum lagið. Spurningarnar eru skelfilega harðar og viðmælendur höfðu engin undanbrögð með að svara þeim. Margir komu auðvitað út úr því eins og algerir fávarar. En allir mættu samt í þáttinn því það þótti svo skelfilega töff. Maður fór í gegnum rússíbanareid af tilfinningum þegar maður horfði á þetta, eina mínúturna var maður fylltur ógeði, þá næstu í hláturskasti, næst öskraði maður á sjónvarpsækið, eða hlustaði bara af athygli og aðdáun. Þetta er það sem ég vil sjá, þátt þar sem fólk má vera hress, reykja, drekka, klæmast, æla og jafnvel fá grátkast í beinni. *Tout le Monde en Parle* þýðir „það eru allir að tala um þetta“ og hver vill ekki sjónvarpsféni sem allir eru að tala um?

## EKKI MISSA AF



### 12.30 Silfur Egils

SIJÓNVARPIÐ



### 15.50 MotoGP, BEINT

SKJÁREINN



### 19.40 The Dresden Files

STÖÐ 2 EXTRA



### 20.00 NY Jets - New England Patriots, BEINT

STÖÐ 2 SPORT



### 20.45 Numbers

STÖÐ 2

## SIJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstudningur okkar** í næturgarði, Pósturinn Páll, Friðþjófur forvitni, Ný skólinn keisarans, Sígdar teiknimyndir, Finni kostur, Fræknir ferðalangar, Lára og Sigga liggja lá.

**11.00 Myndarstúlka** (Pixel Perfect) (e)

► **12.30 Silfur Egils** Umræðu- og viðtalsþáttur Egils Helgasonar um pólitik, dægurmál og það sem efst er á baugi.

**13.50 Lokamót Alþjóðafriðsáttáttasambandsins** Uppataka frá gullmóti í frjálsum íþróttum sem fram fór í Stuttgart fyrir í dag.

**16.50 Herra Sigurbjörn Einarsson biskup – Minning** (e)

**17.20 Tákn málsfréttir**

**17.30 Marcinek** (e)

**17.45 Skoppa og Skríttla** (10:12)(e)

**18.00 Stundin okkar** (e)

**18.30 Latibær** (102:136) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

**19.40 Út og suður**

**20.10 Frelsisþrá** (Tropiques amers) (6:6) Franskur myndaflokkur frá 2006. Sagan gerist á eyjunni Martinique í Karíbahafi seint á 18. öld.

**21.05 Sunnudagsbíó – Grænu slátrarnir** (De grønne slagtere) Dönsk bíómynd frá 2003. Svend og Bjame vinna hjá slátrara í dönskum smábæ en fá nóg af hrokanum í honum og ákveða að opna sína eigin kjötbúð.

**22.45 Silfur Egils** (e)

**00.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlök**

## BIÓ

**06.25 Look Who's Talking**

**08.00 Elizabethtown**

**10.00 Honey, I Shrank the Kids**

**12.00 Life is Ruff**

**14.00 Look Who's Talking**

**16.00 Elizabethtown**

**18.00 Honey, I Shrank the Kids**

**20.00 Life is Ruff**

**22.00 Talladega Nights: The Ballad of Ricky Bobby**

**00.00 Jackass Number Two**

**02.00 Trauma**

**04.00 Talladega Nights: The Ballad of Ricky Bobby**

**06.00 Blue Sky**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Þorlákur, Blær og Kalli á þakinu.

**08.00 Algjör Sveppi** Sveppi vaknar allar helgar klukkan átta og sýnir börnunum teiknimyndir með íslensku tali.

**09.30 Stóra teiknimyndastundin**

**09.55 Kalli litli kanína og vinir**

**10.20 Bratz**

**10.40 Ævintýri Juniper Lee**

**11.05 Stuðboltastelpurnar**

**11.30 Latibær** (5:18)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.30 Neighbours**

**12.50 Neighbours**

**13.10 Neighbours**

**13.30 Neighbours**

**13.50 Neighbours**

**14.15 Chuck** (2:13)

**15.10 Friends** (18:24)

**15.35 Beauty and The Geek** (8:13)

**16.20 The Daily Show: Global Edition** Jon Stewart á kostum í einstaklega spaugsamri umfjöllun um það sem hæst ber í fréttum hverju sinni. Engum er hlíf og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts.

**16.55 60 Minutes**

**17.45 Oprah**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.49 Íþróttir**

**18.55 Veður**

**19.10 Jamie's Chef** (4:4)

**20.00 Women's Murder Club** (13:13) Fjórar perluvinkonur vinna allar við morðrannsóknir. Ein er rannsóknarlögregla, önnur sak-sóknari, þriðja dánardómstjóri og sú fjórða er rannsóknarblaðakona.

► **20.45 Numbers** Tveir ólíkir braeður sameina krafta sína við rannsókn sakamála. Sá eldri er varðstjóri hjá FBI en sá yngri er stærðfræðisíni sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur í þágu glæparannsóknna.

**21.30 The Tudors** (7:10)

**22.30 The Wire** (13:13)

**23.50 Hotel Babylon** (5:8)

**00.45 My Baby's Daddy**

**02.10 Rosenstrasse**

**04.20 Women's Murder Club** (13:13)

**05.05 The Tudors** (7:10)

**06.00 Fréttir**

## SPORT

besta sætið

**08.10 Spænski boltinn** Barcelona - Racing.

**09.50 Landsbankadeildin 2008** FH - Valur.

**11.30 Formúla 1 2008** Bein útsending frá Formúlu 1 kappakstrinum á Ítalíu.

**14.15 Kraftasport 2008**

**14.45 Spænski boltinn**

**15.15 Fréttarþáttur Meistaradeildar Evrópu**

**15.45 Landsbankadeildin 2008** Bein útsending frá leik Þróttar og IA í Landsbankadeild karla.

**18.00 Landsbankamörkin 2008**

**19.00 Timeless** Í þættinum er fjallað um fólk sem æfir og keppir í ólíkum íþróttgreinum en allt er það íþróttahetjur á sinn hátt.

**19.30 NFL-deildin** Þáttur um NFL-deildina þar sem leikir helgarnar eru skoðaðir.

► **20.00 NFL-deildin** Bein útsending frá leik New York Jets og New England Patriots í NFL-deildinni en þetta er fyrsti leikur Bretts Favre á heimavelli með liði Jets.

**23.00 F1: Við endamarkið**

**23.40 Spænski boltinn** Real Madrid - Numanca

**01.30 Landsbankamörkin 2008**

**02.30 Landsbankadeildin 2008** Þróttur - IA.

## SPORT 2

enski boltinn

**09.15 Enska úrvalsdeildin** Portsmouth - Middlesbrough.

**10.55 4 4 2**

**12.15 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Stoke og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

**14.25 PL Classic Matches** Tottenham - Everton, 02/03.

**14.55 Enska 1. deildin** Bein útsending frá leik QPR og Southampton í ensku b. deildinni.

**16.55 PL Classic Matches** Chelsea - Tottenham Hotspurs.

**17.25 Enska úrvalsdeildin** Man. City - Chelsea.

**19.05 Enska úrvalsdeildin** Liverpool - Man. Utd.

**20.45 4 4 2**

**22.05 Enska úrvalsdeildin** Blackburn - Arsenal.

**23.45 Enska úrvalsdeildin** Newcastle - Hull City.

## SKJÁREINN

**08.55 Vörutorg**

**09.55 Dr. Phil** (e)

**12.55 What I Like About You** (e)

**13.20 High School Reunion** (e)

**14.10 Britain's Next Top Model** (e)

**15.00 Design Star** Það er komið að loka-uppgjörunu og nú leggja hönnuðir allt undir. Todd og Kim fá eitt tækifæri enn til að sanna sig. Þau þurfa að leysa krefjandi verkefni á framandi slóðum, þar sem dramatikinn nær hámarki. (e)

► **15.50 MotoGP** Bein útsending frá fjórtaða móti tímabilsins í MotoGP sem fer fram í Indianapolis í Bandaríkjunum. Þetta er í fyrsta sinn sem keppt er í MotoGP á þessari sögufæru kappakstrarsbraut.

**20.10 Robin Hood** (4:13) Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rætur þá ríku til að gefa hinum fátæku. Fógetinn fær illkvittinn vísindamann til að búa til efnavopn. Hann prófar vopnin á íbúum þorspins og kennir öðrum um veikindi þeirra.

**21.00 Law & Order: SVU** (5:22) Brenglaður nauðgari ræðst aftur á sama fórnarlambið og Stabler og Beck tengja málið við fleiri nauðgunarmál. Stabler og Beck eru ósammála um hvemig eigi að meðhöndla málið og það sýður upp úr í lögregluárinu.

**21.50 Swingtown** (5:13) Susan gengur þvert á óskir eiginmannsins þegar hún tekur þátt í fjarsófnun heima hjá Decker-hjónunum til að safna fyrir lögræðikostnaði aðal-leikara klámmyndarinnar Deep Throat.

**22.40 30 Rock** Fyrsti þátturinn í annari þáttaröð og Jack fær þá snilldarhugmynd að nota tölvutækni til að setja Jerry Seinfeld í alla þætti á NBC. Seinfeld sjálfur leikur gestahlutverk í þættinum. (e)

**23.05 Sexual Healing** (e)

**00.05 Trailer Park Boys** (e)

**00.55 Trailer Park Boys** (e)

**01.45 Vörutorg**

**02.45 Óstöðvandi tónlist**

## SIJÓNVARP NORDURLANDS

**12.15 Endursýnt valið efni frá liðinni viku** Endursýnt á klukkustunda fresti.

**20.45 Gönguleiðir** Þáttur um áhuga-verðar gönguleiðir á Íslandi. Endursýnt kl. 21.45 og 22.45.



Dagskrá allan sólarhringinn.

**UpRight**  
POWERED ACCESS



**UpRight X26 N**  
Aðeins 83cm á breidd  
10m vinnuhæð

**Hágæða vinnulyftur á góðu verði**



**UpRight MX19**  
Kemst inn um allar dyr  
7,8m vinnuhæð



**UpRight TM12**  
Aðeins 76 cm á breidd  
5,7m vinnuhæð

**Lyfta.is**

Opíð mán - fim: 8-18 • fös: 8-16 • lau - sun: samkv. samkomulagi

Njarðarbraut 3a • 260 Reykjanesbær • Sími: 421 4037 • www.upright.is



## Í KVÖLD

## STÖÐ 2 KL. 21.30

## The Tudors

Önnur þáttaröð einnar metnaðar-fyllstu sjónvarpsþáttaraðar síðari ára. Jonathan Rhys Meyers fer með hlutverk Hinriks VIII. sem er einn nafntogaðasti konungur sögunnar. Anita Briem kemur nú inn í þáttaröðina í fyrsta sinn. Anna, drottning Englands, þjáist af martröðum og finnst sér vera ógnað af Katrínu og dóttur hennar. Hinrik heimsækir óvænt gamlan vin sinn, John Seymour, föður Jane Seymour, sem Anita Briem leikur.



## ▶ VIÐ MÆLUM MED

## Jamie's Chef, lokabáttur

## Stöð 2 kl. 19.00

Það er komið að lokabættinum þar sem breski sjónvarpskokkurinn Jamie Oliver aðstoðar lærisveina sína við að setja á laggirnar þeirra eigin veitingahús frá grunni.

Fyrsti matreiðsluþáttur Jamie, „The Naked Chef“, fór í loftið árið 1999 en hann vakti mikla athygli þar sem áhersla var lögð á að elda úr fersku hráefni og á einfaldan máta.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags	16.00 Síðdegisfréttir
06.40 Veðurfregnir	16.08 Veðurfregnir
07.05 Morgunandakt	16.10 Úr tónlistarlífinu
08.00 Morgunfréttir	18.00 Kvöldfréttir
08.05 Tónlist á sunnudagsmorgni	18.26 Seiður og hélog
09.03 Framtíð lýðræðis	18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
10.05 Veðurfregnir	19.00 Óskastundin
10.15 Þýtt, skráð og skáldað	19.40 Öll þau klukkaköll
11.00 Guðsþjónusta í Breiðholti	20.30 Bláar nótur í bland
12.02 Hádegisútlit	21.05 Gestagangur í bókmenntum
12.20 Hádegisfréttir	22.07 Veðurfregnir
12.45 Veðurfregnir	22.12 Orð kvöldsins
13.00 Ísland og Evrópusambandið	22.15 Í söguferð um Brasilíu
14.00 Útvarpsleikhúsið: Gullbrúðkaup	23.00 Andrarímur
15.00 Tvö tónskáld	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

16.00 Hollyoaks (11:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.25 Hollyoaks (12:260)

16.50 Hollyoaks (13:260)

17.15 Hollyoaks (14:260)

17.40 Hollyoaks (15:260)

18.00 Seinfeld

18.25 Seinfeld

18.50 Seinfeld

19.15 Seinfeld

▶ 19.40 The Dresden Files (5:13) Harry Dresden er enginn venjulegur maður, hann er galdramaður og notar hæfileika sína til að upplýsa sakamál. Harry á sér dökka fortíð en hefur nú ákveðið að nýta sér reynsluna til góðs.

20.25 Twenty Four 3 (16:24) Jack leyfir Amador að sleppa svo hann geti elt hann. Skelfing grípur um sig á hótelinu þegar vírusinn fer að breiðast út. Palmer þarf að ákveða hvort hann muni ljúga til að vernda Sherry.

21.10 Happy Hour (6:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfsselsum og raunveruleikafirtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lífa lífinu.

21.40 Seinfeld

22.05 Seinfeld

22.30 Seinfeld

22.55 Seinfeld

23.20 Sjáðu

23.45 Tónlistarmyndbönd – Skífan TV

## BBC PRIME

10.00 The Weakest Link 11.00 Down to Earth 12.00 Down to Earth 13.00 Last of the Summer Wine 13.30 Last of the Summer Wine 14.00 Last of the Summer Wine 14.30 George VI 15.30 How Mad Was King George? 16.30 George Eliot: A Scandalous Life 17.30 Speed 18.00 Speed 18.30 Speed 19.00 Days that Shook the World 20.00 Days that Shook the World 21.00 Days that Shook the World 22.00 Days that Shook the World 23.00 Days that Shook the World 0.00 Days that Shook the World

## DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Boxen 10.25 OBS 10.30 SPAM 2008 10.55 Skum TV 11.10 Angora by night 11.35 Family Guy 12.00 Gudstjeneste i DR Kirken 12.55 Den store dag 13.55 Min kones ferie 15.30 Bamses Billedbog 16.00 Drømmen om dybet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Filmtricks - hundrede år med Nordisk Film 17.30 De store katter 18.00 DR1 Dokumentaren - Børn bag tremmer 19.00 21 Søndag 19.40 SportNyt med SAS liga 20.00 Kronprinsparrets kulturpris, Prisdelingen 20.30 Kronprinsessen 21.25 Columbo

## NK1

09.30 Kvitt eller dobbelt 10.30 Himmelblá 11.15 Himmelblá 12.00 Motorsport. STCC 14.05 Fridrett. Verdensfinalen 2008 15.00 Ansikt til ansikt 15.30 Apen himmel. Samisk gudstjeneste 16.00 Lillelot og vennene hans 16.25 Herr Hikke 16.30 Newton 17.00 Søndagsrevyen 17.45 Sportsrevyen 18.05 Himmelblá 18.50 Paralympics i Beijing 19.25 Miss Marple 21.00 Kveldsnytt 21.20 Ståtoils siste olje? 22.10 EM rallycross 23.10 Uka med Jon Stewart 23.35 Norsk på norsk jukeboks

## SVT 1

09.45 Paralympics 2008 11.40 Landet runt 12.25 Fråga doktorn 13.10 Helmut Newton 14.10 Minkitanis katter 15.25 Videokväll hos Luuk 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Saltön 17.15 Hemliga svenska rum 17.30 Rapport 17.55 Regionala nyheter 18.00 Paralympics 2008 18.30 Sportspegeln 19.15 Ashes to ashes 20.10 På resa med Homo Sapiens 20.40 Hur mycket väger ett moln? 21.10 Five days 22.10 Bam bakom galler



## SKIPULAGSVERÐLAUNIN 2008

Skipulagsverðlaunin eru veitt annað hvert ár til sveitarfélaga, stofnunar eða einkaaðila sem unnið hafa vel á sviði skipulagsmála og lagt sitt fram til að bæta og fegra umhverfi í þéttbýli og dreifbýli. Markmið verðlaunanna er að hvetja til umræðu um skipulagsmál og vekja athygli á því besta sem er að gerast á sviði skipulags á hverjum tíma.

Skipulagsverðlaunin eru veitt fyrir skipulagstillögu eða verkefni sem tilnefnt hefur verið af sveitarfélögum, stofnunum, fyrirtækjum eða einstaklingum. Ekki er nauðsynlegt að höfundar tilnefni verkefni sín sjálfir. Einnig má tilnefna þætti sem hafa orðið til að auka umræður og skilning á skipulagsmálum t.a.m. fyrirlestraröð, íbúðaping, umfjöllun í fjölmiðlum, starfsemi íbúasamtaka, rannsóknir o.s.frv. sem eru tákn fyrir nýja hugsun og þróa áfram íslenska skipulagshefð. Hefð sem dregur fram landslag, einkenni og sérkenni borga og bæja, er íbúunum og samfélagi þeirra til hagsbóta og tekur mið af sjálfbærri þróun sem nýrri vídd í hinu byggða umhverfi.

Formaður dómnefndar er fulltrúi úr Skipulagsfræðingafélagi Íslands, en dómnefnd er skipuð fulltrúum úr Skipulagsfræðingafélagi Íslands, Arkitektafélagi Íslands, Félagi Íslenskra Landslagsarkitekta, Verkfræðingafélagi Íslands, fulltrúa sveitarfélaga og fulltrúa íbúasamtaka.

Tillögur fyrir skipulagsverðlaun þessa árs geta verið eftirfarandi:

1. Svæðisskipulag
2. Aðalskipulag
3. Deiliskipulag
4. Annað (rammaskipulag, stefnumótun, áætlanir, íbúðaping, rannsóknir o.fl.)

Tilnefningar ásamt viðeigandi gögnum, s.s. uppdráttum og greinargerð ásamt rökstuðningi fyrir tilnefningu, skal senda til formanns Skipulagsfræðingafélags Íslands á netfangið sigridur@lbhi.is. Æskilegt er að gögn séu á pdf formi. Þátttaka er öllum heimil og tilnefningar þurfa að berast fyrir 12. október 2008.

Nánari upplýsingar er að finna á vef SFFÍ:

[www.skipulagsfraedi.is](http://www.skipulagsfraedi.is)



## HVAD SEGIR MAMMA?



„Ég er bara mjög stolt af dóttur minni. Strax frá því hún var þínulítill var hún svona skapandi. Hún á fimm systkini en ekkert þeirra hefur verið eins frjótt og hún í sköpun. Sara hefur alltaf þorað að vera öðruvísi og hefur aldrei spáð í hvað öðrum finnst.“

Júlia Lind Ómarsdóttir, móðir Söru Maríu Eyþórsdóttur, eins af eigendum Nakta apans, sem selur stuttermaboli fyrir tónlistarhátiðina London Airwaves.

## HIN HLIÐIN HALLGRÍMUR ÓLAFSSON LEIKARI

## Mikilvægt að vera mikilvægur maður

**Hvað er að fréttu?** Fólkíð í blokkinni á daginn. Fló á skinni á kvöldin. **Augnlitur:** Hef ekki hugmynd en sumir segja brúnn og sumir segja grænn. Þannig að ég segi bara grænbrúnn.

**Fæðingardagur:** 19.06. 1977.

**Starf:** Leikari.

**Fjölskylduhagir:** Í sambúð með eitt barn.

**Hvaðan ertu?** Af Akranesi.

**Ertu hjátrúarfullur?** Nei, það er allt of mikið „spelt“ eitthvað.

**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Það eru nú margir, en í sérstöku upphaldi eru alls kyns dýralífsþættir.

**Uppáhaldsmatur:** Saltkjöt og baunir.

**Fallegasti staðurinn:** Þingvallavatn og bringan á manneskju sem er mér kærust.

**iPod eða geislaspilarí?** iPod.

**Hvað er skemmtilegast?** Að skemmta sér.

**Hvað er leiðinlegast?** Að láta sér leiðast, skúra, kaupa ost, þvottaefni og bensín.

**Helsti veikleiki?** Er allt of meðvirkur.

**Helsti kostur?** Allavega ekki Grænn kostur, það er of mikið „spelt“ eitthvað. Ég þyki með afbrigðum skemmtilegur maður. **Helsta afrek?** Að verða Tommamótsmeistari í knattspyrnu 1987 bæði innan- og utanhúss.


**Mestu vonbrigðin?** Var í öðru sæti í kárióki-keppni félagsmiðstöðva, minnir að Emiliana Torrini hafi unnið. Djöfull var ég svektur.

**Hver er draumurinn?** Mig hefur því miður ekki enn dreymt hann.

**Hver er myndnastur/fyndnust?** Harpa dóttir mín sem kemur mér til að hlæja á hverjum degi.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Þessa dagana býr hjá mér unglingur sem sefur yfir sig í gríð og erg, og missir af strætó. Sem verður til þess að ég þarf að keyra hann.

**Hvað er mikilvægast?** Að vera hamingjusamur, glaður og frjál. Og svo er auðvitað mjög mikilvægt að vera mikilvægur maður.



FÆR EIRÍKUR FJALAR AÐ VERA MEÐ? Fyrsta plata Ladda í 18 ár er væntanleg.

## Plataður til að gera plötu

Skemmtikrafturinn Laddi hefur átt ótrúlegum vinsældum að fagna upp á síðkastið með sýningu sinni í Borgarleikhúsinu. Tónlistarmaðurinn Laddi hefur hins vegar lengi verið í hálfgerðu dái, síðasta sólóplata hans, Of feit fyrir mig, kom út árið 1990. Nú fyrir jólin, átján árum síðar, er von á sjöttu sólóplötunni hans.

„Ei, mér fannst ég bara vera orðinn of gamall til þess að gera plötu,“ segir Laddi. Hann varð sem kunnugt er sextugur í fyrra. „En svo eru útgefendurnir búnir að suða í mér lengi og einhvern veginn tókst þeim að plata mig út í þetta núna.“

Laddi gerir plötuna með Björgvini Halldórssyni, en þeir hafa oft unnið saman áður. „Ég er að bera í hann efni núna, bæði lög eftir mig og erlend lög sem væri gaman að taka. Hann er að hlusta á þetta og svo ákveðum við endanlega í vikunni hvaða lög fara á plötuna. Svo klárum við þetta um næstu mánaðamót og náum plötunni út fyrir júl.“

Laddi segist ekki brjóta blað í tónlistarsköpun sinni á plötunni. „Þetta verður ekta Ladda-plata, grín og glens fyrir alla fjölskylduna. Kannski geri ég þungu listrænu plötuna seinna. Hún verður mjög alvarleg!“

Og svo er það sýningin, Laddi 6-tugur. Laddi fær bara ekki að hætta með hana. „Við ætluðum að hætta síðasta vor og auglýstum síðustu sýningar. Þá varð algjör sprenging og færri komust að en vildu. Þá lofuðum við nokkrum sýningum í viðbót og stöndum við það núna í nóvember. Þá verða sex til tíu sýningar í viðbót.“

Laddi er þegar búinn að halda 110 sýningar sem hátt í 60.000 gestir hafa séð. Þeim sem komast ekki á viðbótarsýningarnar er bent á að DVD-diskur með sýningunni kemur út fyrir jólin.

- drg

HALLDÓR HILMIR HELGASON: EKKI AUÐVELT AÐ VERA MEÐ ÞRJÁ FUGLA Á HEIMILINU

## Páfagaukur sem gerir hundakúnstir

„Ég sá hann upphaflega inni á skrifstofu í gæludýraverslun þar sem hann var í litlu búri og leið illa. Mig hafði alltaf langað í svona stóran fugl og fór að falast eftir honum, en þá var hann á leiðinni til annars eiganda. Sá gafst þó upp eftir stuttan tíma og þá tók ég fuglinn,“ segir Halldór Hilmir Helgason um páfagaukinn sinn Þjakk sem hann fékk fyrir einu og hálfu ári síðan og er af Golden Macaw-tegund.

„Þetta er eins og að temja ljón, þessir fuglar eru með svo mikinn bitkraft og það er ekki fyrir hvern sem er að meðhöndla. Þjakkur var svolítið baldinn við mig fyrst, en fuglar sem þessir eru það gjarnan og þá frekar við karlmenn en konur, sem hafa mýkri rödd. Ég gaf honum samt ekkert eftir, fékk mér bara rafsúðuvettlinga og núna er hann orðið gæludýr sem kyssir mann, kveður, heilsar og gerir allar hundakúnstir,“ útskýrir Halldór sem veit til fjögurra annarra fugla sömu tegundar hér á landi.

Halldór og eiginkona hans, Elma Helgadóttir, eiga og reka fyrirtækið Demantinn ehf. sem sérhæfir sig meðal annars í að þétta sam-skeyti í einingahúsum. Því fylgir vinna víðs vegar um land og spurður um aðbúnað Þjakks segir Halldór hann yfirleitt geta tekið hann með sér, annars fái hann mann-skju til að koma heim daglega bæði til að tala við og gefa Þjakki. „Þegar ég fer með hann út verður hann að fá einn flugtúr á bersvæði fyrst til að fá útrás.“ útskýrir Halldór, en viðurkennir að óhöpp hafi líka átt sér stað. „1. maí slapp hann undan neti sem ég var með í garðinum og endaði upp í svo hárra ösp að níu metra stigi sem ég á dugði ekki til að komast upp á topp. Þegar ég kallaði „komdu“ gargaði hann bara „komdu“ á móti, svo ég varð að ræsa út Vinnulyftur í Garðabænum til að ná honum niður. Þjakkur er bara eins og ungur ofvirkur strákur, mikill göslari og það eru enn fjögur ár í að



ALGJÖR ÞJAKKUR Halldór segir páfagaukinn Þjakk vera mikinn göslara, en hann kyssir, heilsar, kveður og gerir allar hundakúnstir.

hann verði kynþroska,“ segir Halldór, en páfagaukar af Golden Macaw-tegund geta orðið 50 til 70 ára gamlir.

„Þetta eru dýr sem maður tekur að sér til frambúðar og því fylgir mikil ábyrgð, enda er þeim er líkt við fjögurra ára meðalgreind börn og þeir aðlaga sig ekki svo auðveldlega að nýjum og nýjum eig-

anda,“ bætir hann við, en fyrir stuttu síðan tóku Halldór og Elma einnig að sér tíu ára Orange winged Amazonfugl. „Við tókum við fuglinum af manni sem hafði verið með hann í gluggalaus þvottahúsi og gátum ekki hugsað okkur að fara án þess að taka hann með okkur heim,“ segir Halldór um nýjasta fjölskyldumeðliminn sem



HEFUR SLOPPIÐ Eitt sinn flaug Þjakkur svo hátt upp í tré að Halldór þurfti að nota vinnulyftu til að ná honum niður.



LITRÍK FJÖLSKYLDA Á heimilinu er rósableikur fugl af kakadúa-ætt, Golden Macaw-páfagaukurinn Þjakkur og Amazonfuglinn Maggi músarrindill.

hann kallar Magga músarrindil vegna þess hve lítill hann er í sam-anburði við Þjakk.

„Ég var svo að enda við að gefa konunni rósableikan fugl af kakadúa-ætt í afmælisgjöf. Hún varð alveg veik fyrir honum svo ég dró saman síðustu krónurnar til að kaupa hann,“ segir Halldór að lokum og hlær. [alma@frettabladid.is](mailto:alma@frettabladid.is)

## Stefán Karl hættur í Latabæ

„Þetta hafa verið einhver skemmtilegustu ár ævi minnar og reynslan hefur verið ómetanleg. Sem leikara og listamanni fannst mér hins vegar nóg komið af sælgætisáti og þakkarastrikum og tel rétt að hleypa öðrum að,“ segir Stefán Karl Stefánsson leikari sem hefur formlega sagt upp störfum í Latabæ. Stefán Karl hefur sem kunnugt er farið með hlutverk Glanna glæps í sjónvarpsþáttunum vinsælu. Hann segir að þetta hafi verið erfið ákvörðun að taka. „Já, ég

kveð Latabæjarfjölskylduna með miklum söknuði.“

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu hafa Stefán Karl og Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir eiginkona hans nú fengið græna kortið sem veitir þeim rétt á fullri atvinnu í Bandaríkjunum. Þar hafa þau verið búsett síðustu fjögur árin og nú hafa þau komið sér vel fyrir í San Diego. Næsta verkefni sem Stefán Karl hyggst einbeita sér að er söngleikurinn Þegar Tröllli stal jólinum (How the Grinch Stole Christmas). Söngleikurinn er hugarsmið Tony-verðlaunahafans Jacks O'Brien og hefur verið sýndur á Broadway undanfarin tvö ár. „Framleiðendurnir ákváðu að endurnýja leikarhópinn og báðu mig að taka að mér hlutverk Trölla sjálfs. Ég tók því með mikilli gleði,“ segir Stefán Karl. Hann segir að söngleikurinn sé alfarið byggður á

sögunni þekktu sem Dr. Seuss skrifaði og myndskreytti.

Stefán Karl stígur fyrst á svið sem Tröllli í nóvember. Þá verður söngleikurinn sýndur í The Hippodrome Theater í Baltimore. Í desember verður svo sýnt í The Wang Theater í Boston. Stefán Karl fær svo að reyna sig á sviði á Broadway í New York næsta haust. Stefán Karl getur ekki leynt því að hann er spenntur fyrir þessu nýja hlutverki. „Þetta er mikil upphæfing fyrir mig sem leikara enda ekki á hverjum degi sem útlendingur er ráðinn til að leika í klassísku amerísku verki sem sett er upp á Broadway.“

- hdm

RÆR Á NÝ MIÐ Stefán Karl Stefánsson er hættur í Latabæ. Hann leikur næst Trölla í Þegar Tröllli stal jólinum.

LIÓSMYND/MATTHÍAS ÁRNI







**TIL HAMINGJU  
ÍSLANDSMEISTARAR  
Í LANDSBANKAÐEILD  
KVENNA 2008**

**VIÐ ELSKUM  
FÓTBOLTA**





# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaáæild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

Þæggra verð  
**Apótekió**  
Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri



**BAKÞANKAR**  
Davíðs Þórs  
Jónssonar

## Jörð, gleypstu mig ... núna!

Þótt maður reyni að hafa ekki of miklar áhyggjur af því hvað fólk heldur um mann reynir maður auðvitað alla jafna að verða ekki að undrum á almannaþæri. En stundum er hreinlega eins og lífið bregði fyrir mann fæti í þeirri sjálfsögðu viðleitni.

**TIL DÆMIS** fór ég ekki alls fyrir löngu í verslunarleiðangur í Hagkaup í Kringlunni. Eftir að hafa fyllt innkaupakörfunu fór um við hjónaleysin í biðröðina við kassann. Konan á undan okkur var með heilmikinn varning sem hún var að hlaða upp á færbandið með töluverðum bægslagangi. Þá sá ég útundan mér að einhver smávara datt á gólfíð. Að sjálfsögðu tók ég hana upp. Þetta var einhvers konar kremtúba af smærra taginu. Ég rétti konunni hana og sagði: „Fyrirgefðu, þú misstir þetta.“ Konan leit forviða á mig og neitaði því svo flissandi. Skritnara þótti mér þó að nú hreytti unnusta mín í mig: „Hvað er að þér, maður? Þetta á að vera hérna!“ Með það reif hún af mér túbuna og setti upp í hillu sem er þarna yfir færbandinu.

**ÞAÐ TÓK** drykklanga stund að afgreiða konuna svo ég leit betur á hilluna sem túban hafði dottið úr. Þá rann upp fyrir mér ljós. Í túbunni var krem sem ætlað er að auka ánægju fólks af því að hafa samfarir. Gott ef orðasambandinu „kitlandi unaður“ brá ekki fyrir í vörulýsingunni. Ég fann hvernig roðinn færðist í kinnarnar á mér við þessa uppgötvun, en ekki fannst mér ég þó geta beðið konuna afsökunar. Þá hefði ég verið að gefa í skyn að það ætti að segja sig sjálf að vöru af þessu tagi gæti hún alls ekki verið að kaupa. En þarna hafði ég sem sagt í barnslegu sakleysi mínu staðið með þennan sóðaskap í höndunum, otað honum að bláóknugri manneskju og svo gott sem gapað: „Afsakið, fróken, en þér misstuð kynnaunasmyrslíð yðar.“

**TIL AÐ** konan sæi ekki að ég var blóðrauður af skömm reyndi ég að grafa andlitið á mér ofan í tímarit á meðan hún lauk sér af og unnusta mín barðist við að halda niðri í sér hlátrinum. En maður hlýtur að spyrja: Hvað á það að þýða að hafa þessa vöru einmitt þarna? Það er bara verið að bjóða heim hættunni á svona löguðu. Á maður ekki heimtingu á því að geta farið út í búð án þess að eiga það á hættu að verða sér í hrekkleysi sínu til slíkrar skammar að maður óskar þess helst að jörðin gleypi mann?

  
**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er sunnudagurinn  
14. september, 258. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	6.49	13.23	19.56
Akureyri	6.31	13.08	19.43

Heimild: Almanak Háskólans



Okkur langar að versla á Stríkinu enda öll merkin á einni götu sem er frekar þægilegt. Og þó maður nenni ekki alveg að spá í það núna, þá ætti maður að klára jólagjafirnar þar. Svo er hægt að taka þetta á einu bretti í Fisketorvet. Veðurspáin í mollinu er vist frábær í allan vetur.



Okkur langar að slaka á í Nýhöfn og fá okkur smörrebröd og danskan bjór.

## Okkur langar til Køben

Flestir átta sig fljótlega á því þegar þeir heimsækja Kaupmannahöfn í fyrsta sinn, að þeir eiga eftir að koma aftur og aftur. Hún er bara einhvern veginn þannig borg. Eitthvað svo heimilisleg heimsborg.

Ef þig langar til Køben í haust skaltu bóka þína ferð á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

» Verð frá: **9,900 kr.** » Börn: **50%**

Aðra leið með sköttum og börum greiðslum.

Börn 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum. Fá heimingsafslátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

**Iceland Express**   
með ánægju



Okkur langar á Industrimuseet. Ef við mætum velja einn stað í heiminum til að velja muni inn í íbúðina okkar, þá væri þetta safn algjörlega málið. Best að skoða samt úrvalið fyrst og vera vandlát.



Okkur langar að kíkja á Nørrebro. Þar ægir öllu saman, alls konar fólk af ólíkum uppruna, ólík menning, allt ótrúlega spennandi. Ætli við byrjum ekki í kaffi á Laundromatinu, svo kannski sushi í hádeginu. Restin verður bara að ráðast, kannski bara versla?